


# HÚSAKÖNNUN Á BLÖNDUÓSI 2015

**TGJ**  
TEIKNISTOFA  
GUÐRÚNAR JÓNSDÓTTUR

TJARNARGÖTU 4, 4. HÆÐ, 101 REYKJAVÍK  
sími: 5627750 gsm: 8980381  
netf.: [tgj@tgj.is](mailto:tgj@tgj.is) vefsíða: [www.tgj.is](http://www.tgj.is)

## BLÖNDUÓS

1 : 10 000



Uppdráttur af Blönduósi frá 1914

# HÚSAKÖNNUN Á BLÖNDUÓSI

---

Húsakönnunin var styrkt af Minjastofnun Íslands / Húsaþriðunarnefnd

Að könnuninni hafa unnið:

Guðrún Jónsdóttir, ark. faí.  
Ragnheiður Ragnarsdóttir, ark.faí.  
Páll Jakob Líndal, dr. í umhverfissálfræði



TJARNARGÖTU 4, 4. HÆÐ, 101 REYKJAVÍK  
sími: 5627750 gsm: 8980381  
netf.: [tgj@tgj.is](mailto:tgj@tgj.is) vefsíða: [www.tgj.is](http://www.tgj.is)

Fyrsta útgáfa des. 2015  
Fjölritun: Prenta ehf.


Mynd á forsíðu: Uppdráttur af Blönduósi frá 1914

# EFNISYFIRLIT

---

Formáli.....		bls.	1	Skráning húsa: Aðalgata 1- 17 og Brekkubyggð 2.....	bls.	22-63
Inngangur - Blönduós brot úr þróunarsögu:				Hnjúkabyggð 4 /Koppagata.....		
Blönduós löggiltur verslunarstaður 1875.....				Skráning húsa: Blöndubyggð 1-14.....		
Brot úr þróunarsögu	Myndir.....		3	Skráning húsa: Brimslóð 2-14 .....		101-113
" "	Fyrstu aldimar.....		4	Blönduóskirkja gamla.....		114-117
" "	Fram að setningu laganna 1875.....		5	Skráning húsa utan ár.....		118
" "	Fyrstu verslunarmennirnir.....		6-8	Kvennaskólinn á Blönduósi.....		119-124
" "	Fleiri hús bætast við.....		9	Elsta Kaupfélagshúsið í Brautarhvammi.....		125-126
" "	Kirkjan frá 1895.....		10	Kaupfélagshúsið við Húnabraut.....		127-128
" "	Og fleiri hús bætast við.....		11	Niðurstöður varðveislu mats .....		129-131
" "	Slátturhús sunnan ár.....		12	Lokaorð.....		132
" "	Sjáflsþurftarbýlin í Klifamýri.....		13-15	Helstu Heimildir.....		133
" "	" " " og bæjarkjarninn		16			
" "	Fyrstu húsin utan ár.....		17			
" "	Fyrsta brúin yfir Blöndu og vegir að henni		18			
" "	Fjöldi íbúa og heimila á Blönduósi 1882...		19			
" "	Bæjarstemmningin.....		20			
" "	Ný brú yfir Blöndu.....		21			

# FORMÁLI



① Gamli bæjarkjarninn innan ár    ② Kvennaskólinn utan ár    ③ Hús Kaupfélagsins utan ár

- ◆ Hús sem eru til umfjöllunar í Húsakönnuninni
- ◆ Svæði, sem kemur við sögu í Húsakönnuninni, Klifamýri. Svæðið þarf nánari úttektar

Hér gefur að líta fyrstu útgáfu af húsakönnun fyrir afmörkuð svæði í þéttbýlinu á Blönduósi. Húsakönnunin er sett fram sem lifandi könnun, plagg, sem tekur breytingum, þegar og ef ný vitneskja berst um efni hennar og innihald.

Húsakönnuninni er skipt í nokkra kafla. Í inngangi er stutt yfirlit yfir helstu atriðin í þróunarsögu bæjarins fram á miðja 20. öld. Siðan eru teknar fyrir einstakar götur í elsta bæjarkjarnanum innan við ána og sagt frá sögu einstakra húsa við göturnar og gildi þeirra. Að því búnu er vikið að sjálfsþurftarbúskapnum í Klifamýri innan við á og byggingum þar. Þessi byggð er talin einhver merkasta sjálfsþurftarbyggð á Íslandi. Þetta svæði þarf að kanna miklu ítarlegar en tök hafa verið á fram að þessu.

Fyrir utan á eru síðan tekin fyrir tvö svæði. Annars vegar lóð Kvennaskólans og byggingar, sem þar hafa verið reistar. Hins vegar er drepði á Kaupfélagstorfuna, sem er nær Blönduóshöfn. Ekki hefur enn verið unnt að kanna það svæði nægilega og þarf að gera það betur.

Að síðustu er samantekt yfir helstu niðurstöður þessarar skýrslugerðar eins og hún liggur fyrir nú.

Óhætt er, eftir samantektina, að fullyrða að hér er á ferðinni merkilegur og mjög sérstakur bær, sem vanda þarf til varðveislu á.


Eins og fram kemur í skýrslunni hefur gamli bærinn legið í hálfgerðum dvala um nokkuð langan tíma. Nú er fólk hinsvegar farið að taka við sér og ný starfsemi farin að skjóta upp kollinum á svæðinu. Þá er mikilvægt að átta sig á því að vanda þarf til við alla umhverfismótun og ákvarðanatöku svo einn ofbjóði ekki öðrum. M. ö.o. mótuð sé byggð, sem er í jafnvægi, er aðlaðandi og býður af sér góðan þokka.

Margir heimamenn á Blönduósi hafa aðstoðað við að útvega efni í þessa húsakönnun. Vil ég þá fyrst nefna Jóna Arason í Skuld, sem hefur reynst sannur vinur og velgjörðarmaður í þeim efnunum. Guðmundur Paul Scheel-Jónsson, skjalavörður hefur veitt ómetanlega hjálp við myndaöflun. Þá hefur verið aflað upplýsinga hjá Unnari Agnarssyni, Bjarna Pálssyni, Huldu Leifs dóttur og loks Elsu Sigurgeirs dóttur, sem lengi vann mikið í ýmsum merkum málum á Blönduósi.

Húsakönnun sem þessi getur styrkt sjálfsvitund íbúanna og þekkingu þeirra á viðfangsefninu. Bæjaryfirvöldum er þökkuð samvinnnan á liðnum árum.

F.h. Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur

# INNGANGUR - Blönduós / brot úr þróunarsögu



Byggðin á Blönduósi stendur í skál þeirri, sem hreyfing á landhæð og Blanda hafa mótað í aldanna rás. Skálarbotninn er í megindráttum tvískiptur. Neðri stallur, sléttlendið næst Blöndu sunnanmegin, þar sem fyrsta byggðin reis, að brekkunni sem gamla kirkjan stendur undir og norðan ár frá Blöndu að brekkum sem eru þar nokkru ofar og svo efi stall, sem gengur frá brekkunni við kirkjuna að Háumelum þar fyrir sunnan. Norðan ár nær efi stallurinn að Skúlahorni og melunum þar austur af. Þetta skálarform er mjög sérstakt og fallegt, auk þess að hafa ótvírækt náttúruverndargildi.

Auk hinna jarðfræðilegu sérkenna staðarins eru litbrigðin í ánni, Húnaflóa, Vatnsnesinu, Strandafjöllum, Spákonufellsborginni og Skagastrandarfjöllunum mjög áhrifarík og einkennandi fyrir staðinn. Samspil blárra lita við græn tún sunnan Blöndu gera staðinn enn einstakari og auka á fagurfræðilegt gildi umhverfisins.



## BLÖNDUÓS LÖGGILTUR VERSLUNARSTAÐUR ÁRIÐ 1875

Þéttbýlisstaðir á Íslandi eiga sér fæstir langa sögu. Þegar litið er á Íslandskortið sést að þéttbýlisstaðir hafa fram á síðustu ár nær eingöngu risið við ströndina. Við Húnaflóa má helst nefna þessa verslunarstaði: Blönduós, Borðeyri, Hvammstanga, Reykjarfjörð (Kúvíkur), Skagaströnd og Hólmavík, (Skeljavík). Mest umsvif voru öldum saman á Skagaströnd, en þegar leið að lokum 19. aldar dró mjög úr verslun þar og tók þá Blönduós við og hefur lengst af síðan haldið forystu sem verslunar-, þjónustu-, og stjórnsýslumiðstöð Húnvetninga við Húnaflóa.

Gamli bærinn á Blönduósi 2015

## INNGANGUR - Blönduós / brot úr þróunarsögu - myndir




Litbrigði og landslag - Útsýni frá brekkunni sunnan ár yfir á Skaga, sumarið 2013 (ljósm. RR)



Á myndinni f. neðan sést frá efri skálinni niður á neðri skálina, rétt fyrir aldamótin 1900 þegar fyrstu húsin eru risin (ljósm. Daniel Bruun)

# INNGANGUR - Blönduós / brot úr þróunarsögu - fyrstu aldirnar



Myndin er tekin í sandinum sunnan ár, þaðan er útsýni m.a. út á Skaga og á Spákonufellið (þjósm. B. Gísladóttir)

## FYRSTU ALDIRNAR

Blönduós kemur við sögu þegar í Landnámbók, en þar er greint frá því að „Ævar gamli komi skipi sínu í Blönduós“ (Ísl. Fornrit I, bls. 225), en hann nam Langadal.

Í Vatnsdælasögu segir frá Ingimundi gamla, er kom á skipinu Stíganda í Blönduárós (Ísl. Fornrit III, bls. 4).

Af þætti Þorleifs jarlaskálds má ráða að einhver verslun hafi verið við Blönduós í lok 10. aldar. Þar segir frá því er Þorleifur kaupir sér skip af kaupmönnum er uppi stóð á Blönduósi (Flateyjarbók I, bls. 229, Ísl. Fornrit IX, bls. 216). Þá má benda á frásögn í Hungurvöku, þar segir frá því er Magnús Einarsson var kjörinn Skálholtsbiskup 1133. Hann ætlaði utan til vígslu þá um sumarið en „varð afturreka í Blönduós“ í það skiptið (Biskupasögur I, bls. 20 ).

Þótt Blönduós komist á blað á þjóðveldistímanum er þó vafalaust að Borðeyri var um þær mundir aðalverslunarstaðurinn við Húnaflóa. Með stofnun einokunarverslunarinnar urðu Reykjafjörður og Skagaströnd aðalverslunarstaðirnir á þessu svæði.

Í Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar frá árunum 1752-1757, sem Eggert samdi eru nefndar þjár hafnir Norðanlands, sem þar hafi verið helstar í fornöld. Í Húnvatnssýslum hafi það verið Blönduós.

Í Ferðabók Ólafs Ólaviusar, sem er frá 1775-1777 segir svo um Blönduós: „Fyrir framan óskjaftinn er sandrif, sem stendur upp úr sjó um fjöru. Það breytist stöðugt af brimróti og ísreki. Þess er því ekki að vænta að um höfn verði að ræða á þessum stað sakir grynnninga á rifinu, en þar er hvergi yfir tveggja álna dýpi. Það er nokkurn veginn víst, að ósinn hefur breyst síðan í fornöld, enda þótt skip fornmanna hafi verið með flatari botni en nú.“ Í þessari ferðabók er getið um Húnaós, sem er skammt suðvestur af Blönduósi og að full ástæða sé til að ætla að hann sé nýtileg höfn litlum skipum bæði summar og veturn. Þá segir að kunnugt sé af fornsögum, að ósinn hafi verið notaður sem höfn. Sé það einnig sannað af búðartóftum, sem enn sjást leifar af við ósinn utan og norðan við Geirastaði.“

# INNGANGUR - Blönduós / brot úr þróunarsögu fram að setningu laganna 1875

Svo bætir höfundur við ; „Hið sama vitum vér um Blönduós, en hitt er ókunnugt hvort heldur skipin hafa fleytt sér inn í sjálft Hópið eða þau hafa legið utan við eða í sjálfum Hópónum ( Bjargói ). Ekki vita menn heldur hvar búðirnar hafa staðið.“ Það sem nú hefur verið rakið gefur ljóslega til kynna, að menn hafa á þessari tíð haft litla sem enga trú á að verslun kæmi til við Blönduós og ekki verður séð, að þaðan hafi róðrar verið stundaðir þannig að á bækur væri skráð.



Horft yfir óslnn tll suðvesturs - (ljósm. RR)

Í hugmyndum sem fram komu á 18. öld var gert ráð fyrir því að Akureyri yrði aðalhöfn eða verslunarmiðstöð Norðurlands, t.d. var svo í tillögu sem Skúli Magnússon landfógeti gerði árið 1757, um að úthafnir við Húnaflóa skyldu vera Skagaströnd og Reykjarfjörður. Samkvæmt tilskipun frá 1816 skyldu þessir staðir vera „autoriseraðir útleggjarastaðir“, en skv. opnu bréfi frá 1834 skyldu þessir staðir heita „autoriseraðir höndlunarstaðir“.

Þegar ritað var um hafnarskilyrði allt fram á 20. öld var öllu minna lagt í það orð en nú gerist. „Hafnir kalla menn þau skipalagi, þar sem skip geta legið lengri eða skemmri tíma þar verður að vera hlé fyrir vindum, brimi og úthafssöldu, skerjalauast, nægilegt aðdýpi og góður botn“ ( Þorvaldur Thoroddsen: Lýsing Íslands, III, 1907). Hugtakið höfn þurfti ekki skv. þessu að fela í sér að um neitt mannvirkni væri að ræða.

Af því sem áður er fram komið hlaut verslun Húnvetninga lengst fram á 19. öld að vera bundin við Skagaströnd. Hér var um að ræða langa verslunarleið fyrir marga auk þess sem leiðin lá um vegleysur, erfið vatnsföll og margs konar torfærur. Þar við bættist að hafnarskilyrði á Skagaströnd voru fjarri því að vera hagstæð enda skipströnd þar til. Þetta og ýmislegt fleira kemur fram í bænaskrá sem 148 Húnvetningar sendu Alþingi, þar sem farið var fram á að fá löggið annan verslunarstað í sýslunni. Í bænaskránni var sérstaklega bent á Blönduós.

Sama dag og bænaskráin var lögð fram á Alþingi 8. júlí 1875 ásamt ýmsum gögnum til fekari rökstuðnings lögðu þingmenn Húnvetninga þeir Ásgeir Einarsson á Þingeyrum, 1. Þingmaður Húnvetninga og Páll Jónsson í Dæli fram frumvarp til laga um löggingu verslunarstaðar við Blönduós. Flutningsmenn höfðu m.a. þau rök sem áður greinir fyrir málínu, að kaupstaðarleiðin væri mjög erfið yfirferðar, ástand verslunarmála á Skagaströnd mjög bágborið og höfn væri þar „hin argasta“, en skipalega á Blönduósi hafi reynst góð.

Málið hlaut harða gagnrýni. Meðal þeirra sem mæltu gegn var Þórður Jónasson yfirdómari, sem var að jafnaði andvígur löggingu nýrra verslunarstaða. Ásgeir fylgdi málínu fast eftir og svo fór að löggingin var samþykkt sem lög nr. 21/1875. Í framhaldi af því var heimilt að mæla út sjö verslunarlöðir innan við Blöndu og tvær lóðir utan árinnar.

# INNGANGUR - Blönduósi / fyrstu verslunararmennirnir - lóðir þeirra og hús




Thomas J. Thomsen

Sumarið 1875 heimsótti Thomas Jarowsky Thomsen kaupmaður og spekulant Blönduós. Hann hafði áður staðið fyrir verslun á Hólanesi (Skagaströnd) og Borðeyri. Árið eftir byggði hann verslunarhús á árbakkanum sunnan við Blöndu, en hann kom með húsgrendina sjóleiðis tilhöggna frá Noregi beint í Blönduós. Hann verður því að teljast fyrsti landnámsmaður þessa nýja verslunarstaðar, en fyrsti heimilismaður á Blönduósi var Sigvaldi Benediktsson Blöndal, sem er eini skráði íbúinn þar 1876 ( Föðurtún bls. 190, höf. Páll V. G. Kolka ). Árið 1877 endurbyggði Hillebrandt frá Hólanesi, mágur Thomsen, aðra búð austur af búð Thomsen, sem hann tók niður á Skagaströnd og kom með til Blönduóss.

Íshús Höephnersverslunar var byggt norðarlega á lóð verslunarinnar árið 1900.

Águst á Hofi í Vatnsdal keypti húsið, þegar verslunin hætti árið 1929 og flutti það í Hof, þar sem húsið stendur nú.

Sumarið 1877 voru þeir mágar gestkomandi uppi í Hnjúkahlíð og drukku þar fast. Fóru þeir þaðan seint um kvöld og kom Thomsen ekki fram. Var hans þá leitað og fannst hann örendur í flæðarmáli nokkuð upp með Blöndu. Lagðist sá grunur á Hillebrandt að hann hefði orðið honum að bana, en ekki mun hafa verið fótur fyrir því.



Blönduós árið 1877 í fyrrí hluta júní, þegar Thomsen er enn á lífi

# INNGANGUR - Blönduósi / fyrstu verslunarmennirnir - lóðir þeirra og hús



Jóhann G. Möller



Alvilda Möller



Myndin t.v. er tekin innanúr Höephnersverslun  
(áttal óvist)

Eftir lát Thomsen keypti Jóhann G. Möller, sem var giftur Alvildu systur Thomsen, íbúðarhús og sölugúð hans og fjórum árum síðar verslunarhús Hillebrandts og rak þar verslun til dauðadags árið 1903. Sölugúð Thomsen var lengi kölluð Möllersbúðin. Hún brann árið 1914, þar stendur nú samkomuhús verkalýðsfélagsins. Hillebrandtshús skipti oft um eigendur. Árið 1940 keypti Björn Einarsson húsið og notaði það fyrir íbúð og verkstæði. Árið 1992 eignaðist bæjarsjóður Blönduóss húsið. Það var gert fallega upp árið 1993 og hýsir nú Hafíssafnið á Blönduósi.

Fyrsta eiginlega íbúðarhúsið sem reist var á Blönduósi var veglegt íbúðarhús Möllers kaupmanns, sem Thomsen byggði árið 1877 rétt áður en hann lést og Möller keypti og fjölskylda hans bjó í árin þar á eftir. Það brann árið 1913, þar stendur nú Sæmundsenshús. Á árunum 1881-1882 byggði Höephner kaupmaður hús í Sandinum vestur undir sjó og voru það sölugúð, íbúðarhús og geymsluhús nokkru vestar. Það síðastnefnda var síðan rifið og byggt úr því íbúðarhús í Blöndudalshólum (sjá mynd\*), en hin húsin tvö standa bæði við Brimslóð. Um Bræðslubúðina er ekkert vitað.



# INNGANGUR - Blönduósi / fyrstu verslunarmennirnir - lóðir þeirra og hús



Pétur J. Sæmundsen, verslunarstjóri hjá Höephner 1884-1913



Magdalena Sæmundsen, kona Péturs. Sonur þeirra, Evald var verslunarstjóri þar frá 1913-1922

Þar var lengst verslunarstjóri Pétur Sæmundsen (d. 1915), starfsmaður mikill og áræðanlegur í viðskiptum, en oft ómjúkur á manninn. Jóhann G. Möller var hins vega brjóstgóður og talinn öllu mykri í viðskiptum. Hann setti mjög svip á kauptúnið á þessum árum. Hann var athafnamaður mikill, en efnahagur hans var jafnan þrengri, en út leit á yfirborði, enda harðæri mikil í héraðinu á milli 1880 og 1890 og verslunarskilyrði því slæm. Hann átti bágtr með að neita nokkurs manns bón og lofaði þá stundum upp í ermi sína, en Sæmundsen kunni fótum sínum forráð í þeim eftum. Hjá honum var það jafnan skoðað sem loforð, ef hann gaf ekki afsvar þegar í stað, en þá þyddi lítið að reyna að telja honum hughvarf. Þó var að sögn einn maður, Teitur á Kringlu, frægur fyrir það að breyta Sæmundsen til undanlátssemi, ef hann vildi hafa eitthvað út úr honum. Var það viðkvæði Sæmundsens, er hann sá Teit koma í kaupstaðinn: „Andskotans Teitur, upptekinn í dag, upptekinn í dag.“

Möller ræktaði fyrstur tún á Blönduósi, rak nokkra útgerð, bæði frá Blönduósi og Eyjarnesi og um tíma útibú á Hvammstanga. Þegar sýslumaður settist að á Blönduósi og flutti frá Kornsá 1898 byggði Möller hús yfir embættið. Var húsið brátt kallað Líkkistan vegna lagsins á þakinu. Þegar sá hinn sami sýslumaður Gísli Ísleifsson (sýslumaður frá 1897-1912) giftist Lucinde dóttur Möllershjónanna reisti Gísli yfir þau stórt hús, sem stendur enn og er nú elsti hlutinn af Hótel Blönduósi, byggt á árunum 1900. Þá létt Jóhann reisa hús árið 1896 við Blöndubyggð 6, sem ætlað var starfsmönnum Möllersverslunar.



Sýslumannshúsið við Aðalgötu fyrir 1930



"Líkkistan" á miðri mynd / Langiskúr t.h. við hana - 1930




Blöndubyggð 6 / starfsmannahús Möllersverslunar  
Mynd frá um 1900

# INNGANGUR - Blönduós / brot úr þróunarsögu - fleiri hús bætast við

Þar fyrir vestan við austurhlíð Hillebrandsthúss reisti Möller salthús og fiskverkunarhús, Langaskúr, sem byggður var 1891, þar sem verkaður var saltfiskur til útflutnings. Bræðslubúð Höefphnersverslunar var þar rétt hjá, sem nefnd var Lágafell eða Kristjanía. Sumarskrifstofu fyrir verslun sína reisti Möller svo austan við Thomsensbúð/Möllersbúð. Austan við Langaskúr var afgirt svæði. Það var fyrir sláturfénað (blóðvöllur). Rétt fyrir ofan Thomsensbúð/Möllersbúð voru myndarlegar torfbyggingar. Það voru útihús Thomsens, síðar Möllers. Þessi hús eru öll horfin nema Hillebrandsthús. Langiskúr var notaður til íbúðar fram yfir miðja 20. öld.

Þegar aukalæknisembættið á Blönduósi var stofnað 1897 fengu læknar aðstöðu í Líkkistunni, og árið 1906 er farið að hreyfa því að koma upp sjúkraskýli í húsinu og leyfa samskot til þess, að málid gæti orðið að veruleika. Málid fékk líttinn framgang. Þá var gripið til þess úrræðis að setja millifundanefnd í málid. Árið 1913 létt sýslan loks af hendi rakna 150 kr. og var héraðslækni ætlað að taka á leigu fyrir þá fjárhæð afdep fyrir sjúklinga. Húsnæðið, sem varð fyrir valinu var stærsta herbergi í Líkkistunni, en þar voru samtals fjögur herbergi. Nægði það fyrir 1-2 sjúkrarúm. Reksturinn hófst árið 1913.

Næsta ár voru rekin þar tvö sjúkrarúm, en aðeins í 9 mánuði, því tilhlýðilegt þótti að loka aðstöðunni um sláttinn. Þann 1. júni 1915 var starfseminni lokið. Árið 1916 er aftur fitjað upp á sjúkrahúshaldi á Blönduósi og aftur í leiguþúsnæði. Í þetta sinn í húsi Zophoníasar Hjálmssonar. Herbergin þar voru fimm talsins og voru tvö þeirra gerð að sjúkrastofum sem rúmuðu fjóra sjúklinga. Sjúkrahús þetta starfaði árin 1916 og 1917. Árið 1918 er ekki getið sjúklinga þar og 1919 er sagt að húsnæðið hafi ekki fengist leigt. Þá er héraðslæknaskipti verða í Blönduóshéraði 1922 kaupir sýslunefnd Austur-Húnvatnssýslu fasteignir fráfarandi héraðslæknis Jóns Jónssonar á staðnum þ.e. íbúðarhús hans ásamt geymsluhúsi, og vænum túnbletti austan við þorpið, svonefndu læknistúni. Læknishúsið sem reist hafði verið árið 1903 keypti sýslan í því skyni að gera það að læknisbústað héraðsins með hæfilegum viðbyggingum og jafnframt sjúkrahúsi. Svo skjött var hafist handa um húsabæturnar að árið 1923 er sjúkrahúsið þegar komið í gagnið og tekur fljóttlega 9 sjúklinga. Eftir stækkan gat sjúkrahúsið hyst 15 sjúklinga. Í þessum húsakynnum var sjúkrahúsið rekið allt til ársloka 1955, er lokið var byggingu stórhýsis fyrir starfsemina á fyrnefndu læknistúni ofan Blöndubrúar.



Læknishúsið við Aðalgötu 5, reist árið 1903 t.v. á mynd - Áfast við það er síðan spítalinn. (Aðalgata 7), sem reistur var 1922-23 og stækkaður 1929. Fremst á mynd t.h. er hús Zophoníasar Hjálmssonar (Aðalgata 9), sem var nýtt sem sjúkraskýli um tíma. Myndin er tekin um 1930 en teikningin t.v. er gerð eftir mynd frá 1926 og er þá ekki búið að stækka spítalann í endanlega stærð.

# INNGANGUR - Blönduós / brot úr þróunarsögu - kirkjan frá 1895




Gömul mynd (ártal óviss) Tíraun t.v. við kirkjuna og Brekkubær eða Stebbabær t.h. (húslóð brann)

En það voru fleiri þættir opinberrar stjórnsýslu, sem þurftu að fá aðsetur á Blönduósi á þessum síðasta tug 19. aldar. Frá fornu fari hafði kirkja og prestsetur sóknarinnar verið á Hjaltabakka. Í kaþólskum sið var kirkjan þar helguð heilögum Nikulási. Árið 1881 var Hjaltabakkasókn lögð til Þingeyra, en kirkjan var áfram á Hjaltabakka. Við svo búið mátti ekki standa og var byggð ný kirkja á Blönduósi. Hún var vígð í ársbyrjun 1895. Prestsetri fluttist hins vegar frá Hjaltabakka að Steinnesi í Þingi. Kirkjulóðin var mörkuð undir brekkunni rétt við Aðalgötuna og er kirkjan hið fugursta hús.



Elsta myndin af kirkjunni - hugsanlega frá vígslu hennar 1895



Blönduós árið 1898

# INNGANGUR - Blönduós / brot úr þróunarsögu - og fleiri hús bætast við

Nokkuð austan við hús starfsmanna Möllers (Friðfinnshús) reisti Magnús verslunarmaður frá Flögu stórt timburhús árið 1905, íbúðarhús og verslun. Timburhús þetta brann árið 1922 og byggði þá Magnús nýtt steinsteypt hús á rústunum og verslaði í því húsi til 1937. Það hús er nú nr. 10 við Blöndubyggð.

Nokkru nær Hillebrandtshúsi reisti Jón Beykir Skagfjörð sér bæ og bjó þar með konu sinni hinni skorulegu og orðhvötu Solveigu Skagfjörð. Þar reis síðar íbúðarhús Kristins verslunarmanns Magnússonar frá Kleifum, nú Blöndubyggð 8.

Skammt austan við hús Magnúsar frá Flögu er einn af elstu torfbæjunum á Blöndúsi, Ólafshús. Hann byggði Sigurður snikkari Helgason frá Gröf, afi hálfbræðranna Sigurðar Nordals, prfessors, og Jóns Eyþórssonar, veðurfræðings. Sigurður snikkari andaðist það sama ár. Árið 1880 reisti Guðrún ekkja hans sér annan bæ, Guðrúnarhús, nær bakka Blöndu. Ólafshús var um tíma þinghús Torfalækjarrepps. Í Ólafshúsi bjó Ingibjörg Lárusdóttir (d. 1949), dótturdóttir Bólu-Hjálmars, í meira en hálfa öld, hún var gift Ólafi Ólafssyni (d. 1930). Upprunalegi bærinn virðist nánast horfinn. En svæðið þarfnað nánari skoðunar.

Eitt er það hús, sem geta þarf um í bænum, sem gegndi þar miklu hlutverki frá fyrstu tíð. Það var Vertshús Jóhanns Jasonarsonar, sem reist var árið 1877. Árið 1885 eignaðist húsið Kristján smiður Halldórsson og kona hans Sigríður „vert“ Sigurðardóttir. Þau voru foreldrar Margrétar konu Þorsteins Bjarnasonar, oddvita og kaupmanns, sem rak síðar umsvifamikla starfsemi og verslun í Aðalgötu og síðar tengdasonur hans Konráð Diametesarson. Veitingahúsið brann árið 1918 og var ekki endurbýggt.



Verslun Magnúsar Stefánssonar



Ólafshús

# INNGANGUR - Blönduós / brot úr þróunarsögu - sláthús sunnan ár

Meðal þeirrar voru sem kaupmennirnir á Blönduósi fluttu út fyrir bændur á þessum tíma voru ull, gærur, tólg, saltað kjöt auk saltfisks.

Slátrun verslananna fór fyrst fram á blóðvöllum undir berum himni, en árið 1908 var stofnað samvinnufélagið Slátfelag Austur-Húnvetninga. Það byggði þá um haustið fyrsta sláthúsið á staðnum. Hinar verslanirnar komu í kjölfarið og byggðu hús fyrir slátrun sína og var Höephnersverslun ein þeirra. Höephnersverslun byggði sitt sláthús sunnarlega á lóð sinni 1912 og stækkaði það 1915. Var það þá orðið um  $37 \times 7 \frac{1}{2}$  metrar að stærð. Húsið var timburgrind með járni á veggjum og þaki. Steypt gólf voru á sláthúsinu. Við þann vegg hússins, sem næst sneri ánni var yfirbyggð fjárrétt, töluvert stytti en húsið. Helgi Sveinbjörnsson smiður keypti þessi mannvirkri 1947. Húsin brunnu nokku síðar. Helgi byggði á rústunum nýtt hús og seldi Búnaðarsambandi Austur-Húnvatnssýslu. Síðar byggði Zophonías Zophoníasson neðan við nyrðri hluta hússins, hús sem lá þvert á það.

Aftan við verslun Þorsteins Bjarnasonar var sláthús, sem enn stendur.

Niður undir Blöndu austan við Hillebrandtshús var Langiskúr, sem Möller byggði 1891. Hann er nú löngu horfinn, en var upprunalega notaður fyrir salt og fiskverkun. Húsinu var síðar breytt í íbúðarhús og búið í því fram á miðja 20. öld.

Með tilkomu eflingar starfsemi kaupfélagsins uppúr aldamótunum utan ár og byggingu sláthúss þar, breyttist þetta og starfsemi sláthúsanna innan ár fór dvíndi.



Sláthús Þorsteins Bjarnasonar hægra megin á mynd á bak við þvottsnúrur



Langiskúr t.h. á mynd

Sláthús Höephners fremst t.v. á mynd



# INNGANGUR - Blönduós / brot úr þróunarsögu - sjálfspurftarbýlin í Klifamýri

Upp úr aldamótunum 1900 fóru ýmsir iðnaðar- og verkamenn að byggja sér smábæi á víð og dreif um mýrina, við bæjarkjarnann sunnan Blöndu, en torsótt var heim að sumum þeirra, því að illreiðar keldur voru á leiðinni og mógrafirnar eins og virkissíki umhverfis mannabústaðina. Nú er mýrin öll orðin að túni, en bæirnir hafa smám saman verið að tína tölunni. Þarna voru yfirleitt á ferðinni yfirlætislausir, oft fagurlega mótaðir grasigrónir torfbær með hvítum þiljum. Hér skulu nokkur þessara smábýla nefnd og staðsetning þeirra jafnframt sýnd á upprætti og í myndum.

Í bókinni Bæirnir byggjast eftir Páll Líndal er á bls.396 verið að fjalla um þetta svæði á Blönduði þar segir: „Með þessu er eins og textinn ber með sé, ekkert um húsagerð eða skipulag sagt, en því má skjóta inn, að í Morgunblaðinu segir haustið 1918, að í engum öðrum kaupstað hér á landi muni vera jafnmargir torfbærir og á Blönduði. „Heilt hverfi þorpsins eru eintómir torfbærir og fer það vel, en þó hefur þess eigi verið gætt að koma þeim skipulega fyrir og eru það sjálfskaparviti. Torfbæjahverfi, þar sem bæjum er skipað í réttar raðir og græn tún og kálgarða eru mjög snotur og heppilegri bústaðir verkamanna en rakasamar og kaldar kjallaraholur.“ Á myndunum eru sýnd nokkur dæmi um torfbæi, sem voru á svæðinu og nú eru horfnir.



Dæmi um torfbæ frá svæðinu (heiti óvisst / staðs. óviss / ártal óvisst)



Möllubær / Þramarholt - (staðs. óviss / áó)



Baldurshagi - bær Indriða Jósepssonar (staðs. óviss / áó)

# INNGANGUR - Blönduós / brot úr þróunarsögu - sjálfspurftarbýlin í Klifamýri



Maríubær og Fögruvellir (staðs. á bakka Blöndu / áó)  
Kvennaskólinn í baksýn



Grænamýri



Stefánsbær / Brekkubær undl brekkunni f. ofan klrkjuna (áó)



Sumarliðabær (staðs. óviss / áó)



Sumarliðabær (staðs. óviss / áó)

# INNGANGUR - Blönduós / brot úr þróunarsögu - sjálfspurftarbýlin í Klifamýri

Hér verða nokkur býli nefnd. Fyrst eru það býlin, sem næst stóðu Blöndu s.s. Einarsnes, sem byggt var um aldamótin 1900, Bali, Hús Laxa-Þórðar ( Þórðarhús ), Árbær og Brúarland. Nokkru ofar voru Hvannatún og Pálmalundur. Undir brekkuni ofan við túnini voru svo Brautarholt, Vegamót, Sólheimar og Gústubær.

Þar sem Pálmalundur stóð áður má enn greina líttin trjá- og blómagarð og sama á við um Hvannatún þótt mannvirkin séu horfin og kann svo að vera um fleiri af þessum býlum ef betur er að gáð. Hér er á ferönni ákveðið búsetumynstur, sjálfspurftarbúskapur, sem tíðkaðist í íslenskum þorþum á þessu tímabili. Fólkid sem þarna bjó átti sumt nokkur húsdýr, heyjaði ofan í þau og ræktaði smá garð við húsin sín. Þetta byggðamynstur á Blönduósi var eins og fram er komið öðruvísí, umfangsmeira og samfaldara en í flestum öðrum kauptúnum á Íslandi. Sjá einnig skýrslu Byggðasafns Skagfirðinga um þetta efni.




Einarsnes (21b)



Bali (21)



Þórðarhús (22)



16 Lindarbrekka • 17 Vegamót • 18 Brautarholt • 19 Hvannatún • 21 Bali • 21b Einarsnes • 22 Þórðarhús • 23 Árbær • 24 Pálmalundur • Brúarland



Pálmalundur (24)

# INNGANGUR - Blönduós / brot úr þróunarsögu - sjálfsþurftarbýli og bæjarkjarninn




Lindabrekka / Gústubær - Þaðan byggði Zophonias Hjálmsisson



Sléttá - Hús Ellerts Bergssonar  
(staðsetn. óviss / áó)



Hús Jóhanns Jóhannssonar stóra (staðsetn. óviss (áó)




Blönduós árið 1935

# INNGANGUR - Blönduós / brot úr þróunarsögu - fyrstu húsin utan ár, kvennaskólinn og kaupfélagið



Eista kaupfélagshúsið á Blönduósi reist 1898 utan við Blöndu í landi Ennis



Verlunarhús Kaupfélagsins reist utan Blöndu 1909-1912 - bakhús yngra



Gamla Kvennaskólahúsið á Blönduósi reist 1901. Það brann 1911



Norðurhlíð



Suðurhlíð



KVENNASKÓLINN Á BLÖNDUÓSI reistur 1911  
Upplættir Einar Erlendssonar  
Upplækn. s. ómálssett ljósriti: TGJ 2015

En víkjum þá aftur að sjálfa þéttbýlinu. Nú eru aldamótin óðum að nálgast og árið 1896, nokkrum árum eftir að byggð hófst innan við ána, voru mældar út tvær verslunarhlóðir utan við Blöndu í landi Ennis. Á annari lóðinni reisti Ole Möller hús, sem Jóhann Möller, bróðir hans, eignaðist nokkru síðar. Á hinni lóðinni var reist verslunarhús í eigu Pöntunardeildar Svínvatnshrepps. Ári síðar keypti Kaupfélag Húnvetninga húsið. Húsið var byggt 1898 á undan húsi Ola Möller. Þetta hús stendur nú á ferðamannasvæðinu í Brautarhvammi og gegnir þar hlutverki upplýsingamiðstöðvar. Þetta var fyrsta bygging Kaupfélags Húnvetninga á Blönduósi, en árið 1909 byggði Kaupfélag Húnvetninga stórt verslunarhús á sama svæði, sem leysti fyrsta húsið af hólmi. Umsvif Kaupfélagsins jukust svo með árunum á þessum stað. Byggð fyrir utan á, í landi Ennis, hafði í raun hafist árið 1897, en þá reisti Guðmundur Guðmundsson þar bæinn Grund, sem nú er löngu horfinn.


Heimild: P. Sæmundsen i Húnabíngi 1 og Jón Arason

Árið 1901 var stór menntastofnun flutt frá Ytri-Ey til Blönduóss skv. ákvörðun sýslunefndar og byggt yfir starfsemina veglegt timburhús. Þetta var Kvennaskólinn. Húsið var staðsett á ytri bakka Blöndu. Þetta hús brann árið 1911. En menn létu ekki deigan síga og sama ár var reist enn stærra hús yfir Kvennaskólann á sama stað. Annaðist Einar Erlendsson gerð uppdráttu í samráði við Jón Þorláksson landsverkfræðing. Húsið er kjallari, tvær hæðir og ris. Húsið er með steinsteyptum veggjum og burðarvirki, en hæðaskil eru úr timbri og sumir milliveggir. Kvennaskólinn hefur alltaf verið veigamikill þáttur í bæjarmyndinni á Blönduósi.


# INNGANGUR - Blönduós / brot úr þróunarsögu - fyrsta brúin yfir Blöndu, vegir að henni ofl.

Á árunum eftir löggildingu Blönduóss sem verslunarstaðar fóru hugmyndir um tillögur í samgöngumálum staðarins að skjóta upp kollinum. Enda má telja með nokkurri vissu að samgöngubætur á Blönduói hafi verið í molum á tímabilinu 1876-1894, að öðru leyti en því, að ferja mun hafa verið í ósnum á Blöndu. Árið 1877 hreyfði Erlendur í Tungunesi hugmynd um Blönduósbryggju. Nokkrum árum síðar eða árið 1892 ritaði Jóhann G. Möller sýslunefnd um nauðsyn bryggjugerðar. Málið fékk góðar undirtektir bæði á Alþingi og í sýslunefnd. Blönduósbryggja var svo byggð á árunum 1894-1895. Því fór svo að fyrsta fjárveiting til lendingarþóta á Íslandi fór til Blönduósbryggju. Þá varð einnig gífurleg breyting á stöðu Blönduóss þegar samþykkt voru lög nr. 21/1895 um brúargerð á Blöndu. Í framhaldi af samþykkt laganna hófst brúargerðin og henni lauk árið 1897. Brúin sem var stálgrindabréu á steinlímduum stöplum var byggð rétt ofan við Neðra Klif, sem svo er nefnt. Áður hafði aðalþóstleiðin verið ofan ( austan ) við staðinn á vaði um Hrafnseyri, sem var nokkru neðar en Breiðavað, þar sem kaupstaðarleiðin til Höfðakaupstaðar lá yfir Blöndu.

Blönduós



Árið 1898 sækir Sýslunefnd Húnvatnssýslu um 1000 kr. til landshöfðingja úr landssjóði til lagfæringer og byggingar vegar báðum megin Blöndubrúar. Árið 1910 var lagður vegur frá brúnni að bryggjunni á kostnað ríkis og sýslu. Fyrsti vegurinn, sem tengdist brúnni innan ár ( þjóðvegur 1 ) var lagður nálægt árbakkanum, vegurinn sveigði síðan inn í bæjarkjarnann við Aðalgötu og lá þaðan upp sneiðinginn rétt fyrir ofan hús Þorsteins Bjarnasonar, þaðan yfir flatlendið þar fyrir ofan upp á Háumela og síðan áfram í átt að Hjaltabakka.



Í bókinni Föðurtún eftir Pál V. Kolka segir að árið 1897 megi teljast eitt mesta merkisárið í sögu kaupstaðarins. Því þá var byggð fyrirnefnd brú á Blöndu og læknir og sýslumaður tóku sér þar bólfestu. Það var hinsvegar ekki fyrr en ári síðar 1898, sem sýslumaðurinn fluttist frá Kornsá til Blönduóss. Nokkru fyrr, þ. 15. janúar 1895 var Blönduóskirkja vígð, en hún var byggð árið 1894.

Árið 1891 var Sparisjóður Húnvatnssýslu stofnaður á Blönduói. Fyrsti gjaldkeri sjóðsins var Pétur Sæmundsen og gegndi hann því embætti til ársins 1906. Þá tók við Böðvar Þorláksson og gegndi hann embættinu til ársins 1922. Þetta var til mikilla hagsbóta fyrir staðinn. Árið 1899 flutti póstafgreiðsla frá Sveinsstöðum til Blönduóss, en hafði áður einungis verið bréfhirðing frá 1892. Póstafgreiðsluna annaðist fyrstu árin Gísli Ísleifsson sýslumaður. Árið 1909 varð Böðvar Þorláksson póstafgreiðslumaður. Póststofan fór þá í húsi hans, Böðvarshús. Fyrsta símstöðin var í húsi Zophoníasar Hjálmssonar árið 1906 og var Zophonías símstöðvarstjóri til 1911. Þá var stöðinni lokað vegna ósamkomulags um styrk til hennar. Árið 1912 var stöðin opnuð að nýju og nú í Tilraun og var hún þar til 1930.

# INNGANGUR - Blönduós / brot úr þróunarsögu - fjöldi íbúa og heimila á Blönduósi 1882

---

Árið 1882 voru íbúar á Blönduósi orðnir 48 og heimilin 7. 10. febrúar 1878 fæddist fyrra barnið á Blönduósi Jónína Sigurrós, dóttir Jóhannesar Jasonarsonar, veitingamanns, og konu hans Maríu Jónsdóttur

## Heimilin voru eftirfarandi:

1. Höephnershús
2. Skagfjörðshús þeirra Jóns beykis og Solveigar
3. Hús Guðmundar Jónssonar borgara, sem áður var lyfjaafgreiðslumaður í Hnausum. Kona hans var Una Gísladóttir, er síðar flutti til Reykjavíkur og Unuhús í Garðarstræti er kennt við.
4. Hús Guðrúnar Jónsdóttur ekkju Sigurðar snikkara Helgasonar
5. Heimili Skúla Jónssonar Leví skósmiðs
6. Möllershús. Þar voru 12 manns. M.a. Björn Gunnlaugsson gullsmiður, síðar bóndi í Gröf og Múla.
7. Veitingahúsið, sem Arnór Egilsson rak þá, en áður Jón Gíslason

*Heimild: Föðurtún (bls. 194). P.V.G.Kolka*

# INNGANGUR - Blönduós / brot úr þróunarsögu - bæjarstemmning

Bæjarkjarninn innan Blöndu var sjálfum sér nægur um flest á árunum rétt eftir seinni heimsstyrjöld. Þar var kirkja, sjúkrahús, apótek, hótel, banki, bakarí, sýslumannsembættið ( að vísu uppi á brekkunni ), pósthús, samkomuhús og ýmsar verslanir, bensínstöð, bílaverkstæði, og sláturhús, skósmiður og trésmiður auk íbúðarhúsa af ýmsum gerðum. Á hverjum degi kom fjöldi manns á þetta svæði, því Þjóðvegur nr.1 lá um Aðalgötuna og Blöndubyggð og hafði gert í nær hálfu öld. Þarna komu langferðabílar með farbega fram og tilbaka á leiðinni á milli Reykjavíkur og Akureyrar. Auk annarra gesta á einkabílum og svo vöruflutningabifreiðar. Allt þurfti þetta fólk að næraðast og fá ýmsa þjónustu og aðhlynningu, sem hægt var að veita á þessum stað. Blönduós var fastur viðkomustaður á ferð langferðabílanna. Þeir fengu ýmist hádegimat eða síðdegiskaffi á Hótel Blönduósi og heimafólkið kom oft og iðulega út á götuna til að heilsa upp á gestina eða athuga hvort þeir ættu ekki kunningja þeirra á meðal, skiptast á skoðunum og fá fréttir.

Á sumrin héldu einnig til á Hótel Blönduósi laxveiðimenn, sem höfðu herbergi á leigu þar í mörg sumur áður en veiðihúsin voru byggð við laxveiðíárnar. Þetta var oft nokkuð háttsett fólk í samfélaginu, sem stundaði veiðarnar og gerði talsverðar kröfur til matar og annars aðbúnaðar.

Verst var hvað þrengslin voru mikil og hvað fljótt kom gat á nylonsokka þjónustufólksins, þegar borinn var fram matur í mannskapinn.

Bæði á hótelinu og í Samkomuhúsini var stundum efnt til gleðskapar. Það sem mörgum fannst skrítið var að þeim sem drukku of mikið og létu mjög illa var stungið inn í Sparisjóðinn. Þar voru þeir látnir dúsa þangað til úr þeirra málum rættist.

Eins og áður segir komu fram nokkru fyrr samþykktir frá yfirvöldum staðarins um aðstöðu fyrir nýjan barnaskóla utan við á. Og nokkru seinna um lóð fyrir nýtt sjúkrahús sunnan ár, ofan við Blöndubrú.

Smám saman er þannig farið að hrófla við máttarstólpum gamla bæjarins og menn sjá að breytingar eru á döfinni, sem gætu haft afgerandi áhrif á kjarnann og gert hann fábreyttari.



Bensínsala Gústa bílstjóra við Blöndubyggð

Um þetta leyti kallaði starfsemi Kaupfélags Húnvetninga einnig eftir lóðum norðan ár til að mæta auknum umsvifum sínum á því svæði. Ný kirkju- og prestseturslóð var einnig mörkuð norðan ár og lóð fyrir félagsheimili, íþróttamiðstöð og íþróttasvæði. Auk þess höfðu byggst upp ný íbúðarsvæði báðum megin árinna. Svo kom ákvörðunin um byggingu nýrrar brúar yfir Blöndu 1963. Skyldi hún vera á sama stað og sú eldri, en þjóðveginn átti að flytja úr gamla kjarnanum og nýtt vegstæði var markað svo til beint í norður suðurstefnu frá nýju brúnni í gegn um Blönduós. Gamli bæjarkjarninn skyldi síðan tengdur með nýrri beinni braut, Hnjúkabyggð, sem lá frá Þjóðvegi 1 inn að Aðalgötu og var töluvert af gömlum húsum rifin að þessu tilefni.

Þar með var blómaskeiði gamla bæjarkjarnans lokið og svæðið fór í ákveðna frystingu og endurmat.


# INNGANGUR - Blönduós / brot úr þróunarsögu - ný brú á Blöndu 1963

Ný brú var byggð yfir Blöndu 1963 á sama stað og sú gamla var. Vegurinn var fluttur úr gamla kjarnanum og nýtt vegastæði fyrir þjóðveg 1 markað svotil beint í norðursuðurstefnu frá nýju brúnni.

Gamli bæjarkjarninn skyldi síðan tengdur með nýri braut Hnjúkabyggð sem lá frá nýja þjóðvegi 1 inn að Aðalgötu. Þá voru t.d. Líkkistan og Bakarí Húnfjörðs rifin



Blönduós - Ný brú byggð 1963 á sama staða og sú gamla - Þjóðvegur 1 fluttur úr gamla bænum (sjá kort á bls. 17) - Hnjúkabyggð lögð vestur að Aðalgötu



- ① Upprunalegi byggðakjarninn er sunnan ár og stendur á þurrum bakka Blöndu innan við áróssinn.
- ② Kvennaskólinn
- ③ Kaupfélag Austur-Húnvetninga  
Vegur kominn milli hafnar og bæjarkjarna sunnan ár


Vísir að byggð

Nýleg loftmynd af Blönduósi eftir að Hnjúkabyggð kom (ártal óvisst en fyrir 2008) Stjórnúmerkt hús eru horfin



# AÐALGATA 1 - Samkomuhúsið

byggingarár: 1926 byggingarefni: steinsteypa stærð og notkun: 301.9m<sup>2</sup> / íbúðarhús verndunarflokkur: rauður



## Fyrsti eigandi húss:

Félag um samkomuhús A-Húnvetninga hf. stofnað 26.mars.1925. Stór hluthafi í félaginu var Lárus Ólafsson, sem síðan byggði húsið.

Upphafleg notkun: Sparisjóður, samkomuhús, veitingasala

## Upphafleg gerð húss:

Tegund Steinstepty og þússað

Þakgerð Risþak

Þakklæðing Bárújam

Undirstaða Steinsteyp

Útlit Hár kjallari, hæð og ris

## Helstu breytingar:

- Stór gluggi hefur verið settur á suðurgafi í risi e.1972
- Reykháfar fjarlægðir - ártal óviss (áó)
- Svalir settar á suðurgafi húss og brunastigi - (áó)
- Dyrum fjöldað á neðri hæð að Aðalgötu - (áó)
- Þakgluggar settir á hús - (áó)



Á horni Aðalgötu og Blöndubyggðar, Samkomuhúsl t.h.



Núverandi ástand húss - Vesturhlíð og Suðurgafi

## STAÐHÆTTIR

Húsið stendur á mótmum Aðalgötu og Blöndubyggðar. Húsið var tekið í notkun 1927 og er hár kjallari, hæð og ris. Inngangar eru frá götu og garðhlíð. Aftan við húsið við Blöndubyggð er Hillebrandshús, elsta húsið í þorpinu.



Myndin er frá 1930 - Suðurgafi / Austurhlíð - Fremst á myndinni er Gústubær

# AÐALGATA 1 - Samkomuhúsið



Mynd frá 1930 - Suðurgöfla / Austurhlíð



Mynd frá 1930 - Suðurgöfla



Suðurgöfla - Núv. útlit



Svalir og bj.stigi á suðurgöfla


## SAGA

Árið 1876 léti Thomsen kaupmaður reisa verslunarhús á þessum stað. Húsið sneri í austur vestur og kom húsgrindin tilhöggvin frá Noregi, (sjá mynd á bls. 6). Gekk það undir nafninu Möllersbúð. Húsið brann 21. des. 1914. Síðar var reist á þessum stað steinhús, Samkomuhúsið, sem sneri í suður og norður. En stjórn hússins ákvæð árið 1926 áður en til byggingar þess kom að svo skyldi vera, því ekki náðist samkomulag við Magnús Stefánsson á Flögu, annan þáverandi eiganda Hemmertshússins, sem stóð austan við lóðina, um lóðarstækkun í þá átt. Þetta var all myndarlegt hús á þeirra tíma vísu. Um áratuga skeið var Samkomuhúsið aðal funda- og skemmtihús staðarins. Þar var einnig rekin greiðasala. Fyrst af Ingibjörgu Ólafsdóttur fram til ársins 1932 en síðan af Ragnheiði Brynjólfsdóttur um marga ára skeið. Nú er húsið notað til íbúðar og sem gistiþús.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Samkomuhúsið er byggt 1926, steinsteypt tveggja hæða hús (hár kjallari og hæð) með risi. Það hefur verið með steinsteypuáferð frá upphafi og er nú málað að utan. Aðalbreytingar eru gerðar eftir 1972 en þá er stór gluggi settur á suðurgöfla hússins og svalir með timburhandriði ásamt brunastiga frá þeim úr járni. Gluggar hafa einnig verið augnstungnir í tímans rás, en á mynd frá

1930 má sjá í húsinu upprunalegan póstlaglugga. Tveir reykháfar voru í byrjun á húsinu, en þeir hafa verið fjarlægðir. Ástand hússins er nokkuð gott, breytingar mætti þó fella betur að húsinu. Frágangur lóðar er ófullnægjandi og þarf að laga.



\* Þetta hús var rifil 10. júní árið 2008

# AÐALGATA 1 - Samkomuhúsið



Aðalgata 1943 - Hóft af brekkunni - Aðalgata 1 við endann t.h.



Hér sést á Austurhlíð Samkomuhússins og suðurhlíð Hillebrandtshúss við Blöndubýggð

## VARÐVEISLUMAT

**Byggingarlist**

**Einfaldur byggingarstíll**

**Menningarsaga**

**Mikil** – Húsið er mikilvægur hluti götumyndar og hefur gegnt merkilegu hlutverki í menningarsögu þorpsins

**Umhverfisgildi**

**Mikið** – Sem hluti af götumyndinni

**Upprunaleiki**

**Mikill** – Húsið hefur ekki breyst að formi til frá upphaflegri mynd

**Ástand**

**Nokkuð gott**

**Varðveislugildi**

**Mikið** – Sem mikilvægur hluti götumyndar




Aðalgata 2013 - svipað sjónarhorn

## Niðurstaða varðveislumats:

Einstakt hús, húsaröð, götumynd, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

# AÐALGATA 2 - Sæmundsenhús

bygglíngarár: 1923 bygglingarefnl: steinsteypa stærð og notkun: 337.6m<sup>2</sup> / velttinga- og þjónustuhús verndunarflokkur: rauður



Fyrsti eigandi húss:

Evald Sæmundsson

Upphafleg notkun: Íbúðarhús og verslun

Upphafleg gerð húss:

Tegund Steinsteyp

Klæðning Ómúrað

Þakgerð Mænisþak

Þakklæðning Bárújárn

Undirstaða Steinsteyp

Útlit Ein hæð, kjallari, ris með kvisti á suðurhlíð, steyptur inngangur og steyptar tröppur

Helstu breytingar:

- Kvistur með einhalla þaki settur á norðausturhlíð (ártal óvisst)
- Skeljasandur settur á húsið eftir 1930 (áó)
- Gluggarammar og þverpóstar fjarlægðir
- Gluggabreytingar á norðausturhlíð á inngönguskúr og á húshlið



Mynd frá 2013 úr veitingahúsagarðinum




Núverandi ástand húss - Suðurhlíð

## STADHÆTTIR

Húsið var reist á horni Aðalgötu og Blöndubyggðar árið 1923. Húsið er steinsteypt einnar hæðar hús á kjallara. Inngangur er um steyptar útitröppur og inngönguskúr sem snýr að Blöndubyggð og um steyptar tröppur á austurgaffli að Aðalgötu. Húsið stendur á stórra gróinni lóð. Steinsteypur garður / girðing er á lóðamörkum að Aðalgötu og Blöndubyggð, en vírnetsgirðing á hinarr hliðarnar. Inni á lóðinni er síðan afmarkaður minni reitur við húsið garðmegin og er þar hlaðinn veggur á eina hlið, en timburgirðing á aðra. Rúmt er um húsið og vítt útsýni til allra átta.

Myndin er frá 1930 - T.v. á myndinni er Blanda nú (rifin) og Sýslumannshúsið t.h.



# AÐALGATA 2 - Sæmundsenhús



Myndir frá 1930 / Norðurhlið með bíslagi og Vesturgálf



Suðurhlið - Hér sjást upprunalegu gluggarnir



Mynd frá 1976 - Ekki vlrölst vera búlö að stelna húsið að utan


## SAGA

Húsið reisti Evald Sæmundsen og Þuríður Sæmundsen árið 1923 og hefur húsið verið kallað Sæmundsenhús eða Verslunarhús Þuríðar Sæmundsen. Upphaflega er það reist sem verslunar- og íbúðarhús, en er nú skráð sem veitinga- og þjónustuhús.

## BYGGINGARLAG, EFNI OG ÁSTAND

Húsið er byggt 1923. Það er steinsteypt einnar hæðar hús á kjallara með portbyggðu risi og kvisti með risbaki á garðhlið og stórum kvisti (ekki upprunalegum) með einhalla þaki að Blöndubyggð. Um skeið var húsið ómúrað að utan sbr. mynd frá 1930 og 1976. En nú eru húshliðar skeljasandshúðaðar. Aðal breytingar á últíti eru á norðausturhliðinni að Blöndubyggð og er þá átt við kvistinn, sem þyngir ásýnd þeirrar hliðar töluvert. Gluggar á kvistinum eru einnig frábrugðnir öðrum gluggum hússins. Gluggar hússins voru og eru enn með krosspóstum en neðri fögum var

skipt með fínlegum þverpóstum. Gluggarammar hafa verið fjarlægðir nema í opnanlegum fögum, sömuleiðis hafa fyrnrefndir neðri þverpóstar verið fjarlægðir í flestum gluggum. Inngönguskúr er á norðurhlið og er gengið upp á hæðina um steyptar handriðslausrar tröppur. Annar inngangur er á austurgáfli um steintröppur með nýlegu handriði. Ástand hússins er þokkalegt en greinilega mun brátt verða þörf á viðhaldi, sprungur eru sýnilegar í gegnum skeljasandshúðina. Í garðinum hefur verið komið upp veitingarekstri með borðum og bekkjum, en veitingasalurinn er á fyrstu hæð.



# AÐALGATA 2 - Sæmundsenhús



Núverandi útlit húss - Húsló er á stórrl lóð, sem er afgilt að hluta með hlöönum vegg og tímburgerði



Mynd frá 1994 - Vesturgálf - Samkomuhúsló og Zóphaniasarhús í baksýn



Austurgálf og Norðurhlíð - Á austurgálf er gegnið inn i veitingasal en í risið á norðurhlíð

## VARDVEISLUMAT


- |                        |  |
|------------------------|--|
| <b>Byggingarlist</b>   | „Norraenn“ byggingarstíll  |
| <b>Menningarsaga</b>   | <b>Mikil</b> – Húsið er sökum, aldurs, sögu og starfsemi með merkari húsum í þróunarsögu Blönduóss |
| <b>Umhverfisgildi</b>  | <b>Mikið</b> – Húsið er fallega staðsett á horni Aðalgötu og Blöndubyggðar                         |
| <b>Upprunaleiki</b>    | <b>Mikill</b> – Húsið hefur haldist nánast óbreytt frá upphafi og er rammgert og hið reisulegasta. |
| <b>Ástand</b>          | <b>Þokkalegt</b>   |
| <b>Varðveislugildi</b> | <b>Mikið</b>   |

## Niðurstaða varðveislumats:

Einstakt hús, húsaröð, götumynd, sem lagt er til að vernda með hverfisvermd í deiliskipulagi (rautt)

# AÐALGATA 3A -Hús Zophoníasar Zophoniassonar

byggingarár nýv. húss: 1919  
byggingarefnl: stelnsteypa stærð og notkun: 133,4m<sup>2</sup> / íbúðarhús verndunarfl.: rauður



## Fyrsti eigandi húss:

Lárus Ólafsson, smiður

Upphafleg notkun: íbúðarhús

## Upphafleg gerð húss:

Tegund Steinsteyp

Klæðning Múrsleitáð

Bakgerð Valmaþák

Bakklæðning Bárujárn

Undirstaða Steinsteyp

Útlit Einlyft, kjallari, útitröppur

## Helstu breytingar:

- 1930 Bílskúr reistur á baklóð
- 1930 Annar reykhanurinn fjarlægður
- 1948 Bílskúr breytt í íbúð
- Útitröppum snúið 90gráður, sneru upphaflega beint að götu. (ártal óvisst)
- Gluggagerð breytt (áó)



Aðalgata til suðvesturs 2013



Núverandi ástand húss - Vesturhlíð

## STADHÆTTIR

Húsið stendur á horni Aðalgötu og Hnjúkabyggðar. Inngangur í húsið er um útitröppur á götuhlið. Á lóðinni nr. 3B var reist íbúðarhús árið 1950, þétt uppað húsinu, þar sem áður var skúr. Ekkert hús stendur handan götunnar gegnt húsinu og er ágætis útsýni frá því til norðvesturs.

Myndin er frá 1930 / Suður- og Austurhlíð - Á lóðinni stendur lítið hús (skúr) sem snýr að Koppagötu - Í bakgrunni eru Sæmundsenhús og Samkomuhúsið - Læknishúsið er t.v. og t.h. á mynd sést "Likkistan" smágerð hús með Mansardþaki



# AÐALGATA 3A -Hús Zophoníasar Zophoniassonar



Hér sést á bakhlið húss og skúr í byggingu t.h. (áó)



Bakhúsið þ.e. Aðalgata 3B er risin - Fremst er Hreppshúsið



Mynd frá 1972


## SAGA

Fyrsta húsið, sem byggt var á óafmarkaðri lóð á þessum stað í eigu Möllers, var Templarahús byggt 1907 af „Vinabandinu“. Húsið var flutt frá Akureyri og var notað til ýmissa skemmtana, s.s. dansleikja og tombóla. Þegar Kvennaskólahúsið brann 1911 var skólahaldinu komið fyrir í nokkrum húsum innan ár, m.a. í Templarahúsinu (ibúðarhús skólameyja). Eftir að skólameyjar hurfu á braut bjuggu ýmsir í húsinu. Árið 1917 var húsið selt til Lárusar Ólafssonar smiðs með sérstaklega útmældri lóð. Lárus reif Templarahúsið 1918 og soldi Slátturfélagi Austur-Húnvetninga timbrið úr því. Það var notað í slátturhús félagsins. Lárus byggði síðan nýtt steinsteypt hús á lóðinni árið 1919.

Árið 1929 keypti Zophonías Zophoniasson bílstjóri húsið og bjó þar með fjölskyldu sinni í nær 60 ár. Bakhús á lóðinni, einnar hæðar skúr, tilheyroi einnig. Þar var settur upp árið 1924 lítil ljósamót til raflýsingar á sjúkrahúsinu og nutu nokkur önnur hús á svæðinu góðs af því.



Mynd frá 2012



\* Þetta hús var rífið 10. júní árið 2008

# AÐALGATA 3A -Hús Zophoníasar Zophoniassonar



Myndir frá 2012



## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er byggt í einföldum „Alþýðustíl“. Húsið er einnar hæðar steinhús á steyptum kjallara. Inngangur í húsið er um steyptar útitröppur á götuhliðinni. Tröppur þessar sneru upprunalega að götunni en var snúið síðar um 90 gráður. Valmaþak er á húsinu. Árið 1939 var reistur steinsteypur bílskúr á baklóðinni sem síðar (1948) varð að íbúðarhúsi. Krosspóststar hafa verið í húsinu frá upphafi, en gluggarammar hafa verið fjarlægðir. Þverpóststar prýða ekki lengur kjallaraglugga. Um og uppúr 1930 er einnig annar reykháfurinn farinn. Húsið er að öðru leyti nánast óbreytt frá upphafi. Aðalgata 3A og 3B eru á sameiginlegri lóð. Ástand hússins er nokkuð gott en það þarfust óf ym issa lagfæringa.

## VARÐVEISLUMAT

### Byggingarlist

Einfaldur „Alþýðustíll“

### Menningarsaga

Mikil – Húsið er mikilvægt í byggingar- og þróunarsögu þorpsins

### Umhverfisgildi

Mikið – Mikilvægur hluti götumyndarinnar

### Upprunaleiki

Mikill – Húsið hefur lítið breyst frá upphaflegri gerð

### Ástand

Pokkalegt – Æskilegt væri að gluggar yrðu færðir til upprunalegs horfs.

### Varðveislugildi


Mikið

## Niðurstaða varðveislumats:

Einstakt hús, húsaröð, götumynd, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

# ADALGATA 3B

byggingarár: Uppúr 1930 (skúr) 1950/ stækkaður bygglingarefnl: steinsteypa stærð og notkun: 141,4m<sup>2</sup> / íbúðarhús / varðveislufl.: rauður



Fyrsti eigandi húss:

Zophonias Zophoniasson

Upphafleg notkun: Íbúðarhús

Upphafleg gerð húss:

Tegund Steinsteypa

Klæðning Múrsléttan

Bakgerð Mænisþak m. kvistum

Bakklæðning Bárujárn

Undirstaða Steinsteypa

Útlit Einlyft



Útlit að Aðalgötum

Heilstu breytingar:

- Uppúr 1939 Á löðinni hafði verið reistur steinsteyptur bílskúr.
- 1950 Rishæð byggð ofan á bílskúrinn, kvistar og gluggar.
- 1948 Skúmum breytt í íbúðarhús
- Húsið klætt að utan með bárujárn að hluta (ártal óvisst)




Núverandi ástand húss - Austurgafi og suðurhlíð

## STAÐHÆTTIR

Húsið er skráð sem íbúðarhús, reist 1950 í töluvert öðrum stíl en framhúsið. Húsið stendur þétt upp við Aðalgötu 3A á baklöönni og er á sameiginlegri lóð með því húsi. Aðgangur að húsinu er frá Aðalgötu á vesturgaflí hússins. Húsið er ekki hluti af götumynd Aðalgötu og sést best frá Hnjúkabyggð.

Myndin er frá 1950 / Suður- og austurhlíð - í bakgrunni eru Sæmundserhús og Samkomuhúsið Læknishúsið er lengst t.v. og t.h. á mynd sést "Líkkistan", smágert hús með Mánsardþaki.



# AÐALGATA 3B



Mynd frá 1972



Núverandi ástand húss - Suðurhlíð



Núverandi ástand húss - Norðurhlíð

## SAGA

Bakhúsið, sem upprunalega var einnar hæðar skúr, byggði Zophonías Zophoníasson og tilheyrði það hans fjölskyldu.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er upprunalega steinsteyptur skúr. En er nú einnar hæðar steinhús með mænisþaki og tveimur kvistum. Inngangur í húsið er á vesturhlíð þess frá Aðalgötu. Það er nú bárujámsklætt á tveimur hlíðum, en timburklætt að öðru leyti. Hliðar kvista er óklæddar. Húsið stingur töluvert í stúf við nett og samræmt yfirbragð framhússins sem það deilir lóð með. Ástand þess líour fyrir skort á frágangi t.a.m. vantar þakrennur og vindskeiðar eru slitnar. Húsið er þó mikilvægt sem huti af gamla byggðakjarnanum.

## VARÐVEISLUMAT

### Byggingarlist

Fábrotinn „Alþýðustíll“

### Menningarsaga

Nokkur – Húsið er mikilvægt í þróunarsögu þorpsins

### Umhverfisgildi

Nokkuð – Tilheyrir gamla bæjarkjarnanum

### Upprunaleiki

Nokkur – Húsið var áður múrsléttæd en er nú klætt bárujárn og timbri

### Ástand


Þokkalegt – Ósamræmis gætir í klæðningum og kvistir er óklæddir á hlíðum

### Varðveislugildi

Töluvert

### Niðurstaða varðveislumats:


Einstakt hús, húsaröð, götumynd, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)



\* Þetta hús var rifil 10. júní árið 2008

# AÐALGATA 5 - Gamla Læknishúsið

byggingarár: 1903 byggingarefnl: stelnsteypa stærð og notkun: 231.5m<sup>2</sup> / Ibúðarhús verndunarfl.: blár



Fyrsti eigandi húss og byggjandi:

Július Halldórsson, héraðslæknir

Upphafleg notkun: læknisbústaður

Upphafleg gerð húss:

Tegund	Timbur,
Klæðning	Bárujárn
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteypt
Útlit	Einlyft, kjallari, kvistir, inngönguskúr, útitróppur



Aðalgata sumarhl 2013

Helstu breytingar:

- 1922 Viðbygging (gamli spítalinn)
- „ Krosspóstar fjarl. í kjallaragluggum, sökkulbretti fjarl.
- „ Gluggarömmum fækkað
- „ Skyggni og svölum bætt við garðmegin
- 1929 Kvistur stækkaður
- „ Fög fjarlægð og ný klæðning sett
- „ Reykháfur fjarlægður
- 1989 Þak endurnýjað.




Núverandi ástand húss - Vesturhljó að Aðalgötum

## STAÐHÆTTIR

Húsið er reist árið 1903 sem læknisbústaður. Húsið stendur á horni Aðalgötu og Hnjúkabyggðar og er það samþyggt Aðalgötu 7 (gamlá spítalanum). Inngangur í húsið er um inngönguskúr (bíslag) og útitróppur á norðurgafi. Einnar hæðar timburskúr er á lóðamörkun að Hnjúkabyggð.

Myndin er frá 1930 - Myndin sýnir heillega húsarðð við Aðalgötu austanmegin - Kirkjan fremst t.v. og "Tilraun" t.h.



# AÐALGATA 5 - Gamla Læknishúsið



Mynd frá 1930



Núverandi ástand húss - Vesturhlíð að Aðalgötu / Læknishúsljó t.v.



Núverandi ástand húss - Austurhlíð að garði / Læknishúsljó t.h.

## SAGA


Húsið var byggt sem læknisbústaður af Júlíusi Halldórssyni héraðslækni árið 1903. En 1906 tekur við af honum Jón Jónsson (Jón pína). Hann lét af störfum 1922 og kaupir sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu húseignir hans við Aðalgötu og fleiri eignir, eins og sagt er frá í inngangi, í því skyni að hýsa þar læknisbústað héraðsins með hæfilegum viðbyggingum og sjúkrahús. Gegndi húsið því hlutverki fyrir Blönduóshérað til 1955, þegar starfsemin var flutt í Héraðsheimilið. Lyfjabúð var um árabil í kjallara hússins. Á tímabili eftir 1955 var það nýtt sem skrifstofuhúsnæði á vegum Húnafjörðs hf. Skáksamband Íslands var stofnað í því 1925. Húsið er nú nýtt til íbúðar. og skilgreint sem parhús í fasteignamati. Hinn hluti parhússins er Aðalgata 7 (gamli spítalinn). En húsin standa á sameiginlegri lóð.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er í „Norraenum, stil“. Húsið er einnar hæðar timburhús með risi á steyptum kjallara. Innangur í húsið er á norðurhlíð um útitróppur og bíslag. Handrið á svöllum og útitróppum er úr smíðajárn, sömuleiðis bekkur neðan á skyggni. Ekki er vitað hvenær það var gert.

Skraut þetta stingur nokkuð í stúf við stíl hússins. Krosspóstlar hafa verið í húsinu frá upphafi, en gluggafögum hefur fækkað. Gluggarammar hafa einnig verið fjarlægðir nema í opnanlegum fögum.

Upphaflega var húsið bárujárnsklætt, en nú er það klætt trapesulaga blikk klæðningu. Reykháfur var fjarlægður 1989, þegar gert var við þak hússins og kvistur að Aðalgötu var stækkaður. Húsið er að öðru leyti nánast óbreytt frá upphafi. Einnar hæðar skúr er á lóðamörkum að Hnjúkabyggð garðmegin. Garður er rúmgóður og hér getur að líta gosbrunn og niðurfellt "torg", glerhýsi, styttr og steina. Ástand hússins er nokkuð gott en æskilegt væri að veggklæðning og gluggar yrðu færð að upprunalegu últli við endurgerð.



Aðalgata horft til suðausturs

\* Þetta hús var rifið 10. júní árið 2008

# AÐALGATA 5 - Gamla Læknishúsið



Norðurgáfi að Hnjúkabyggð



Aðalgata til suðurs á átt að brekkunni

## VARÐVEISLUMAT


Byggingarlist	„Norrænn“ byggingarstíll
Menningardsaga	Mikil – Sökum aldurs, starfsemi, sögu og upprunaleika hússins
Umhverfisgildi	Mikið – Sem eitt af elstu húsunum við Aðalgotu
Upprunaleiki	Mikill – Húsið hefur lítið breyst frá upphaflegri gerð
Ástand	Gott – Áhersla er lögð á að útlit hússins verði við endurbætur fært sem næst uppruna sínum, t.a.m. klæðning og gluggar
Varðveislugildi	Mikið

## Niðurstaða varðveislumats:

Húsið er friðað (blátt)

# AÐALGATA 7 - Gamli spítalinn

byggingarár: 1922-23 / húsló lengt 1929 bygglingarefnl: stelnsteypa stærð og notkun: 231.5m<sup>2</sup> / íbúðarhús verndunarfl.: rauður



## Fyrsti eigandi og byggjandi húss:

Július Halldórsson, héraðslæknir

Húsið lengt: Eigandi og byggjandi: Sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu

**Upphafleg notkun:** sjúkraskýli

## Upphafleg gerð húss:

**Tegund** Timbur

**Klæðning** Bárújám

**Þakgerð** Mænisþak

**Þakklæðning** Bárújám

**Undirstaða** Steinsteyp

**Útlit** Einlyft, kjallari, útitröppur



Inngönguskúr á suðurhlíð frá 1972



Núverandi ástand húss - Vesturhlíð

## STAÐHÆTTIR

Húsið var reist nokkuð seinna en læknisbústaðurinn og var frá upphafi samþygt því (Aðalgötu 5). Frá 1940 hefur inngangur í húsið verið um inngönguskúr á suðurgafli en var upphaflega gengið upp tröppur frá Aðalgötu. Húsin nr. 5 og 7 standa á stórra gróinni lóð og virðast hafa sameignlegt garðsvæði.

Myndin er frá 1930



## Helstu breytingar:

- Likhús rifið
- Ný klæðning (ártal óvisst)
- 1929 Viðbygging (húsið lengt)
- 1929 Útitröppur á götuhið fjarlægðar
- 1929 Dyr að Aðalgötu fjarl. og gluggi settur í staðinn
- 1972 Inngönguskúr reistur við suðurgafli
- Gluggarammar nema í opnanlegum fögum fjarl. (áó)
- Krossþóstar fjarlægðir í tveimur gluggum í kjallara, götumegin (áó)

# AÐALGATA 7 - Gamli spítalinn



Mynd frá 1930



Mynd frá 1972



Núverandi ástand húss - Austurhlíð að garði / Læknishúsið t.h.

## SAGA

Húsið var byggt sem sjúkraskýli eins og áður er getið 1922-'23. Sex árum síðar var húsið lengt meðfram götunni. Þá hafði verið rifið hús sem þar stóð. Í því húsi hafði verið líkhús. Húsið er nú nýtt til íbúðar.

## BYGGINGARLAG, EFNI OG ÁSTAND

Húsið er í fábrotnum „Alþýðustíl“. Húsið er einnar hæðar timburhús á steyptum kjallara. Upphaflega húsið var lengt meðfram götunni sex árum eftir að það var reist en annað hús, sem þar stóð hafði verið rifið eins og áður segir. Húsið var klætt bárujárn. Upphaflega var gengið upp timburtröppur inn í húsið frá götuhlið. Tröppurnar voru fjarlægðar 1929 og gluggi settur í stað hurðar. Gluggar eru með krosspóstum, en gluggarammar hafa verið fjarlægðir nema í opnanlegum fögum og í kjallara hafa auk þess nokkrir gluggar verið augnstungnir. Á mynd frá 1972 er kominn inngönguskúr úr steinsteypu á suðgafi hússins.

Inngönguskúrinn stingur nokkuð í stúf við stíl og gerð hússins. Á svipuðum tíma er sett ný klæðning á veggi úr trapesulaga járni. Húsið er að öðru leyti nánast óbreytt frá upphafi. Ástand þess er nokkuð gott en æskilegt væri að veggklæðning og gluggar yrðu færðir að upprunalegu útliti við endurgerð og inngönguskúr aðlagaður betur að húsinu.



Aðalgata horft til suðausturs

\* Þetta hús var rifið 10. júní árið 2008

# AÐALGATA 7 - Gamli spítalinn



Aðalgata til norðurs að Blöndubýggð



Horft frá Koppagötu yfir grindverk að húsunum

## VARÐVEISLUMAT


Byggingarlist	Fábrotinn „Alþýðustíll“
Menningarsaga	Mikil – Sökum aldurs, starfsemi, sögu og upprunaleika hússins
Umhverfisgildi	Mikið – Húsið er eitt af elstu húsunum á Blönduósi
Upprunaleiki	Mikill – Húsið hefur lítið breyst frá upphaflegri gerð
Ástand	Gott – En áhersla lögð á að útlit hússins verði við endurbætur fært sem næst uppruna sínum
Varðveislugildi	Mikið

## Niðurstaða varðveislumats:

Einstakt hús, húsaröð, götumynd, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

# AÐALGATA 6 - Hótelioð - Sýslumannshúsið

byggingarefni: gamla hús: timbur  
byggingarár: 1900 / st.: 1961 " vlöbygglingar: : stelnsteypa stærð og notkun: 1118.9m<sup>2</sup> / Hótel.: vendurnarfl. : blár



## Fyrsti eigandi húss:

Gísli Ísleifsson, sýslumaður á Blönduósi

Upphafleg notkun: Embættisbústaður

## Upphafleg gerð húss:

Tegund Timbur

Klæðning Timbur

Þakgerð Portbyggt ris

Þakklæðning Bárújárn

Undirstaða Hlaðin úr grjóti

Útlit Einlyft, kjallari, portbyggt ris, úttröppur, útskot



Mynd frá um 1960 - Viðbygging er nýrisin og sést hér á vesturhlíðina / Vinstra megin á myndinni stendur húsið Blanda enn - síðar rifið

## Helstu breytingar:

- 1925 Kvistur
- 1929 Geymsla á lóð (Hljómskálinn)
- 1943 Kvistur stækkaður
- 1943 Viðbygging
- 1960 Viðbygging
- Kvistur stækkaður (ártal óvisst)
- Viðbygging fjarl. austan við húsið (áó) (sjá mynd á bls. 41 frá 1943)
- Ný klæðning (áó)




Núverandi ástand - Austurhlíð að Aðalgötu / Elsti hluti húss snýr gaffi að götunni

## STAÐHÆTTIR

Upprunalega húsið var reist á árunum 1900. Últi þess hefur verið gjörbreytt og stórar viðbyggingar í öðrum stíl hafa verið reistar að því. Áður stóð húsið í garði, nú fyllir það upp í góðan part götunnar og er stæðsta byggingin við götuna og á lítið skylt við gamla húsið fyrir utan staðsetninguna, sem er afar góð við Aðalgötu miðja. Gott útsýni er frá húsinu yfir haf og land.

Myndin er frá 1930 - Í garðinum er hornaflokkur Páls Ísólfssonar að spila



# AÐALGATA 6 - Hótelioð - Sýslumannshúsið



Mynd frá ca. 1930



Gömul mynd (áó)



Mynd frá 1943


## SAGA

Húsið var upprunalega byggt á árinu 1900 sem embættisbústaður Gísla Ísleifssonar sýslumanns (1897-1912). Gísli fer frá Blönduósi 1913 en selur húsið 1914 Ara Jónssyni (Arnalds) sýslumanni, sem selur síðan húsið 1918 Pétri Péturssyni frá Gunnsteinsstöðum, en hann rak umfangsmikla verslun á Blönduósi um tveggja áratuga skeið. Pétur lést árið 1922. Komst húsið þá í eigu Einars Thorsteinssonar, verslunarstjóra, og bjó hann þar um hríð. Árið 1943 keypti Snorri Arnfinnsson hótelhaldari húsið og hóf að reka þar hótel. Jafnframt keypti hann steyptan skúr (sem nefndur var Hljómskálinn) og Blöndu sem var verslunarhús, Thorsteinsson-verslunar. Húsið nýtti hann fyrir gistiðstöðu í tengslum við hótelioð og var svo um áratuga skeið eða þar til það hús var rifið uppúr 1980. Áður en Snorri hætti hótelrekstri hafði hann byggt enn frekar við hótelioð og hafði það náð núverandi stærð. Húsið hefur óslitið verið nýtt til hótelrekstrar frá 1943.

## BYGGINGARLAG, EFNI OG ÁSTAND

Húsið er byggt í „Norðrænum“ byggingarstíl. Það var byggt sem einnar hæðar timburhús með portbyggðu risi á hlöðnum kjallara. Inngönguskúrar hafa verið á hvorum gaflum.

Kvistur með risþaki var settur á vesturhlíðina árið 1925. Var sá kvistur stækkaður 1943 og breytt í kvist með einhalla þaki. Á mynd frá 1930 má sjá steinsteyptan skúr í vestan við húsið. Skúr þessi (Hljómskálinn) var nýttur sem vörugeymsla. 1943 voru gerðar breytingar á húsinu og byggt við það í austurátt (skrifstofa og salerni). Síðar var byggt ofan á Hljómskálann og hann lengdur til suðurs. Um 1960 er síðan búið að bæta við frekari viðbyggingum og húsið þá komið í þá mynd sem það hefur í dag. Gamla húsið er þó enn uppstandandi og sker sig úr viðbyggingunum Aðalgotumegin. En upprunalegum gluggum, hefðbundnum timburhúsagluggum, hefur verið skipt út fyrir aðra gluggagerð. Upphaflega var húsið timburklætt, en síðar múrað og málað eins og steinsteyptu viðbyggingarnar. Húsið hefur því gengið í gegnum miklar breytingar, en þrátt fyrir það tekist að halda velli. Ástand húsanna í dag er þokkalegt, en umhverfi hússins er nöturlegt /óaðlaðandi.



# AÐALGATA 6 - Hótelioð - Sýslumannshúsið



Eisti hluti hússins t.h. - Aðalinngangur í viðbygginguna frá Aðalgötu



Norðurhlíð - Gamla húsló vlnstra megin




Yfirlitsmynd 2013 - Tekin ofan úr brekkunni / Fremst sést Kristófershús

## VARDVEISLUMAT

- |   |   |
|---|---|
| <b>Byggingarlist</b>                    | „Norrænn“ byggingarstíll  |
| <b>Menningarsaga</b>                    | <b>Mikil</b> – Sökum aldurs og sögu gamla hússins   |
| <b>Umhverfisgildi</b>                   | <b>Mikið</b> – Upprunalega húsið hefur haft mikið gildi, verið einskonar miðstöð í þorpinu. Núverandi hús hefur gildi vegna elsta hlutans, sögulegrar starfsemi og staðsetningarinnar við miðja Aðalgötu. |
| <b>Upprunaleiki</b>                     | <b>Lítil</b> – Gamla húsinu hefur verið gjörbreytt  |
| <b>Ástand</b>                           | <b>Þokkalegt</b> - Leggja þarf áherslu á að fegra og móta umhverfið og endurheimta eitthvað af karakter eldra hússins og umhverfisins   |
| <b>Varðveislugildi</b>                  | <b>Mikið</b> - Þótt húsið sé mikið breytt, gegnir það mikilvægu hlutverki í gamla bænum á Blönduósi   |
| <b>Niðurstaða varðveislumats:</b>       |   |
| Eisti Hluti hússins er friðaður (blár). |   |

# AÐALGATA 8 - Helgafell

byggðingarár: 1948 byggðingarefnl: steinsteypa stærð og notkun: 380.8m<sup>2</sup> / íbúðarhús verndunarfl.: gulur



Fyrsti eigandi / byggjandi húss:

Helgi Sveinbjörnsson, bifvélavirki

Upphafleg notkun: Íbúðarhúsnaði / apótek á jarðhæð

Upphafleg gerð húss:

Tegund Steinstepty

Klæðning Skeljasandur

Þakgerð Valmabak

Þakklæðning Bárújmárm

Undirstaða Steinstepty

Útlit Tvær hæðir og ris, útskot, útitröppur, kvistir



Sumarið 2013

Helstu breytingar:

- Húsið er lítið breytt frá upphafi. Gluggar hafa verið birgðir með plötum á jarðhæð á vestur- og suðurhlíð. Skyggni á götuhlíð yfir jarðhæð er síðara tíma framkvæmd. Sömuleiðis steniplötur sem settar hafa verið á framhlíð jarðhæðar og fyrir horn. Steniklæddur veggur hefur verið reistur í framhaldi af jarðhæðinni á lóðmörkum að Aðalgötu milli Hóttelsins og hússins. Tveir bílskúrar hafa verið reistir á baklóðinni (ártöl óviss).



Núverandi ástand - Austurhlíð að Aðalgötu

## STAÐHÆTTIR

Húsið stendur á horni Aðalgötu og Brimslóðar. Það er steinsteypt, 2 hæðir og ris. Jarðhæð hússins er hönnuð sem verslunarhæð en íbúðir á efri hæðum. Verslunin sneri að Aðalgötu en inngangur í íbúðirnar eru baka til. Næstu hús eru Gamla kirkjan að sunnanverðu og Hótelid að norðanverðu. Á lóðina hafa síðar bæst við tveir bílskúrar að vestanverðu. Húsið nýtur óskerts útsýnis út á flóann.

Myndin frá um 1950 (áó) - Ekki er búið að byggja við hótelid sem er t.v. á myndinni



# AÐALGATA 8 - Helgafell



Mynd frá ca. 1950 (áó)



Mynd frá 1972 - Hér eru Hótel Íð rísið og bílskúrar á baklóð



Núverandi ástand - Vesturhlíð

## SAGA


Húsið byggði Helgi Sveinbjörnsson, bifvélavirki og fyrsti eigandi þess. Síðan keyptu Páll Kolka og Helgi Helgason, apótekari, húsið. Helgi apótekari bjó á efstu hæðinni og rak apótek á jarðhæðinni. Eftir að Apótekið lagðist af hafa tvær neðri hæðirnar gengið kaupum og sölum. Á neðstu hæðinni hefur t.d. verið kaffihús og á öðrum tíma vínbúð. Eigendur eru nú að hverri hæð fyrir sig.

## BYGGINGARLAG, EFNI OG ÁSTAND

Húsið er byggt árið 1948. Húsið er þriggja hæða skeljasandshúðað steinhús með valmábaki og tveimur kvistum. Tveir bílskúrar (ekki upprunalegir) standa nú á baklóð á mörkum lóðar Hótelssins og Aðalgötu 8. Inngangur í íbúðir er um stigahús á bakhlið hússins en verslunarrými á jarðhæðinni snýr út að Aðalgötu. Skilti yfir verslun á jarðhæð er ekki upprunalegt. Steniklæðning hefur verið sett á jarðhæð götumegin og fyrir horn. Steniklæddur veggur hefur verið reistur á lóðmörkum milli hússins og Hótelssins. Nokkrir gluggar á jarðhæð og hurð á suðurhlíð hafa verið birgð með plötum. Húsið var og er með stærri húsum í þorpinu og nokkuð frábrugðið öðrum

húsum á Blönduósi hvað hlutföll, útlit og form snertir, en þegar húsið var reist var hótel Íð eða Aðalgata 6 í sínu upprunalega formi, en hefur síðan verið stækkað til þriggja átta, þannig að þrengt hefur meir að húsinu.

Húsið er tiltölulega upprunalegt burtséð frá breytingum sem snúa að ásýnd verslunarrýmisins en ástand hússins er hrörlegt og umhverfið slitið.



# AÐALGATA 8 - Helgafell



Horft af brekkunni til norðvesturs



Yfirlitsmynd 2013

## VARÐVEISLUMAT

**Byggingarlist**

Byggingarstíll óljós

**Menningarsaga**

**Töluverð** – Vegna miðbæjartengds hlutverks síns við Aðalgötu

**Umhverfisgildi**

**Töluvvert** – Sem endapunktur miðbæjarhluta götunnar. Umhverfi þess nú er þó hrörlegt og slitið

**Upprunaleiki**

**Mikill** – Heildarsvipur hússins er nær óbreyttur, en ýmsar tilfæringar hafa átt sér stað á últíti jarðhæðarinnar Aðalgötumegin

**Ástand**

**Lélegt** – Húsið er hrörlegt, sprungur í steypu og klæðning orðin lúin Skúrar á baklóð þarfust viðhalds

**Varðveislugildi**


**Nokkurt**– Sem hluti af aðalgötu miðbæjarins

**Niðurstaða varðveislumats:**

Lagt er til að húsið verði verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

# AÐALGATA 9 - Zophaníasar Hjálmsissonar hús / Jónasarhús

byggingarár: 1905 byggingarefnl: steinsteypa stærð og notkun: 97,9m<sup>2</sup> / íbúðarhús verndunarfl.: blár



Fyrsti eigandi húss:

Zóphaníasar Hjálmsisson

Upphafleg notkun: Símsíð, íbúðarhús, verslun

Upphafleg gerð húss:

Tegund	Steinsteypa
Klæðning	Múrsléttatíð
Þakgerð	Mænisþak
Þakklæðning	Bárujárm
Undirstaða	Steinsteypa
Útlit	Ein hað, kjallari, ris, útitröppur, inngönguskúr



Mynd frá f.hl. 20. aldar - Einn gluggi á gaflí




Núverandi ástand húss

## STAÐHÆTTIR

Húsið sem er fyrsta steinhúsið á Blönduósi er reist 1905. Umhverfi þess er allmikið breytt, en áður stóðu smáhýsi á baklöönni. Nú er á baklöönni einnar hæðar iðnaðarhúsnæði með turni, reist 1970 í „Funkis stíl“. Það er skráð á sömu lóð og framhúsið og með aðkomu frá Aðalgötu. Sitt hvorar handar við Aðalgötu 9 eru síðan nokkur af elstu timburhúsum bæjarins, Aðalgata 11 og Gamli spítalinn, Aðalgata 7. Húsið nýtur ekki mikils útsýnis enda ekki háreist. Handan götunnar eru bæði Aðalgata 8 og 6, (hótelid), sem eru töluvert hærri og meiri um sig en húsið númer 9.

Myndin er frá 1930



Helstu breytingar:

- 1920 Bislag og tröppur að götuhið reistar
- 1930 Inngönguskúr úr timbri kominn á bakhlið
- „ Líttil gluggi kominn yfir inngönguskúr á bakhlið
- Þakflötur nær lengra út f. húsvegg (ártal óvisst)
- 1994 Þverpóstum fækkar og gluggarammar fjarlægðir
- Þakgluggi settur á bakhlið (áó)
- Reykháfur klæddur málmiplötum (áó)

# AÐALGATA 9 - Zophaníasar Hjálmsissonar hús / Jóns Kristóferssonar hús / Jónasarhús /



Mynd frá 1930



Mynd frá um 1930 - bakhlið



Myndir frá 1994 - Frá götunni og af bakhlið

## SAGA


Húsið er reist árið 1905 af Zophaníasi Hjálmsyni og var fyrsta símstöðin á Blönduósi í húsinu, en síminn kom til Blönduóss 1906. Uppúr 1920 er húsið nýtt sem verslun og íbúðarhús Jóns Kristóferssonar. Síðar eignaðist húsið Jónas Bjarnason (maður Ingibjargar, móður Húnfjörðs rakara) Nú er húsið notað til íbúðar.



## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er reist í fábrotnum „Alþýðustíl“. Það er einnar hæðar steinhús á hlöðnum kjallara (síðar múraður) með mænisþaki. Árið 1920 var reist bíslag á norðurgafli hússins með steintröppum sem snúa að Aðalgötum (sjá mynd frá 1930), sennilega í tengslum við verslun Jóns Kristóferssonar. Inngangur í íbúðina hefur trúlega verið á bakhliðinni, en inngönguskúr úr timbri er kominn á mynd frá 1930 (bakhlið). Er þar enn aðalinngangur í húsið. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á gluggum. Glugga hefur verið bætt við á suðurgafli (sjá mynd frá 1930), gluggarömmum hefur fækkað og þverpóstum, en gluggar voru með þremur þverpóstum sbr.

Fyrrgreindar myndir frá 1930. Rammar hafa verið fjarlægðir, nema á opnanlegum fögum. Lítill gluggi er yfir inngönguskúrnum. Þak nær nú lengra útfyrir húshlið og á göflum má sjá að ris virðist hafa verið einangrað að utan og klætt. Húsið er tiltölulega upprunalegt og ástand þess virðist í nokkuð góðu lagi. Það þarfast þó aðhlynningar og inngönguskúr á bakhlið er orðin hrörlegur.



\* Þetta hús var rifið 10. júní árið 2008

# AÐALGATA 9 - Zophaníasar Hjálmssonar hús / Jóns Kristóferssonar hús / Jónasarhús /



Yfirlitsmynd 2013 - Horft af brekkunni norður Aðalgötu



## VARÐVEISLUMAT

**Byggingarlist**

Fábrotinn „Alþýðustíll“

**Menningarsaga**

**Mikil** – Húsið hefur menningargildi sem hluti af gamalli götumynd Aðalgötu og verslunarsögu Blönduóss

**Umhverfisgildi**

**Mikið** – Sem hluti af gamla miðbæjarkjarnanum

**Upprunaleiki**

**Mikill** – Húsið hefur tekið litlum breytingum

**Ástand**

**Bokkalegt** – Inngönguskúr á bakhlið er hrörlegur og þarfnað lagfæringar ofl.


**Varðveislugildi**

**Mikið** → Ótvírátt sem elsta steinhús bæjarins og hluti af gömlu götumyndinni

**Niðurstaða varðveislumats:** Hús er friðað (blátt)

# AÐALGATA 9 - bakhús

byggingarár: 1970 FMR bygglingarefnl: steinsteypa stærð og notkun: 418.5m<sup>2</sup> / lönaður verndunarfl.: gúlur



Fyrsti eigandi húss:

Þorsteinn Húnfjörð

Upphafleg notkun: Bakari - Brauðgerðarhús

Upphafleg gerð húss:

Tegund Steinsteyp

Klæðning Múrsléttáð

Þakgerð Skáþak / einhalla

Þakklæðning Bárujárn

Undirstaða Steinsteyp

Útlit Ein hæð, einhalla þak



Hluti úr mynd frá 1976 (tuminn)



Núverandi ástand húss

## STAÐHÆTTIR

Húsið er skráð á sömu lóð og framhúsið, Aðalgata 9 og er það með aðkomu bæði frá Aðalgötu og Kopagötu, sem liggur samsíða Aðalgötu. Lóðin er skilgreind sem iðnaðar- og atvinnulóð. Áður stóðu smáhýsi (bakhús við Aðalgötu) á þessum stað. Víku þau fyrir þessum fulltrúa nýja tímans.

Myndin er frá 1930



Helstu breytingar:

- Ekki er vitað um breytingar á þessu húsi

# AÐALGATA 9 - bakhús



Myndin sýnir byggðina við Koppagötu fyrir byggingu nýv. iðnaðarhúss. Krútt (bakarí) var í lítla skúnum sem iðnaðarhúsnæðið var byggt við - (ártal óvisst ca. 1970)




Myndin sýnir iðnaðarhúsið frá Koppagötu - hún er frá árinu 2011

## SAGA

Áður stóðu á lóðinni nokkur smáhýsi, (bakhús við Aðalgötu) með aðkomu frá Koppagötu og eða Aðalgötu sbr. eldri myndir. Þessi hús hafa vikið þegar ráðist var í byggingu nýs iðnaðarhúsnæðis. Upphaflega var bakariið hér til húsa. Það hefur einnig verið notað sem timburverkstæði. Húsið hefur verið nýtt sem iðnaðarhúsnæði frá upphafi. Núverandi eigandi hússins er Lárus Jónsson, húasmíðameistari.

## BYGGINGARLAG, EFNI OG ÁSTAND

Húsið var reist í kringum 1970, það er dæmigert iðnaðarhúsnæði frá þeim tíma, og ágætis fulltrúi „Funkisstílsins“. Það virðist vera í þokkalegu ástandi að utan.



Lausleg hugmynd um uppgöttingu hússins / snið

## VARÐVEISLUMAT

### Byggingarlist

„Funkisstíll“

### Menningarsaga

Töluberð – Húsið og starfsemin í því er og hefur verið mikilvægur hlekkur í menningar- og athafnasögu Blönduóss

### Umhverfisgildi

Töluvvert – Aðkoma að húsinu er snyrtileg en mikilvægt er að gætt sé vel að umhverfinu á öllum hliðum hússins

### Upprunaleiki

Mikill – Húsið hefur sama og engum breytingum tekið

### Ástand

Þokkalegt

### Varðveislugildi


Töluvvert

### Niðurstaða varðveislumats:

Samstæð hús og heild sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

# AÐALGATA 10 - Tilraun

byggðingarár: 1907 byggðingarefnl: steinsteypa stærð og notkun: 238.3m<sup>2</sup> / íbúðarhús verndunarfl.: blátt



Fyrsti eigandi húss:

Bindindisfélagið Tilraun

Upphafleg notkun: Samkomuhús, skóli

Upphafleg gerð húss:

Tegund Steinsteyp

Klaðning Múrsléttad og málad

Þakgerð Valmaþak

Þakklæðning Bárujám

Undirstaða Steinsteyp

Útlit Ein hæð, hár kjallari, kvistir, úttröppur



Aðalgata til norðurs að Blöndubýggð - 2013

Helstu breytingar:

- 1940 Inngönguskúr
- 1968 Bíslag að norðav. rifið
- " Flutningur á dyrum
- 1970 Bíslag endurbyggt
- " Gluggabreyting
- 1999 Uppmæling á gluggum
- 2012 Endurgerð glugga í upprunalegt horf
- 1965 Bilskúr stækkaður



Núverandi ástand húss

## STAÐHÆTTIR

Húsið stendur sunnanmegin við kirkjuna undir brekkunni við Aðalgötu. Í næsta nágrenni er Gamla kirkjan reist 1894 og skáhallað á móti Þorsteinhús, eða Aðalgata 11, timburhús reist 1908. Húsið er vel staðsett sem endapunkturinn á beina kaflanum á Aðalgötu og er útsýni þaðan gott yfir byggðina og á haf út.

Myndin er frá 1930 - Aðalgata 10 er fremst á mynd



# AÐALGATA 10 - Tilraun



Mynd frá 1943



Mynd frá 1976



Austurhlið að Aðalgötu - 2013

## SAGA

Húsið var reist af Bindindisfélaginu Tilraun og nýtt sem samkomu- og fundahús. Bindindisfélagið mun hafa hætt skömmu síðar en 1926 var Templarafélagið enn við lýði og hélt fundi sína í bókasafnsstofnuni í "Tilraun" eins og húsið var kallað. Árið 1908 var sampykkt að gera Blönduós að sérstöku skólahéraði og síðla árs 1908 voru tvær stórar skólastofur á eftir hæð hússins teknar á leigu. Skólinn í Tilraun var rekinn þar frá 1908 – 1946. Þar var einnig aðstaða til fundahalda og Sýslubókasafn til húsa. Símstöð var rekin í húsinu árið 1912. Á neðri hæð hússins var íbúð. Nú er húsið eingöngu notað sem íbúð og sem gistiheimili.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er byggt 1907. Flokka mætti byggingarstílinn sem „Klassískan“. Húsið er eitt af 11 steinsteyptum húsum á Blönduósi, sem byggð voru fyrir 1910. Húsið er einnar hæðar steinhús á háum kjallara með valmaþaki. Upphaflega var gengið inn á aðalhæð hússins um inngönguskúr að sunnanverðu. Hann er nú horfinn en aðalinngangur er áfram á þeiri hlið. Bílskúr sunnan við hús var stækkaður 1965. Inngönguskúr var reistur 1940 að norðanverðu. Hann var rifinn 1968 og endurbýggður 1970. Árið 2013 var lokið endurgerð á gluggum og þeir færðir í upprunalegan stíl, húsið málað og ástand þess virðist gott.



Vesturhlið að brekkunni - 2013 - T.v. sést í þorsteinhús

# AÐALGATA 10 - Tilraun



Aðalgata 10 t.v. við kirkjuna - 2013



Horft til norðurs - Aðalinngangur - T.h. á mynd er Aðalgata 8



Horft af brekkunni yfir Blöndu - 2013

## VARÐVEISLUMAT

### Byggingarlist

Byggingarstíl gæti flokkast sem „Klassískur“

### Menningarsaga

**Mikil** – Sem samkomustaður og fyrsta skólahúsið (1906 -1946).

### Umhverfisgildi

**Mikið** – Stílhreint hús sem ásamt kirkjunni myndar endapunkt Aðalgötunnar

### Upprunaleiki

**Mikill** – Megin húsið er nánast óbreytt, formið hefur haldið sér og gluggar hafa verið færðir til fyrra útlits. Síðari tíma viðbygging er smágerð og rýrir ekki megin húsið og bílskúrar falla ágætlega inn í landslagið

### Ástand

**Gott** – Viðgerð hefur staðið yfir á húsinu og er ástand þess gott

### Varðveislugildi


**Mikið** – Sem hluti af gömlu byggðinni á Blönduósi

### Niðurstaða varðveislumats:

Hús er friðað (blátt)

# AÐALGATA 11 - Þorsteinhús

byggingarár: 1906 byggingarefnl: tilbur/stelnsteypa stærð og notkun: 208.3m<sup>2</sup> / ferðapjónusta verndunarfl.: blá



Fyrsti eigandi húss:

Þorsteinn Bjarnason

Upphafleg notkun: Íbúð og verslun

Upphafleg gerð húss:

Tegund Timbur, stafverk

Klaðning Timbur

Þakgerð Risþak

Þakklæðning Bárújám

Undirstaða Steinsteypk

Útlit Ein hæð, kjallari, kvistir, port, ris, útitröppur



Sumarið 2013 - Horft af brekkunni




Núverandi ástand húss eftir endurgerð - Búið er að innréttá kjallara til íbúðar

## STAÐHÆTTIR

Húsið stendur vestast við Aðalgötu, austanmegin götunnar áður en hún sveigir upp brekkuna. Aðkomu að húsinu er frá þeiri hlið sem samsíða er götunni, en var áður á suðurgaflinum. Aðalstræti 11 var reist í byrjun 20 aldarinnar og er ásamt nágrannahúsum með elstu húsum miðbæjkjamans. Frá húsinu er ágætis útsýni út á flóann til norðvesturs.

Myndin er frá 1930



Helstu breytingar:

- 1925 Settir tveir inngönguskúrar
- 1925 Tröppur steyptar
- 2008 Hús endurgert, kjallari hækkaður, nýjar tröppur, gluggar og timburklæðning sett á hús
- Glubbreytingar (ártal óvisst)
- Hús klætt með bárújámi (áó)
- 2012 Þakgluggi smiðaður

# AÐALGATA 11 - Þorsteinhús



Mynd frá f.hl. 20. aldar



Mynd frá 1930



Mynd tekin uppúr 1970


## SAGA

Þorsteinn Bjarnason bjó í húsinu og rak þar jafnframt verslun til dánardags árið 1937. Þá tóku Konráð Díomedesson og eiginkona hans Sigríður, dóttir Þorsteins við rekstrinum og ráku verslunina Val (Konnabúð) ásamt því að búa í húsinu. Hélt Sigríður rekstri verslunarinnar áfram eftir fráfall Konráðs árið 1955, allt fram á 7. áratuginn. Eftir að verslun lagðist af í húsinu var enginn skráður þar til heimilis uns Haraldur Haraldsson keypti húsið. Búið var í húsinu allt til ársins 2006, þegar Sigurður Jóhannesson keypti það og við töku gagngerar endurbætur. Búið hefur verið í húsinu frá upphafi en eftir á að gera endurbætur innanhúss.


## BYGGINGARLAG, EFNI OG ÁSTAND

Húsið er byggt 1906 í norscum „Zweitser“ stíl. Húsið er einnar hæðar timburhús á steyptum kjallara með portbyggðu risi og kvisti að götuhið. Upphaflega var það klætt með lárétti timburklæðingu að utan. Gengið var upp timburtröppur inn í húsið frá götuhið og vesturgafli, en þar voru þrep í báðar áttir. Gluggar voru með krosspóstum og hefðbundnum gluggaumbúnaði og útskornum vindskeiðum. Á mynd frá 1930 eru komnar steyptar tröppur og búið að reisa inngönguskúra á götuhið og á gafli. Gluggar og gluggaumbúnaður er óbreyttur. Á mynd sem

tekin er uppúr 1970 er búið að klæða húsið með bárujárni, fjarlægja inngönguskúr og tröppur á gafli og bæta við glugga (minni) á framhlið, sömuleiðis sem nokkrir gluggar hafa verið augnstungnir og fögum hefur fækkað. 2012 var húsið endurgert. Húsið var mjög illa farið og fékkst styrkur frá Húsafríðunarnefnd 2007 - 2009 til endurbóta að hluta. Nefna má að burðarviðir í húsinu eru upprunalegir. Kjallari var hækkaður og kjallaragluggar stækkaðir, inngönguskúr á götuhið fjarlægður og nýjar timburtröppur settar á götuhið og gafli. Báðum tröppum hefur verið snúið 180 gráður. Gluggaskipan á götuhið hefur verið jöfnuð (nú eru 3 samskonar gluggar með krosspóstum á aðalhæðinni) og inngöngudyr á sömu hlið færðar um eitt gluggabil. Gluggar hafa verið endurgerðir miðað við upprunalega gerð, sömuleiðis gluggaumbúnaður og bakskraut. Húsið er nú í toppástandi, og endurgerðin hefur tekist glæsilega, breytingar, sem gerðar hafa verið eru í samræmi við stíl og form hússins. Hækkan húss hefur verið leyst með hlöðnum steintröppun í framhaldi af timburtröppum. Þessi útfærsla stingur nokkuð í stúf við annars velheppnaða endurgerð hússins.



Aðalgata horft til suðausturs



\* Þetta hús var rifið 10. júní árið 2008

# AÐALGATA 11 - Þorsteinhús



## VARDVEISLUMAT

- |                               |   |
|-------------------------------|---|
| <b>Byggingarlist</b>          | „Norskur Zweitser“ stíll  |
| <b>Menningarsaga</b>          | Mikil – Húsið er sökum, aldurs, sögu, notkunar og gerðar með merkari húsum í þróunarsögu Blönduóss                    |
| <b>Umhverfisgildi</b><br>þess | Mikið – Húsið er eitt af elstu húsunum á Blönduósi og endurgerð þess er gott fordæmi í umhverfinu                     |
| <b>Upprunaleiki</b>           | Mikill – Breyingar sem gerðar hafa verið við endurgerð eru vel gerðar og í góðu samræmi við stíl hússins.             |
| <b>Ástand</b>                 | Gott – Húsið er nýuppgert og endurgerð þess hefur tekist prýðilega Ástand hússins er því eins og best verður á kosið. |
| <b>Varðveislugildi</b>        | Mikið – Sem hluti af gömlu byggðinni á Blönduósi  |

## Niðurstaða varðveislumats:


Hús er friðað (blátt)

Heimildir: Teikning : Dsk. tillaga 1998 gerð af Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttir - Ljósmyndir: (ljósm.: PJL)

„Texti: TGJ, stuðst við gamlar ljósmyndir og heimasiðutexta: [www.thorsteinshus.is](http://www.thorsteinshus.is).

# ÆDALGATA 13

byggingarár: 1945 bygglingarefnl.: steinsteypa stærð og notkun: 272,4m<sup>2</sup> / íbúðir verndunarfl.: rauður



Fyrsti eigandi húss:

Ókunnugur

Upphafleg notkun: íbúð ofl.?

Upphafleg gerð húss:

Tegund Steinsteyp

Klæðning Múrsléttáð

Þakgerð Valmaþapk

Þakklæðning Bárujárm

Undirstaða Steinsteyp

Útlit Tvær hæðir, kjallari og bískúr



Hóft af brekkunni yfir að Blöndu - 2013



Núverandi ástand húss - Suðurhlíð 2013

## STAÐHÆTTIR

Húsið er einskonar bakhús við Aðalgötu 11. Áður naut það m.a. aðhalds frá Aðalgötu 15, sem var jafnað við jörðu 2008. Gengið er inn í húsið frá suðurhlíðinni, en aðrein liggur uppmeð húsinu að inngangi og bílskúr. Bílskúrinn er umfangsmikill og er langhlíð hans samsíða Koppagötu. En þar var áður röð smáhýsa, sem sjá má á svart hvítu myndinni. Byggingarmagn er mikið á löðinni, en er húsið er hærra en nærliggjandi hús og því gott útsýni frá efri hæð þess.



Helstu breytingar:

- Gluggafögum breytt (áratl óvisst)
- Húsið klætt með trapesulaga málmklaðningu (áó)

Mynd t.h. er frá ca. 1972 (áó) - Myndin sýnir umhverfi hússins á þeim tíma. Smágerð aðliggjandi byggð veitti því aðhald og dró úr stærð bess en eftir að Aðalgata 15, t.v.á mynd var rifin (2011) og nýja iðnaðrhúsnæðið á baklöð Aðalgötu 9 ýtti smáhýsum við Koppagötu burt, stingur Aðalgarða 13 meira í stúf við umhverfið.

# AÐALGATA 13



Myndirnar eru frá 2012 - Horft niður Koppagötu



Norður- og austurhlíð - Bílskúr er orðinn aðar hrörlegur og gluggar birgðir



Suður- og vesturhlíð

## SAGA

Húsið var upphaflega einnar hæðar pakkhus, pakkhus verslunar Þorsteins Bjarnasonar. Langur skúr austan við húsið sambyggður pakkhusinu, var sláturhús Þorsteins. Síðar var byggð ein hæð ofan á pakkhusið og það gert að íbúarhúsi (ártal óvisst) og er það notkun rýmisins nú.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Stofninn að þessu húsi, sem er meira en 100 ára var ein hæð og byggt sem pakkhus. Hæðin ofan á er byggð í kringum 1947. Húsið er byggt í byggingarstíl, sem gæti flokkast undir afbrigði af íslenskum „Funkisstíl“. Húsið er nú tvílyft steinhús á kjallara. Húsið í heild sinni virðist á eldri myndum vera steypt, þússað og málað en var síðan klætt að utan með gulri trapesulagaðri málmklaðningu og gluggagerð var breytt (ártal óvisst). Ástand megin húss er þokkalegt, járn tiltölulega nýtt, en laga þarf bakhlið skúrs. (steypuskemmdir). Trépallur sem verið hefur frá upphafi á þaki skúrs er lítið aðlaðandi. Við endurgerð hússins í framtíð væri æskilegt að húsið yrði greint betur, mjög margt þarf að laga hvað snertir útlit þessa húss.

## VARÐVEISLUMAT

### Byggingarlist

Afbrigði af íslenskum „Funkis“

### Menningarsaga

Nokkur – Sem hluti af gamla miðbæjarkjarnanum

### Umhverfisgildi

Litið – Húsið stingur nokkuð í stúf við eldri og smágerðari hús í nágrenninu. Umhverfi þess er veikara eftir að minni hús í nágrenninu hafa verið fjarlægð

### Upprunaleiki

Líll – Húsið hefur breyst a.m.k. stærðarlega og ekki er vitað hvemig upprunalega pakkhusið leit út.

### Ástand


Þokkalegt – Húsið og nærumhverfi þess þarfust endurmats og umhirðu.

### Varðveislugildi

Tóluvert – Sem hluti af gamla miðbæjarkjarnanum.

### Niðurstaða varðveislumats:


Einstakt hús, húsaröð, götumynd, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)



\* Þetta hús var rifið 10. júní árið 2008

# AÐALGATA 17 - Berndsenhús / Sólheimar

byggingarár: Eldra hús byggt 1902 og flutt á þennan stað 1907  
breytingar: (núv. hús): 1956 byggingarefní; timbur stærð og notkun: 224.5m<sup>2</sup> / einbýlishús verndunarfl.: rauður



Fyrsti eigandi / byggandi húss:

Kristján Berndsen

Upphafleg notkun: Íbúðarhús

Upphafleg gerð húss:

Tegund Timbur


Klaðning Timburklaðning

Pakgerð Mænisþak

Pakkklæðning Bárújárn

Undirstaða Hlaðin

Útlit Ein hæð, kjallari og mænisþak (hátt ris)



Myndin er tekin e. 1945 (áó) - Frémst t.v. sést hús með mænisþaki og háu risi. Þetta hús nefndist Sólheimar. Því húsi var breytt 1956 í það lag sem sést á myndinni t.h. innan gulla reitsins.

Helstu breytingar:

- 1956 voru gerðar róttekar breytingar á húsinu:
- Rishæðin var tekið af húsinu og flatt þak sett í staðinn
- Byggt var við húsið og gluggum bætt við og breytt
- Húsið var klætt með asbestosplötum og málað




Mynd frá 2013 - horft yfir þorpið til sjávar - Búið er að jaðna við jörðu hús nr. 15, sem var fjarlægt 10. júní 2008

## STAÐHÆTTIR

Húsið í núverandi mynd er samsett úr eldra húsi frá 1902 / 1907 og breytingum, sem gerðar voru 1956. Það stendur nokkuð sér og undir brekkunni í gamla bænum og er aðkomna að því um aðrein frá Aðalgötu. Umhverfi hússins er vænt og grænt og matjurtagarðar á lóðinni. Viðsýnt er frá húsinu.

Myndin er tekin 1972 - Horft til norðausturs yfir þorpið frá brekkunni



# AÐALGATA 17 - Berndsenhús / Sólheimar



Mynd frá 2013 - Vesturhlíð



Mynd frá 2015 - Aðkoma og inngangar



Sumarið 2013 - Suðurhlíð að brekkunni

## SAGA

Húsið var upphaflega verslunarskúr Magnúsar Stefánssonar, kaupmanns frá Flögu og stóð niður undir Blöndu. Kristján Bemdsen, sem var verslunarþjónn hjá honum keypti skúrinn 1907 og flutti um set á þann stað sem húsið er nú. Kristján setti rishæð á húsið og klæddi það með plægðum og hefluðum borðum. Grunnur er undir húsinu, hlaðinn úr grjóti. Kristján bjó í húsinu til 1913, en flutti þá til Reykjavíkur. Magnús eignaðist húsið aftur og seldi það Kristni Einarssyni, söölasmiði. Árið 1922 eignaðist Þorfinnur Jónatansson, bóndi í Glaumbæ í Langadal húsið og flyttur í það ásamt fjölskyldu sinni. Agnar Guðmundsson, smiður keypti síðan húsið af dánarbúi Þorfinns afa síns árið 1952. Skömmu síðar fjarlægði Agnar rishæðina ofan af húsinu. Lyfti húsinu svo hærra yrði undir loft í kjallaranum og byggði síðan við kjallrann og 1. hæðina. Í kjallaranum undir gamla húsinu var hlaðið hringlaga ker, sem vatni var veitt úr brunni, sem var ofar í brekkunni. Þetta var kæliskápur þess tíma að öðru leyti var ekki vatnslögn í húsinu. Í húsinu býr nú háoldruð ekkja Agnars Guðmundssonar, og sonur.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Byggingrstíll núverandi húss mætti helst flokka undir „Funkisstíl“. En upprunalega húsinu var breytt verulega. Húsið er nú einlyft timburhús á kjallara með lágu einhalla þaki (flötu), klætt asbestplötum. Suður- og norðurhlíðar stallast niður með landinu og gefa húsinu sérstakan svip. Húsið hefur því algjörlega skipt um eðli og á lítið skylt við upprunalega húsið útlitslega séð. Sunnan við húsið er garður með trjám og runnum. Húsið þarfnaðst viðhalds.

Norðurhlíð hússins 2015 - Byggðin á brekkunni í baksýn



# AÐALGATA 17 - Berndsenhús / Sólheimar

Myndir frá 2013

Eftir mynd: Austurhlíð  
Neðri mynd: Horft upp eftir Aðlgötu til suðurs -  
Aðalgata 13 t.v.



Horft til austurs að Langadalsfjöllum




## VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	Húsið hefur á sér svipmót „Funkisstíls“
Menningarsaga	Töluberð – vegna upprunans og staðsetningarinnar
Umhverfisgildi	Tölubvert – Húsið situr fallega í brekkunni og myndar endapunktinn á Aðlgötu
Upprunaleiki	Lítil – Húsið hefur breyst verulega frá upphafi
Ástand	Hrörlegt – Húsið þarfast viðhalds
Varðveislugildi	Tölubvert – Sem hluti af gamla miðbæjarkjarnanum
Niðurstaða varðveislumats:	
<u>Einstakt hús</u> , húsaröð, götumynd, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)	

# Melshús / Sunnuhvoll / BREKKUBYGGD 2 - Sýslumannshúsið

byggingarár: 1922 - breytingar, st. (áó) bygglingarefnl: steinsteypa / vloðb.: tilbur stærð og notkun: 186,8m<sup>2</sup> / elnb.hús verndunarfl.: rauður



## Fyrsti eigandi húss:

Þórarinn Bjarnason

Upphafleg notkun: íbúðarhús

## Upphafleg gerð húss:

Tegund Steinsteyp

Klæðning Pússað og málað

Þakgerð Valmaþak

Þakklæðning Bárujárn

Undirstaða Steinsteyp

Útlit Ein hæð og kjallari

## Helstu breytingar:

- Húsinu var breytt (ártal óviss) - Mænisþak var sett á húsið og byggð viðbygging sunnan við það



Mynd frá 2016 - Austurhlíð

## STAÐHÆTTIR

Húsið stendur uppi á brekkunni fyrir ofan Sólheima. Göngustígur lá að húsinu beint upp brekkuna frá Aðalgötu. Bílvegurinn að húsinu var einnig um Aðalgötu og upp á Háumela, sem þá var aðal aðkomuleiðin að Blönduósi úr suðri. Húsið er fallega staðsett og þaðan nýtur víðs útsýnis yfir þorpið, flóann og til fjalla.

Mynd frá 2011 - Húsin á brekkunni



# BREKKUBYGGÐ 2 - Melshús / Sunnuhvoll / Sýslumannshúsið



Myndir frá 2016  
Austur- og Vesturland / Suðurgöf



Horf til norðvesturs yfir flóann og nlöur Aðalgötu að gamla bænum

## SAGA

Þórarinn Bjarnason byggði húsið 1907. Það hét í fyrstu Melshús. Þórarinn er sagður hafa borið mölina í steypuna í pokum á bakinu úr fjörunni og upp brekkuna á byggingarstað. Þórarinn stóð fremur stutt við í húsinu því hann flutti suður á land árið 1913. Hann leigði húsið út í fyrstu en seldi síðan Þorsteini Þorsteinssyni borgara árið 1915. Bogi Brynjúlfsson sýslumaður kaupir svo eignina af Þorsteini 1919. Um þetta leyti mun nafn hússins hafa breyst í Sunnuhvoll. Bogi bjó í húsinu til 1932. Árið eftir keypti Guðbrandur Ísberg sýslumaður húsið af Boga og bjó hann þar ásamt fjölskyldu sinni í 20-30 ár.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er steinsteypt hús, kjallari og ein hæð. Húsið var fyrst með valmaþaki, sem síðar var breytt. Líklegt er að þakgerð hússins hafi verið breytt úr valmaþaki í mænisþak (myndir vantar). Þá hefur verið byggð álma við húsið til suðurs (ártal óvisst) og er sú álma timburklædd að utan. Húsið hefur lítið verið skoðað en virðist við snögga sýn vera í sæmilegu ástandi.

## VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	Látlauðt hús
Menningarsaga	Töluluverð – Húsið hefur viss söguleg tengsl við þorpið f. neðan brekkuna
Umhverfisgildi	Töluluvert – Husið situr vel í umhverfinu
Upprunaleiki	Nokkur
Ástand	Sæmilegt
Varðveislugildi	Töluluvert – Vegna sögu og samhengis við þorpið

## Niðurstaða varðveislumats:


Einstakt hús, húsaröð, götumynd, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

# HÚSAKÖNNUN Á BLÖNDUÓSI 2015 / SKRÁNING HÚSA

HNJÚKABYGGÐ 4 (KOPPAGATA)

# HNJÚKABYGGÐ 4 - Hreppshús

byggingarár: 1945 byggingarefnl: stelnsteypa stærð og notkun: 241.4m<sup>2</sup> / íbúðarhúsnæðl verndunarfl.: gulur



Fyrsti eigandi húss:

Blönduóshreppur

Upphafleg notkun: íbúðarhús

Upphafleg gerð húss:

Tegund Steinsteyp

Klæðning Múrslejtáð

Þakgerð Valmaþak

Þakklæðning Bárujám

Undirstaða Steinsteyp

Útlit Einnar hæðar hús með kjallara og valmaþaki



Myndin er tekin 1930 og sýnir umhverfið 15 árum áður en Hreppshús var reist

Helstu breytingar:

- Húsið er nær óbreytt frá upphafi




Núverandi ástand - Inngangshlið að Koppagötu og suðurgæfl

## STAÐHÆTTIR

Húsið er reist 1945 og stendur nyrst á Möllerstúni. Það er skráð við Hnjúkabyggð 4, en snýr aðalhlíðinni að s.k. Koppagötu. Þetta er eina húsið sem stendur við þá götu sunnanverða. Hugsanlega er gatan jafngömul húsinu, en á myndinni t.v. frá 1930, sem tekin er frá svipuðu sjónarhorni og sú t.h. er hún ekki sjáanleg.

Myndin er líklega tekin ml. 1945 og 1950 - Horft yfir bæinn til norðurs - Gústubær í forgrunni



# HNJÚKABYGGÐ 4 - Hreppshús



Núverandi ástand 2015 - Inngangshlið að Koppagötu og norðausturgæl

## SAGA

Húsið er eins og áður segir reist 1945 sem íbúðarhús og í því eru nú skráðir 4 eignarhlutar eða 4 lítlar íbúðir á bilinu 50-70 m<sup>2</sup>. Ekki er vitað um ábúendasögu hússins.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Byggingarstíll er einskonar íslenskt afbrigði af „Funkisstí#“, sem algengur var á þessum tíma t.a.m. í Hlíðunum og Norðurmýri í Reykjavík. En það sem einkenndi hann m.a. var að flötu þaki var skipt út fyrir valmáþak og húsin voru oft hraunuð að utan. Húsið er einlyft steinhús á kjallara með valmáþaki.. Útveggir er múrsléttar og málar. Húsið virðist ekki hafa tekið breytingum í útliti frá upphaflegri gerð. Ástand hússins er þokkalegt.



Horft niður Koppagötu til norðausturs - 2015

## VARÐVEISLUMAT


- |   |   |
|---|---|
| <b>Byggingarlist</b>  | Afbrigði af íslenskum „Funkis“  |
| <b>Menningarsaga</b>  | <b>Nokkur</b> – Sem hluti af gamla miðbæjarkjarnanum  |
| <b>Umhverfisgildi</b>   | <b>Lítið</b> – Húsið stingur nokkuð í stúf við eldri og smágerðari hús í nágrenninu. Umhverfi þess er veikara eftir að minni hús í nágrenninu hafa verið fjarlægð |
| <b>Upprunaleiki</b>   | <b>Líll</b> – Húsið hefur breyst a.m.k. stærðarlega og ekki er vitað hvemig upprunalega pakkhúsið leit út.  |
| <b>Ástand</b>   | <b>Þokkalegt</b> – Húsið og nærumhverfi þess þarfast endurmats og umhirðu.  |
| <b>Varðveislugildi</b>  | <b>Tölувvert</b> – Sem hluti af gamla miðbæjarkjamanum.   |
| <b>Niðurstaða varðveislumats:</b>   |   |
| <u>Einstakt hús, húsaröð, götumynd, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiiliskipulagi (raut)</u> |   |

# HÚSAKÖNNUN Á BLÖNDUÓSI 2015 / SKRÁNING HÚSA

BLÖNDUBYGGÐ 1 - 14

# BLÖNDUBYGGÐ 1

byggðingarár: 1934 byggðingarefnl: tilmbur/stelnsleypa stærð og notkun: 99.6m<sup>2</sup> / þjónustustarf, verndunarfl.: rauður



## Fyrsti eigandi húss:

Kristinn Magnússon

Upphafleg notkun: Verslun

## Upphafleg gerð húss:

Tegund Timbur, stafverk

Klæðning Bárújárn

Þakgerð Gafslneitt þak

Þakklæðning Bárújárm

Undirstaða Steinsteyp

Útlit Ein hæð, kjallari



Myndin sýnir syðri bakka Blöndu og Strandafjöll í baksýn

## Helstu breytingar:

1944 Húsið lengt til norðvesturs

1999 Útihiurðir, gluggar, áfellur og skraut endursmíðað

" Ný bárújárnsklæðning sett á hús

" Uppmæling af húsinu var gerð af GJ ark. fai.



Mynd tekin uppúr 2011

## STAÐHÆTTIR

Húsið er vestasta húsið við Blöndubyggð. Húsið var byggt sem verslunarhús árið 1934 með gluggahlið og aðkomu frá götunni. Árið 1944 var húsið lengt til vesturs og breytt lítillega.

Húsið stendur við endann á Aðalgötu en gengt því er Aðalgata 2, Sæmundsenhús. Handan Aðalgötu er síðan Gamla Samkomuhúsið, eða Aðalgata 1, tveggja og hálfraðar hæðar bygging. Húsaröðin við sjálfa Blöndubyggð er hins vegar í svipuðum mælikvarða og Blöndubyggð 1, látlaus og smágerð.



# BLÖNDUBYGGÐ 1



Mynd frá 1943



Mynd frá 1994



Mynd teklin uppúr 2011 - Suðurhlöð eftir endurgerð

## SAGA


Kristinn Magnússon frá Kleifum byggði húsið sem verslunarhús og rak þar verslun fram til ársins 1944. Kaupfélag Húnvetninga keypti verslunina, byggði við húsið og rak þar verslunarútitíbú fram yfir 1960. Uppúr 1960 kaupir Blönduósbær húsið og er eigandi þess nú. Árið 1999 voru gerðar gagngerar endurbætur á últiti hússins og það fært í gerðina frá 1944. Þar er nú aðstaða fyrir AA samtökin.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er byggt 1934 í fábrotnum „Alþýðustíl“. Það er einnar hæðar timburhús á steyptum kjallara (hæð í kj. 1.9 m). Árið 1944 var húsið lengt til vesturs og er viðbyggingin af sömu gerð. Við lenginguna verða þær breytingar á húsinu að í stað hurðar í 3ja fagi austan frá á framhliðinni er kominn líttill gluggi og inngangur frá götu hefur verið fluttur vestast á húshliðina, (sjá mynd frá 1994). Gengið er í kjallara frá norðurgafla. Árið 1999 var húsið endurgert og fært í gerðina frá 1944. Var það mælt upp og hurðir, gluggar, og umbúnaður þeirra teiknað upp og endursmíðað. Nýr gluggi var settur á norðurgaflinn og bárujárnsklæðning endurnýjuð bæði á veggjum og þaki. Húsið er í góðu ástandi en þarf nást málningar




Núverandi úlit / Austurgat - Sæmundsenshús t.v.



Blöndubyggð horft til norðausturs

# BLÖNDUBYGGÐ 1




## VARDVEISLUMAT

- Byggingarlist** Fábrotinn „Alþyðustíll“  
**Menningarsaga** Mikil – Húsið er þáttur í verslunarsögu Blönduóss  
**Umhverfisgildi** Mikið – Húsið stendur fallega við Blöndu og endann á Aðalgötu  
**Upprunaleiki** Mikill – Húsið hefur haldið upprunaleika sínum  
**Ástand** Gott – Húsið er í góðu ástandi, en þarfast málningar. Nærumhverfi þarfast snyrtigar  
**Varðveislugildi** Mikið  
**Niðurstaða varðveislumats:**  
Einstakt hús, húsaröð, götumynd, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

# BLÖNDUBYGGÐ 2 - Hillebrandtshús

byggingarár: Á Blönduósl 1877 / endurgert: 1994-1996 byggingarefnl: tímber stærð og notkun: 215.8m<sup>2</sup> / safn verndunarfl.: blár



Fyrsti eigandi húss:

Friðrik Hillebrandt, faktor

Upphafleg notkun: Verslun

Upphafleg gerð húss:

**Tegund** Timbur, bindingur

**Klæðning** Timbur (löörétt óhefluð borð) Hj. St.

**Pakgerð** Risþak

**Pakklæðning** Tjörupappi (bls. 26 Hj. St.)

**Undirstaða** Hlaðið grjót

**Útlit** Ein hæð, kjallari og ris

**Helstu breytingar:**

Miklar breytingar hafa verið gerðar á húsinu í tímans rás og má lesa um þær í greinargerð sem gerð var af Hjörleifi Stefánssyni arkitekt, sem annaðist úttekt á húsinu, uppmælingu og endurgerð bess til upprunalegs stíls. (Hillebrandtshús á Blönduósi greinargerð 31.3.1993) Flestar breytingarnar virðast eiga sér stað uppúr 1940. Húsið fékk á sig kvist með einhalla þaki að sunnanverðu sem síðar var staekkaður og náði í staekkaðri mynd yfir allan þakflötinn. Kvistur var sömu leiðist settur á þakflötinn, götumegin. Húsveggir voru múnihúðaðir og hjúpaðir skeljasandsmulningi. Veggir kvistanna voru klæddir asbestosplötum. Samhlíða staðkun fjölgðaði gluggum. Nú hefur húsið verið endurbyggt og fært í upprunalegan stíl.



Mynd frá 2010 - Suðurhlíð

## STAÐHÆTTIR

Talið er að húsið hafi verið reist á Hólanesi (Skagaströnd) um miðja 18. öldina, en þaðan var það flutt til Blönduóss 1877. Það var reist sem pakkhús og verslunarhús. Inngangur var að sunnanverðu um 2 pakkhúsdyr og hefur endurgerð þess tekið mið af því. Hafissetrið hefur nú húsið til afnota.

Myndin er frá 1877 er Hillebrandtshúsið er í byggingu, búið er að slá upp grindinni. Önnur hús á myndinni hafa týnt tölunni



Heimildir: Kort af gamla bænum á Blönduósi / TGJ 2013 - Ljósmyndir: Gömum mynd (ljósm. ókunnur) Ljósmyndasafn Austur-Húnavaatnssýslu / Önnur: (ljósm.: PJL) / Texti: TGJ, stuðst við ljósmyndir offl.

# BLÖNDUBYGGÐ 2 - Hillebrandtshús



Mynd frá um 1943



Mynd uppúr 1943 - "Líkkistan" sést vel fyrir framan Hillebrandtshús



Myndr frá 1994 - Séð frá Hnjúkabyggð




Horft austur Blöndubyggð

## SAGA

Húsið stóð fyrst á Skagaströnd en var reist á Blönduósi árið 1877 sem verslun og pakkhus. Ekki er vitað hver smíðaði húsið, en Sverrir Runólfsson hlóð kjallarann undir húsið. Hillebrandt verslunarstjóri á Hólanesi (Skagaströnd) léti byggja húsið. Húsið skipti oft um eigendur fram undir 1940, og virðist hafa verið vörugeymsla í því frá upphafi. Ástand þess var þá talið slæmt. (Sjá greinargerð Hj. Stefánssonar frá 1993). Uppúr 1940 eignaðist Björn Einarsson húsið og var innréttuð íbúð í vesturhluta þess og smiðaverkstæði í austurhlutanum. Björn stóð fyrir kvistabyggingunum, það mun hafa verið ætlun hans að gera sérstaka íbúð í risinu, en aldrei varð þó af því. Árið 1992 eignaðist bæjarsjóður Blönduóss húsið. Vinna við endurbyggingu hófst 1994 og lauk á 120 ára verslunarafmæli Blönduósbæjar árið 1996. Aðalráðgjafi við endurbygginuna var Hjörleifur Stefánsson arkitekt. Nú er það nýtt sem safn og hefur Hafissetrið þar aðsetur eins og fyr er getið.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er byggt 1877 í fábrotnum „Alþýustíl“. Húsið fékk á sig kvist með einhalla þaki að sunnanverðu sem síðar var stækkaður og náði í stækkaðri mynd yfir allan þakflötinn. Kvistur var sömuleiðis settur á þakflötinn, götumegin. Húsveggir voru múrhúðaðir og hjúpaðir skeljasandsmulningi. Veggir kvistanna voru klæddir asbestplötum. Samhliða stækkun fjlgaði gluggum. Nú hefur húsið verið endurbyggt og fært í upprunalegan stil. Húsið er í góðu ástandi.



Hlut Blöndubyggðar horft til suðvesturs

# BLÖNDUBYGGÐ 2 - Hillebrandtshús



Vesturgaffi - 2012



Suðurhlíð og austurgaffi - 2011



Norðurhlíð að Blöndubyggð - 2012

## VARÐVEISLUMAT


- |                        |   |
|------------------------|---|
| <b>Byggingarlist</b>   | Einfalt hús að allri gerð í fábrotnum „Almúgastíll“   |
| <b>Menningarsaga</b>   | Mikil – Húsið er elsta uppistandandi húsið á Blönduósi og einstök heimild um verslunar- og þróunarsögu gamla bæjarins |
| <b>Umhverfisgildi</b>  | Mikið – Það er ómissandi fyrir götumynd Blöndubyggðar og mikil bæjarprýði   |
| <b>Upprunaleiki</b>    | Mikill – Húsið hefur verið endurgert og fært til upprunalegs horfs  |
| <b>Ástand</b>          | Gott – Húsið er í góðu ástandi  |
| <b>Varðveislugildi</b> | Mikið   |

### Niðurstaða varðveislumats:

Húsið er friðað sökum aldurs og varðveitt í bláum flokki.

BLÖNDUBYGGÐ 3 - Lárettuhús / Sólbakki

byggingarár: 1928 byggingarefnl: stelInsteypa stærð og notkun: 89,8m<sup>2</sup> / íbúð verndunarfl.: rauður



## Fyrsti eigandi húss:

Ólafur Jónsson

## Upphafleg notkun: Íbúðarhús

## Upphafleg gerð húss:

<b>Tegund</b>	Steinsteypt
<b>Klæðning</b>	Múrsléttáð
<b>Pakgerð</b>	Mænisþak
<b>Pakkklæðning</b>	Bárujárn
<b>Undirstaða</b>	Steinsteypt
<b>Útlit</b>	Ein hæð, kjallari og ris

## **Helstu breytingar:**

- 1970 Settir timburkvistir á húsið með einhalla bárujárnspókum
  - 1999 Húsið mælt upp af Teknustofu Guðrúnar Jónsdóttur og upprættir gerðir af nýjum gluggum ofl.
  - Gert hefur verið við nokkrá glugga og kvistir klæddir með bárujárnaskærðingu



Blöndubyggð horft til vesturs - Hillebrandshús fremst vinstra megin



Götuhlið - mynd frá 2010

STAÐHÆTTIR

Húsið stendur norðan götunnar á syðri bakka Blöndu. Það var reist 1928 sem íbúðarhús. Gluggar eru á öllum hliðum hússins og á þaki og er útsýni gott yfir ána og ósinn. Gengið er inn í húsið upp þrjár steyptar tröppur beint frá götunni inn á aðalhæðina, en í kjallara hússins á vesturgaflí.

Myndin er frá 1943 - Horft niður Aðalgötu og yfir Blöndu



# BLÖNDUBYGGÐ 3 - Lárettuhús / Sólbakki



Hluti úr mynd frá 1943 - Upprunalegt útlit



Myndir frá 2010 - Vesturgafi




Norðurhlíð að ánni og vesturgafi

## SAGA

Húsið Blöndubyggð 3 er einnig þekkt undir nafninu Sólbakki 8. Fyrsti eigandi þess og byggjandi var Ólafur Jónasson. Hann byggði húsið árið 1928 yfir Lárettu Stefánsdóttur, sem kom ekki vestan úr Sýslu til Blönduóss. Ólafur varð síðan eiginmaður hennar. Hann seldi þormóði Jakobssyni og Halldóri Stefánssyni árið 1944. Þess má geta að húsið var skátaheimili á árunum milli 1980 og 1990. Seinni eigendur eru Ágúst Þór Bragason, og síðar Helga Halldóra Ágústsdóttir. Nú er skráður þar til heimilis Ögmundur Þorgeirsson. Húsið hefur ávallt verið notað til íbúðar.

## BYGGINGARLAG, EFNI OG ÁSTAND

Húsið er í fábrotnum „Alþýðustíl“. Það er steinsteypt einnar hæðar hús á kjallara með risi og kvistum í þakfleti. Árið 1970 voru timburkvistir settir á húsið með einhalla bárujárnspökum og veggir klæddir að utan með furukrossvið. Árið 1999 var húsið mælt upp af Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur og gerðir uppdrættir að nýjum gluggum ofl. Síðan þá hefur verið gert við glugga í húsinu, útihurð verið endurnýjuð og kvistir klæddir bárujárnsklæðningu í stað krossviðar. Húsið er í nokkuð góðu ástandi.



Blöndubyggð horft til norðausturs

# BLÖNDUBYGGÐ 3 - Lárettuhús / Sólbakki



Núverandi útlit



Horft austur Blöndubyggð - Blöndubyggð 10 (Símsstöðin) fyrir endann á myndinni

## VARÐVEISLUMAT

**Byggingarlist** Einfalt hús að allri gerð

**Menningarsaga** Mikil – Húsið hefur verið hluti götumyndar Blöndubyggðar í um 86 ár

**Umhverfisgildi** Mikið – Það er hluti af gamalli fjölskrúðugri götumynd Blöndubyggðar

**Upprunaleiki** Töluverður – Húsið er tiltölulega lítið breytt frá upprunalegu útliti ef frá eru taldir kvistirnir

**Ástand** Gott – Húsið er í nokkuð góðu ástandi


**Varðveislugildi** Mikið – Sem hluti af gamalli götumynd

## Niðurstaða varðveislumats:

Einstakt hús, húsaröð, götumynd, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (raut)

# BLÖNDUBYGGÐ 4

byggingarár: 1940 byggingarefnl: steinsteypa stærð og notkun: 174.2m<sup>2</sup> / elnbýllshús vermdunarfl.: rauður



Fyrsti eigandi húss:

Águst Jónsson, bifreiðastjóri

Upphafleg notkun: íbúðarhús

Upphafleg gerð húss:

**Tegund** Veggir steyptir að utan, síðan reiðingur og steypa innst

**Klæðning** Skeljasandsáferð

**Pakgerð** Einhalla

**Bakklæðning** Bárujárn

**Undirstöður** Steinsteypar / kjallari steyptur

**Útlit** Ein hæð, kjallari og útitröppur



Suðurhlið að garði



Norðurhlið að Blöndubyggð og Inngangshlið að vestanverðu

## STAÐHÆTTIR

Húsið var reist 1943 sem einbýlishús. Gengið er inní húsið upp tröppur á vesturhlið þess. Rúmgóður garður með bílastæði við inngang er sunnan og austan hússins, en lóðin er ógirt og vanhirt að Koppagötu og Hnjúkabyggð. Að Blöndubyggð er steinsteypt girðing og timburgirðing á milli Blöndubyggðar 4 og 6B. Syðst á lóðmörkunum er skúr sem virðist vera á sér lóð. (háspennuskúr). Óhindrað útsýni er til norðurs yfir Blöndu, en gatan liggur hér svo að segja í fjörükantinum.

Myndin er frá 1943 - Horft niður Aðalgötu og yfir Blöndu



Helstu breytingar:

- E.t.v. gaði verið um að ræða breytingar á gerð gluggapósta. Hugsanlega hafa verið gerðar breytingar á frágangi þaks. Málað hefur verið yfir skeljasandsáferð á múnnum utanhúss. Ekkert af þessu er skráð hjá byggingarfulltrúa.

# BLÖNDUBYGGÐ 4



Myndir frá 2010 - Útlit að Blöndubyggð



Útlit að Koppagötu - Vesturhlíð


## SAGA

Einar Thorsteinsson seldi verslun sína árið 1942. Ágúst Jónsson keypti þá húsið á „íshúslóðinni“. Fékk hann leyfi til að rífa íshús Möllers, sem þarna stóð til þess að fá timbur í byggingu íbúðarhúss sem hann reisti á lóðinni. En erfitt var að fá timbur á þeim tíma. Húsið sem Ágúst reisti stendur enn og hefur alla tíð verið notað til íbúðar. Núverandi eigendur eru Bergþóra Huld Birgisdóttir og Harald Ragnar Jóhannesson. Ágúst var með bensínsölu handan götunnar á árbakkanum rétt austan við hús nr. 5 við Blöndubyggð. Ummerki um hana eru nú horfin.

## BYGGINGARLAG, EFNI OG ÁSTAND

Húsið er byggt 1943 í „Funkisstíl“. Húsið er steinsteypt einnar hæðar hús á kjallara. Veggir fyrstu hæðar eru tvöfaldir með reiðingi á milli. Þakgerð er einhalla þak. Steyptar útitröppur eru á vesturhlíð hússins. Litlar breytingar hafa verið gerðar á húsinu í gegnum tíðina. Hugsanlegt er að gluggagerð hafi verið lítillega breytt. Upphaflega var húsið með skeljasandsáferð, en nú hefur verið málað yfir hana. Austurgafl virðist vera klæddur með steniplötum og spurning er hvort

frágangi á þaki hafi verið eitthvað breytt. Reynt hefur verið að að grafast fyrir um þessar breytingar, en þær eru ekki skráðar hjá byggingarfulltrúa og ekki hefur tekist að upplýsa hvort, eða hvenær þær hafa átt sér stað. Kjallari er undir húsinu og er inngangur í hann á bakhlið útitröppu. Ástand hússins er þokkalegt, en lóð ógirt að Koppagötu og Hnjúkabyggð.



10

Blöndubyggð horft til suðvesturs

# BLÖNDUBYGGÐ 4



Sumarið 2013 - Blönduós í baksýn



Mynd frá 2010 - Blöndubyggð til vesturs

## VARÐVEISLUMAT


- |                        |  |
|------------------------|--|
| <b>Byggingarlist</b>   | Besta dæmið um „Funkishús“ á Blönduósi   |
| <b>Menningarsaga</b>   | Mikil – Húsið er hluti af menningarsögu Blönduóss                                |
| <b>Umhverfisgildi</b>  | Mikið – Hluti af gamalli götumynd  |
| <b>Upprunaleiki</b>    | Mikill – Ásýnd óbreytt að mestu leyti  |
| <b>Ástand</b>          | Fremur gott – En hefði þurft að gera við það í samræmi við upprunalega gerð þess |
| <b>Varðveislugildi</b> | Mikið – Sem hluti af gamalli götumynd  |

### Niðurstaða varðveislumats:

Einstakt hús, húsaröð, götumynd, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

# BLÖNDUBYGGÐ 5

byggingarár: 1940 byggingarefnl: steinsteypa stærð og notkun: 103.1m<sup>2</sup> / elnbýllshús vermdunarfl.: rauður



Fyrsti eigandi húss:

Halldór Albertsson

Upphafleg notkun: Verslun

Upphafleg gerð húss:

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrslétað
Þakgerð	Einhalla
Þakklæðning	Bárujárn
Undirstaða	Steinsteypt
Útlit	Ein hæð, kjallari og útitröppur

Helstu breytingar:

Gluggum hefur fólgað og verið breytt



Götuhliðar Blöndubýggðar 3 og 5



Suðvesturhlið að Blöndubýggð - Núverandi ástand

## STAÐHÆTTIR

Húsið stendur á bakka Blöndu. Það var reist 1940 sem verslunarhús. Gengið er inní húsið upp tröppur frá götunni. Úr húsinu sést til allra átta, en gluggar eru nú á öllum hliðum þess, hvort svo hefur verið upphaflega eru ekki varðveittar heimildir um. Lóðin er ógirt.

Myndin er frá 1973 - Hér sést á húsið í sinni upprunalegu mynd - Hreppshús er fremst við Koppagötu



# BLÖNDUBYGGÐ 5



Núverandi ástand - Úllit að Blöndubyggð



Austurgall og bakhlið að Blöndu



Götumynd Blöndubyggðar 2015 - Hér sést frágangur á baklöð


## SAGA

Í skjöldum byggingarfulltrúa stendur eftirfarandi: „Húsið stendur á lóð, sem skipt var út úr lóð Þorsteins Bjarnasonar, er hann átti útmælda skv. lóðarbréfi dags. 10.8.1913. Síðan hefur þessi partur verið af hendi láttinn þótt ekki finnist heimild fyrir því. Lóðin er ógirt og á að fara undir götu“.

Halldór Albertsson kaupmaður, sem unnið hafði hjá verslun E. Thorsteinsson byggði húsið og hóf þar verslunarrekstur. Halldór var fyrsti umboðsmaður Happdrættis Háskólans á staðnum og annaðist einnig um tíma veðurathuganir. Húsið var fyrsta útibú Kaupfélagsins fyrir innan á. Halldór var útibústjóri í 1-2 ár, síðan hóf hann að versla á eigin vegum. Síðar komu til Halldór Þorgrímsson og Hjálmar Eyþórsson og ráku í húsinu raftækjaverslun. Á eftir þeim tóku við Valur og Sævar Snorrasynir með hliðstæða starfsemi. Nú er húsið skráð sem íbúðarhús.

## BYGGINGARLAG, EFNI OG ÁSTAND

Húsið er byggt 1940 í einföldum „Funkisstíl“. Það er steinsteypt, sléttmúrað einnar hæðar hús á kjallara. Timburklæðning hefur nýlega verið sett undir glugga og á sökkli á vesturafli hússins (sjá mynd á fyrri síðu). Þakgerð er einhalla þak. Innkoma á hæðina er um tvíhliða steinsteyptar tröppur frá götuhiðinni með timburhandriði. Gluggabreytingar hafa átt sér stað. Á eldri ljósmynd (áð) má sjá að gaflar og bakhlið eru gluggalaus. Ekki er innangengt í kjallara utanfrá. Ástand hússins er gott, og lóðin bakatil er snyrtileg.



Blöndubyggð horft til norðausturs

# BLÖNDUBYGGÐ 5



Blöndubyggð - horft til vesturs



Sumarhlöð 2013

## VARDVEISLUMAT


- |                        |  |
|------------------------|--|
| <b>Byggingarlist</b>   | Einfaldur „Funkisstíll“  |
| <b>Menningarsaga</b>   | Mikil – Húsið er hlekkur í verslunarsögu Blönduóss                         |
| <b>Umhverfisgildi</b>  | Mikið – Stórbrotin staðsetning við Blöndu                                  |
| <b>Upprunaleiki</b>    | Töluberður – Húsið er óbreytt að formi til en bætt hefur verið við gluggum |
| <b>Ástand</b>          | Gott – Gott  |
| <b>Varðveislugildi</b> | Mikið – Húsið er hluti af gamalli götumynd                                 |

### Niðurstaða varðveislumats:

Einstakt hús, húsaröð, götumynd, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)

# BLÖNDUBYGGÐ 6 - Friðfinnshús

byggingarár: 1896 byggingarefnl: tlmur, stafwerk stærð og notkun: 137.9m<sup>2</sup> / elnbýllshús verndunarfl.: blár



## Fyrsti eigandi húss:

Tilheyrdi Möllersverslun

**Upphafleg notkun:** Starfsmannahús / íbúðarhús

## Upphafleg gerð húss:

Tegund	Timbur
Klæðning	Bárujám
Þakgerð	Rispak
Þakklæðning	Bárujám
Undirstaða	Hlaðin úr hraungryti eða grjófi
Útlit	Ein hæð, ris, innögunguskúr og úttöppur

## Helstu breytingar:

Húsið hefur verið gert upp



Mynd frá 2010 - Útlit að Blöndubyggð

## STAÐHÆTTIR

Húsið er reist 1896 sem starfsmannahús f. Möllersverslun. Það er því eitt af elstu húsum á Blönduósi og er nær óbreytt frá upphafi.

Húsið í upphaflegri gerð um 1900 - Litið timburklætt bíslag er á gaflí og svo virðist sem timburklædd viðbygging hafi einnig verið á öndverðum gaflí



# BLÖNDUBYGGÐ 6 - Friðfinnshús



Mynd frá 2010 - Útlit að garði og Hnjúkabyggð hér er komið nýtt bíslag (inngangur)



Mynd frá 1994 - Fyrir endurgerð

## SAGA


Möller kaupmaður lét reisa þetta hús fyrir starfsmenn verslunar sinnar. Íbúðarhúsið komst síðar í eigu Rögnvaldar Sumarliðasonar. Húsið hefur líka gengið undir nafninu Friðfinnshús. Húsið hefur alltaf verið notað til íbúðar.

## BYGGINGARLAG, EFNI OG ÁSTAND

Húsið er byggt 1896 í „Norrænum“ byggingarstíl. Húsið, sem er eitt af elstu húsunum á Blönduósi er járnvarið timburhús með háu risi. Það stendur á hlöðnum sökkli. Húsinu hefur sára lítið verið breytt að utan frá upprunalegri gerð og hefur það nú verið gert upp og er ástand þess all gott. En grindverki við húsið þyrfi að breyta.



Endurgerð glugga hafin (áó)



Blöndubyggð horft til suðvesturs

# BLÖNDUBYGGÐ 6 - Friðfinnshús



Blöndubyggð 2013



Myndin er tekin sumarlø 1994 frá Hnjúkabyggð

## VARDVEISLUMAT


<b>Byggingarlist</b>	Húsið er góður fulltrúi timburhúsa frá þessum tíma
<b>Meningarsaga</b>	<b>Mikil</b> – Húsið er eitt af elstu húsunum á Blönduósi og hluti af menningarsögu staðarins
<b>Umhverfisgildi</b>	<b>Mikið</b> – Sem hluti af elstu byggðinni í þorpinu
<b>Upprunaleiki</b>	<b>Mikil</b>
<b>Ástand</b>	<b>Gott</b> – Húsið hefur verið gert upp og er vel viðhaldið en grindverk samræmist ekki útliti hússins
<b>Varðveislugildi</b>	Húsið er mikilvægur hluti af umhverfi Blöndubyggðar, en sú götumynd er ein elsta götumynd bæjarins

## Niðurstaða varðveislumats:

Hús er friðað (blátt)

# BLÖNDUBYGGÐ 6B - Hús Halldórs Albertssonar

byggingarár: 1924 byggingarefnl: tímber, stafverk stærð og notkun: 99.0m<sup>2</sup> / elnbýllshús verndunarfl.: rauður



Núverandi ástand - Útlit að Hnjúkabyggð

## Fyrsti eigandi húss:

Hinrik Berndtsen

Upphafleg notkun: Íbúðarhús, verslun



Mynd frá 1994

## Upphafleg gerð húss:

Tegund Steinsteyppt

Klæðning Múrsléttad

Þakgerð Einhalla

Þakklæðning Pappi

Undirstáða Steinsteyptar

Útlit Ein hæð, kjallari, útitröppur

Horft yfir Blöndu - Gústubær f forgrunni (ártal óvist)



## Helstu breytingar:

- Húsið hefur verið einangrað og klætt að utan með liggjandi klæðningu.

# BLÖNDUBYGGÐ 6B - Hús Halldórs Albertssonar



Hluti úr gamalli mynd (ártal óvissit)



Mynd frá 2010



Núverandi ástand - Mynd frá 2011

## SAGA

Hinrik Berndtsen byggði húsið, bjó og rak þar verslun. Hinrik flutti frá Blönduósi og stofnaði „Blóm og ávexti“ í Reykjavík. Síðar keyptu húsið Halldór Albertsson og Kristiana kona hans. Halldór lengdi húsið 1938. Húsið hefur síðan eingöngu verið notað til íbúðar.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er byggt 1924 í fábrotnum „Alþýðustíl“. Húsið, er einnar hæðar steinsteypt hús með einhalla þaki. Undir því er steyptur kjallari. Húsið hefur verið gert upp og últli þess breytt verulega, þó ekki hafi verið gerðar breytingar á stærðum og staðsetningu glugga- og hurðaopa. Frá byrjun bar það öll merki steinhúss en hefur nú íklæðst timburhúsahjúp og hefur verið klætt að utan með láréttri timburklæðningu. Gluggaumbúnaður og þakkantur taka mið af því. Húsið hefur nú verið málæð í sömu litum og framhúsin og er ástand þess snyrtilegt.

## VARÐVEISLUMAT

**Byggingarlist** Húsið er eina dæmið á Blönduósi um þessa húsagerð

**Menningarsaga** **Töluberð** – Húsið er hluti af gömlu húsabyrpungunni sem enn stendur innan Blöndu og hefur visst menningargildi

**Umhverfisgildi** Töluvvert


**Upprunaleiki** Nokkur – Gildi hússins hefur þó rýrnað við síðustu viðgerðir

**Ástand** Gott – Húsið er í góðu standi og umhverfi snyrtilegt

**Varðveislugildi** Töluvvert

### Niðurstaða varðveislumats:


Hluti af gamla byggðakjarnanum, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi (rautt)



Hnjúkabyggð horft til norðausturs

# BLÖNDUBYGGÐ 8 - Vilmundarstaðir

byggingarár: 1913 byggingsarefn: steinsteypt stærð og notkun: 160.6m<sup>2</sup> / íbúðarhús (tvíbýll) verndunarfl.: blá



Fyrsti eigandi húss:

Þuríður Sæmundsdóttir

Upphafleg notkun: íbúðarhús

Upphafleg gerð húss:

Tegund Steinsteptypt

Klæðning Múrsléttáð

Þakgerð Valmaþak

Þakklæðning Bárújám

Undirstaða Steinsteypar

Útlit Ein hæð, kjallari, inngönguskúr og útitröppur, áfastur bískúr



Mynd frá 2013 - Götuhill og vesturgafi



Mynd frá 2013 - Útlit að Hnjúkabyggð

## STAÐHÆTTIR

Upprunalega húsið er reist 1913 sem íbúðarhús. Það var lengt og er nú tvíbýlishús: Aðkoma að neðri hæð er frá götu en að efri hæð um útitröppur á garðhlið. Á austurlöðamörkum er gamall steinsteyptur bílskúr. Frá húsinu er óhindrað útsýni, austurgafi hússins er þó gluggalaus.

Hort yfir Blöndu - Gústubær í forgrunni t.v. - Mynd frá 1930



## Helstu breytingar:

- Húsið var lengt til vesturs árið 1940. Skúr, sem áfastur var því að austanverðu hefur verið fjarlægður. Á vesturhlíðinni var inngangur um útitröppur og bíslag uppá efri hæðina. Við lenginguna var inngangur á efri hæð fluttur á suðurhlíðina. Í húsinu eru nú skráðar tvær íbúðir. Gluggar eru annarrar gerðar í viðbyggingu en í upprunalega húsinu.

# BLÖNDUBYGGÐ 8 - Vilmundarstaðir



Hluti úr gamalli mynd frá 1930



Mynd frá 2010 - Húsið hefur verið lengt til vinstrí og nýr inngangur er kominn á söurhlið




Mynd frá 2011

## SAGA

Kristinn Pálsson frá Kleifum keypti húsið 1930 og bjó þar til 1952 er hann flutti í Kleifar. Þá keyptu húsið Vigdís Jónsdóttir, kennslukona og Eiríkur Halldórsson maður hennar, Björn sonur þeirra og Alda Theodórsdóttir kona hans. Margar fjölskyldur hafa búið í húsinu í gegnum árin. En það hefur alltaf verið notað til íbúðar.

## BYGGINGARLAG, EFNI OG ÁSTAND

Húsið er byggt 1913 í fábrotnum „Alþýðustíl“. Húsið er einnar hæðar steinsteypt hús með valmabaki. Undir því er hár kjallari. Á austurhlið hússins var áfastur skúr (sjá eldri myndir) síðar fjarlæðogur. Húsið var lengt 1939 til vesturs í sama stíl og upprunalega húsið. Inngönguskúr, sem var á vesturafli var fjarlægður þegar húsið var lengt og nýr inngangur settur á suðurhlið (garðhlið hússins) upp á efri hæðina um steyptar útitröppur. Húsið hefur nýlega verið málað að utan og þak þess endurnýjað. Ástand þess er þokkalegt en löðin er nokkuð umkomulaus.



Hnjúkabyggð horft til norðausturs

# BLÖNDUBYGGÐ 8 - Vilmundarstaðir



Mynd frá 2011 - Blöndubyggð til norðurs



Mynd frá 2011

## VARÐVEISLUMAT

**Byggingarlist** Látlauast hús

**Menningarsaga** Töluverð – Húsið er hluti af sögu gamla bæjarkjamans

**Umhverfisgildi** Tölувert

**Upprunaleiki** Töluvvert – Húsið hefur haldið upprunaleika sínum, en viðbygging var gerð í sama stil - Gluggar í viðbyggingu eru þó annarrar gerðar en í upprunalega húsinu


**Ástand** Þokkalegt – Húsið hefur nýlega verið málað og þak endurnýjað – en lóð umkomulaus

**Varðveislugildi** Mikið – Húsið er hluti af gamalli fjölbreytilegri götumynd á Blönduósi og hefur gildi sem slíkt

## Niðurstaða varðveislumats:

Elsti hluti hússins er friðaður (blár)

# BLÖNDUBYGGÐ 9 - Mosfell



# BLÖNDUBYGGÐ 9 - Mosfell



Hluti úr gamalli mynd (áð)



Myndir frá 2011 - Austurgaffl



Mynd frá 2011 - Suðurhlíð

## SAGA

Anna og Hjálmar byggðu fyrst torfbæ nær ósnum um aldamótin og reistu sér síðan steinsteypt hús aðeins austar árið 1912. Hjálmfriður Kristófersdóttir og Páll Geirmundsson tóku við eigninni og ráku þar greiðasölu frá árinu 1926 og fram yfir 1960. Þau bjuggu jafnframt í húsinu og höfðu smá búskap. Nú er þar rekið veitingahúsið „Ljón norðursins“.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Megin húsið sem hér er til umfjöllunar er reist í fábrotnum „Alþýðustíl“. Húsið er einnar hæðar steinsteypt hús á kjallara með portbyggðu risi með mænisþaki. Inngönguskúr hefur ætið verið á suðurhlíð. Húsið hefur haldið hinu upprunalega formi sínu, en últiti þess hefur verið gjörbreytt við endurgerð þess. Búið er að fjarlægja skúr (úthús) á bakhlið hússins og reisa skjólveggi og timburpalla við húsið og hefur það verið klætt að utan með timbri. Ennfremur hefur verið komið fyrir þremur smáhýsum undir gistiaðstöðu á lóðinni, sem stinga nokkuð í stúf við knappan stíl og hlutföll upprunalega hússins. Húsið er ný endurgert og umhverfi er snyrtilegt.



Götumynd af Blöndubyggð - Austurgaffl húss - mynd frá 2013

# BLÖNDUBYGGÐ 9 - Mosfell



## VARÐVEISLUMAT


- |                        |   |
|------------------------|---|
| <b>Byggingarlist</b>   | Fábrotinn „Alþýðustíll“   |
| <b>Menningarsaga</b>   | Mikil – Húsið er hluti af sögu Blönduóss  |
| <b>Umhverfisgildi</b>  | Mikil – Lega hússins er glæsileg  |
| <b>Upprunaleiki</b>    | Nokkur – Húsið hefur haldið sér að forminu til, en endurbætur á því hafa gjörbreytt upprunalegu últiti þess. Gluggar eru einnig annarrar gerðar en upphaflega |
| <b>Ástand</b>          | Bókkalegt – Húsið er ný uppert en frágangi húshluta er þó víða ábótavant  |
| <b>Varðveislugildi</b> | Mikið – Húsið er vel staðsett og hluti af gamalli fjölbreytilegri götumynd á Blönduósi og hefur gildi sem sílkt   |

### Niðurstaða varðveislumats:

Húsið er friðað í bláum flokki

# BLÖNDUBYGGÐ 10 - Símstöðin

byggðingarár: 1926 byggðingarefnl: steinsteypt stærð og notkun: 357.6m<sup>2</sup> / íbúðarhús/gjistihelmi verndunarfl.: rauður



## Fyrsti eigandi húss:

Magnús Stefánsson frá Flögu

Upphafleg notkun: íbúðarhús og verslun

## Upphafleg gerð húss:

Tegund Steinsteyp

Klæðning Múrsleittað

Þakgerð Risþak

Þakklæðning Bárújárm

Undirstaða Steinsteypar

Útlit Tvær hæðir, kjallari, ris, útröppur og útskot

## Helstu breytingar:

- Húsið hefur lítið sem ekkert breyst að utan. Timburpallur og aðkomutróppur hafa verið reistar við húsið á vesturhlíð.



Núverandi ástand

## STAÐHÆTTIR

Húsið er reist 1926 sem íbúðarhús og verslun. Nú er húsið skráð sem íbúðarhús og gistiheimili. Húsið er hið reisulegasta og staðsetningin góð. Þaðan er vitt útsýni til allra áttar.

Gömum mynd (ártal óvisst) - Fremst á mynd er Gustubær



# BLÖNDUBYGGÐ 10 - Símstöðin



Hluti úr eldri mynd (áð)



Mynd frá 2010 - Austurgæfi og úllit að Blöndubyggð




Mynd frá 2010 - Vesturgæfi

## SAGA

Upp úr aldamótunum, nánar tiltekið 1902 stofnaði Magnús Stefánsson frá Flögu verslun á Blönduósi og byggði hann þar myndarlegt verslunar- og íbúðarhús úr timbri eins og áður hefur komið fram. Það brann 1922. Skömmu síðar reisti Magnús það hús sem enn stendur á lóðinni, bjó þar og rak verslun. Verslunin stóð með miklum blóma fram yfir 1930 en 1937 hætti Magnús verslunarrekstri. Árið 1930 flutti starfsemi Pósts og síma í húsið. Þar var símstöð, pósthús og íbúð stöðvarstjóra um áratuga skeið. Nú er húsið notað að hluta til íbúðar og að hluta sem gistihús.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er reist 1926. Þetta er einföld og formföst bygging. Húsið er tveggja hæða steinsteypt hús á kjallara með risi og risþaki. Tveggja hæða útskot er á vesturhlíð hússins með svöllum á þaki og svöllum í suðvesturkrika. Húsið hefur sama og ekkert breyst frá upphaflegri gerð. Timburpallur og aðkomutróppur upp á fyrstu hæð eru seinni tíma smíð. Lóðin er snyrtileg, en nokkuð berangursleg. Húsinu hefur verið vel viðhaldið og er í góðu ástandi.



Hnjúkabyggð horft til norðausturs

# BLÖNDUBYGGÐ 10 - Símstöðin

Bílskúrar, sem byggðir voru vestan við símstöðina á árunum 1956, '57 eða '58 voru reistir annars vegar af Haraldi Jónssyni póstmeistara (austari skúrinn). En hinn vestari af Birni Eiríkssyni. Þeir voru reistir á grunni sláturnhúss Magnúsar frá Flögu sem eitt sinn stóð þar. Skúr Haraldar var rifinn skömmu síðar og byggður annar skúr nær pósthúsini. Sá skúr var síðar fluttur á brott í heilu lagi. Skúrinn sem Björn byggði stendur hins vegar enn.



Mynd frá 2013



Horft norður Blöndubyggð - 2013

## VARÐVEISLUMAT


<b>Byggingarlist</b>	Byggingin er einföld og formföst
<b>Menningarsaga</b>	<b>Mikil</b> – Húsið er mikilvægur hluti af gömlu byggðinni og athafnasögu Blönduóss
<b>Umhverfisgildi</b>	<b>Mikið</b> – Glæsilegt hús sem er til prýði í umhverfinu
<b>Upprunaleiki</b>	<b>Mikill</b> – Húsið hefur hefur sama og ekkert breyst frá upphafi
<b>Ástand</b>	<b>Gott</b> – Húsið er í góðu standi
<b>Varðveislugildi</b>	<b>Mikið</b> – Húsið er vel staðsett og hluti af athafna- og menningarsögu Blönduóss

## Niðurstaða varðveislumats:

Einstakt hús, húsaröð, götumynd, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiiliskipulagi (raut)

# Mýrakot / BLÖNDUBYGGÐ 12 - Útibú Kaupfélagsins

byggingarár: 1962 byggingarefnl: stelnsteypt stærð og notkun: 155.7m<sup>2</sup> / verslun, lónaður verndunarfl.: rauður



Fyrsti eigandi húss / umsjónaraðili byggingar:

Kaupfélag Húnvetninga / Trésmiðjan Fróði

Upphafleg notkun: Verslun

Upphafleg gerð húss:

Tegund Steinsteyp

Klæðning Timburklæðning, skoruð

Þakgerð Flatt þak

Þakklæðning Pappi

Undirstaða Steinsteyp

Útlit Ein hæð



Hóft yfir Blöndu sumarið 2012




Núverandi ástand

## STADHÆTTIR

Húsið er reist 1962 sem verslunarhús. Það er staðsett í nokkurri fjarlægð frá götunni, á horni Blöndubyggðar og Ólafsbyggðar, með aðkomu frá Blöndubyggð.

Hlutu úr mynd frá 1976



Helstu breytingar:

- Húsið virðist nær óbreytt frá upphafi

# BLÖNDUBYGGÐ 12 - Mýrakot / Útibú Kaupfélagsins



Útlit að Blöndubyggð



Norðvestur hlið - Myndir frá 2012



Útlit að Ólafssbyggð

## SAGA

Húsið er reist árið 1962 af Kaupfélagi Húnvetninga, sem jafnframt var fyrsti eigandi þess. Það er nú skráð sem iðnaðarhúsnæði.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið er einnar hæðar hús með flötu þaki. Húsið hefur haldið formi og stærð. Lóðin er snyrtileg og látlaus. Húsinu hefur verið haldið við og virðist í góðu ástandi.

## VARÐVEISLUMAT


<b>Byggingarlist</b>	Húsið er einfalt að gerð í Funksstíl
<b>Menningarsaga</b>	Mikil – Húsið er mikilvægur hluti af verslunarsögu Blönduóss
<b>Umhverfisgildi</b>	Tölувert
<b>Upprunaleiki</b>	Mikil – Form hússins er óbreytt frá upphafi
<b>Ástand</b>	Mikil – Húsið er í góðu standi
<b>Varðveislugildi</b>	Mikil – Húsið er vel staðsett og hluti af athafna- og menningarsögu Blönduóss

## Niðurstaða varðveislumats:

Lagt er til að húsið verði verndað með hverfisvernd í deiliskipulagi (gult)

# BLÖNDUBYGGÐ 14 - Ólafshús

byggðingarár: 1878/ 1950? fmr byggðingarefnl: stelnsteypt stærð og notkun: 166.3m<sup>2</sup> / íbúð vermdunarfl.: blár



## Fyrsti eigandi og byggjandi húss:

Sigurður Helgason, snikkar frá Gröf

**Upphafleg notkun:** Íbúðarhús og um tíma þinghús Torfalækjarhrepps

## Upphafleg gerð húss:

Gera þarf frekari athugun á húsinu í heild

## Helstu breytingar:

- 1930 voru reistir tveir skúrar á lóðinni
- 1950 var reist íbúðarhús á lóðinni
- 1975 var reistur bílskúr



Hóft yfir Blöndu - Mynd frá 2011



Útlið að Ólafsbyggð

## STAÐHÆTTIR

Húsið tilheyrir Blöndubyggð, en aðkoma að því er frá Ólafsbyggð. Á lóðinni eru 2 skemmur eða skúrar og austan hússins er afgirtur garður.

Hóft yfir Blöndu (áð)



# BLÖNDUBYGGÐ 14 - Ólafshús



Gömul mynd (áó) í baksýn sést á Blöndubyggð 9 / Mosfell



Útlit að Ólafshúsi - Myndir frá 2011



Suðurgafl



Norðurgafl að Blöndubyggð

## SAGA

Skammt frá verslunarhúsi Magnúsar frá Flögu var reisulegur bær, Ólafshús, sem byggður var árið 1878. Hann byggði Sigurður snikkari Helgason frá Gröf, afí hálfbræðranna Sigurðar Nordals pröfessors og Jóns Eyþórssonar, veðurfræðings. Sigurður snikkari andaðist það sama ár. Árið 1880 reisti Guðrún ekkja hans sér annan bæ, Guðrúnarhús, nær ánni. Það hús er nú löngu horfið. Ólafshús var um tíma þinghús Torfalækjarrepps. Í Ólafshúsi bjó Ingibjörg Lárusdóttir (d. 1949), dótturdóttir Bólu-Hjálmars, í meira en hálfu öld, hún var gift Ólafi Ólafssyni (d. 1930). Árið 1930 voru reistir 2 skúrar á lóðinni og 1950 (FMR) varr reist hér einbýlishús.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Ólafshús var reist 1878. Ekki er vitað hvort nokkuð er uppistandandi af Ólafshúsi í því húsi sem þar er nú. Núverandi hús er reist 1950 og er það einnar hæðar hús með risi og mænisþaki. Einn stór kvistur er á sinn hvorri hlíðinni. Húsið er timburhús klætt asbesti að hluta og bárujární að hluta. Þak er bárujárnsklætt. Skammt sunnan hússins eru tvö samþyggð hús með mænisþaki, skúrar byggðir 1930. Húsið er í lélegu ástandi og þarfust heildarskoðunar.

## VARDVEISLUMAT:

Gera þarf heildarskoðun á húsinu og greiningu, en elsti hluti þess er friðaður í bláum flokki vegna aldurs.


# HÚSAKÖNNUN Á BLÖNDUÓSI 2015 / SKRÁNING HÚSA

BRIMSLÓÐ 2-14

BLÖNDUÓSKIRKJA GAMLA

# BRIMSLÓÐ 2-6 Höephnersverslun - Austara pakkhus / síðar Pétursborg

byggingarár: 1878 byggingarefnl: tilbur stærð og notkun: 431.1m<sup>2</sup> / 3 íbúðir: verndurnarfl.: blár



Fyrsti eigandi og byggjandi húss:

Höephnersverslun

Upphafleg notkun: Verslun / pakkhus

Upphafleg gerð húss:

Tegund Timbur

Klaðning Timbur

Pakkerð Mænispak

Pakkklæðning Bárujárn

**Undirstaða** Hlaðin úr grjóti og hlaðinn, steinlímduð kjallari, sem Sverrir Runólfsson hló undir allt húsið

Útlit Einlyft með risi

Helstu breytingar:

- 2 Kvistar með einhalla þaki (ártal óvisst)
- 2 Inngönguskúrar reistir (áó)
- Reykháfur reistur á bakhlíð (áó)
- Gluggagerð breytt (áó)
- Húsið forskalað og málæð (áó)




Mynd tekin uppúr 2011

## STAÐHÆTTIR

Byggingarár hússins er 1878. Húsið er afar fallega staðsett við hlið Hemmertshúss yst í bænum á bakka Blöndu á móti opnu hafi. Í upphafi voru fleiri hús á þessu svæði sbr. eldri myndir. Staðsetning hússanna tveggja ásamt kirkjunni gefa bænum afdráttarlausa sérstöðu.

Myndin er tekin í kringum aldamótin 1885 - Verslunarstjórahús Höephners t.v. og verslunin / pakkhusið (síðar Pétursborg) t.h.



# BRIMSLÓÐ 2-6 - Höephnersverslun - Austara pakkhús / síðar Pétursborg



Hluti úr mynd frá því fyrir aldamótin 1900



Pétursborg er aftara húsið - Mynd frá 1930



Mynd frá um 1960

## SAGA

Húsið sem er byggt 1878 var upprunalega verslunar- og vörugeymsluhús fyrir Höephnersverslun. Húsið stendur á lóð sem upprunalega var útmæld fyrir Steinke, en hann hafði verið verslunarstjóri hjá Guðmannsverslun á Akureyri, sem Höephner síðan eignaðist. Nokkru aftar var annað pakkhús s.k. „Vestara pakkhús“. En á þessari torfu voru fleiri hús, s.s. hús verslunarstjóra Höephners (Hemmertshús byggt 1882), fjós, hlaða, bræðslubúð og sláturnhús tengd athafnastarfsemi Höephnersverslunar að ógleymdri Blöndu, sem var ný sölubúð Höephnersverslunar byggð 1908. Öll þessi hús utan verslunarstjórahússins „Hemmertshús“ og Pétursborg eru nú horfin. Pétursborg dregur nafn sitt af Pétri Guðmundssyni frá Hnjúkum, sem lengi átti húsið og nýttí sem n.k. fjölbýlishús. Fram yfir árið 1950 var sorp losað á bakkanum neðan við húsið. Gamalt spil var lengi á lóðinni upp við girðingu Sæmundsenhúss, sem notað var til að draga báta. Húsið er nú nýtt sem íbúðarhús. Margir merkir handversksmenn komu að byggingu hússins í fyrstu.

## BYGGINGARLAG EFNI OG ÁSTAND

Húsið er hér flokkað undir „Norrænan“ („Danskan“) byggingarstíl. Það var byggt sem einnar hæðar timburhús með risi á hlöðnum kjallara og nýtt sem vörugeymsla og verslunarhús. Gluggar voru með krosspóstum, gluggarömmum og fögum. Gengið var inn í húsið á húshliðinni og voru inngangar tveir og lágu rampar uppað þeim. Á myndum frá 1930 er kominn líttill inngönguskúr skammt frá vestari inngangi. Um 1960 má sjá að búið er að reisa annan og stærri inngönguskúr við eystri innganginn. Ennfremur stóran kvist með einhalla þaki. Samskonar kvistur er kominn á

bakhliðina. Reykháfur, sem var við mæni bakhliðarmegin er farinn og kominn annar á bakhliðina, töluvert voldugri. Skúr með flötu þaki er einnig risinn á lóðinni. Á nýjustu myndum hefur vestari inngönguskúrinn verið stækkaður og eru nú báðir skúrnar álíka stórir. Kvistir eru klæddir gulleitu járni og húsið sem trúlega hefur verið forskalað upppúr 1960 er nú hvít málað. Breytingar sem gerðar hafa verið á húsinu hafa verið í litlum takti við upprunalega húsið og miðað við það, hefur húsinu farið verulega aftur. Ástand getur því ekki talist gott. Nærumhverfi þess er afar losaralegt, ægir hér saman allskyns timburgrindverkum og plónkum, sem ýta undir ruglingslegt útlit hússins.



Sumarið 2013

# BRIMSLÓÐ 2-6 - Höephnersverslun - Austara pakkhús / síðar Pétursborg



Hóft frá brekkunni - sumarið 2013




Mynd frá 2013 - Bakhlíðar húsanna , Pétursborg t.v. og Hemmertshús t.h.

## VARDVEISLUMAT

Byggingarlist	„Norrænn“ byggingarstíll
Menningarsaga	<b>Mikil</b> – Húsið er með elstu húsum í þorpinu og mikilvægur hlekkur í athafna- og þróunarsögu Blönduóss. Þá er það byggt af merkum handverksmönnum
Umhverfisgildi	<b>Mikið</b> – Staðsetning hússins og sampil þess við Hemmertshús styrkja enn frekar sérstöðu bæjarins
Upprunaleiki	<b>Mikill</b> – Form og lag megin húss er óbreytt. Breytingar sem gerðar hafa verið hafa rýrt ásýnd þess verulega
Ástand	<b>Lélegt</b> – Gera þarf við húsið og fáera það í upprunalegt horf
Varðveislugildi	<b>Mikið</b> – Húsið er með merkustu húsum á Blönduósi og setur svip sinn á bæjarkjarnann
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>	
Húsið er friðað (blátt)	

# BRIMSLÓÐ 8 - Hemmertshús

bygglíngarár: 1882 bygglingarefnl: tilbur, blndlíngr stærð og notkun: 216.5m<sup>2</sup> / íbúðarhús vendurnarf. : blár



Fyrsti eigandi og byggjandi húss:

Höephnersverslun

Upphafleg notkun: íbúðarhús fyrir verslunarstjóra

Upphafleg gerð húss:

Tegund Timbur, bindingur

Klæðning Timbur

Þakgerð Risþak

Þakklæðning Bárújárn

Undirstaða Hlaðin úr grjóti

Útit Einlyft, kjallari og ris

Helstu breytingar:

- 1930 Skúr (gerlhýsi) rifið, inngönguskúr kominn á framhlið, reykáfur og gluggi á gafli
- 1960 Inngönguskúr farinn og skúr risinn á bakhlið
- Gluggagerð breytt / gluggar augnstungnir (ártal óvisst)
- 1994 2 kvistir í þakfleti, inngöngusk. risinn austantil á framhlið, reyk. upp úr mæni rifinn
- 2011 Svalir og verönd komin á bakhlið, gluggar og úthúrð endurgerð, húsið og kvistir settir í þaklit, fúgor málðar á sökkli og á reykáf




Mynd frá 2011

## STAÐHÆTTIR

Húsið er afar fallega staðsett við hlið Pétursborgar yst í bænum á móti opnu hafi. Í upphafi voru fleiri hús á þessu svæði sbr. eldri myndir. Staðsetning hússanna tveggja ásamt kirkjunni gefa bænum afdráttarlausa sérstöðu.

Myndin er tekin 1930 - Til hægri við Hemmertshús er Blanda (nú horfin) síðan Hótelid og Sæmundsenhús á bakvið. Húsin til vinstri við Hemmertshús eru horfin. Langt húsið fyrir framan t.v. er Sláturnhús og fremst sest á Kristófershús



# BRIMSLÓÐ 8 - Hemmertshús



Hluti úr mynd frá því fyrir aldamótin 1900



Hemmertshús og Pétursborg fyrir aftan - Mynd frá 1930



Mynd frá um 1960

## SAGA

Húsið sem reist var árið 1882 var upphaflega verslunarstjórahús Höephnersverslunar. Í fyrstu var Höephnersverslun rekin sem útibú frá verslun Höephners á Skagaströnd og var verslunarstjóriinn þar með aðsetur. Fyrsti verslunarstjóriinn sem bjó í þessu nýja húsi var annar, Friðrik Valdemar Davíðsson ásamt starfsmönnum verslunarinnar ofl. Frá 1884 bjó þar Pétur Sæmundsen, sem þá varð verslunarstjóri 1913. Þá tók við Evald Sæmundsen sonur hans. Edvald Hemmert keypti síðar húsið og setti þar á fót litla verslun. Hemmert flutti frá Blönduósi upp úr 1930. Árið 1928 var haldinn stofnfundur kvenfélagsins Vöku í húsinu, en fyrsti formaður félagsins var Jóhanna Á. Hemmert. Á bak við húsið á móts við eldhúsgluggana er brunnar. Þar er talið að Hemmert hafi brennt skjöl og ýmislegt fleira. Hemmert gerði fallegan garð við hús sitt. Þar var gosbrunnur og ýmis konar gróður auk matjurtagarðs. Guðmundur Kolka keypti húsið af Hemmert og rak Páll Kolka læknir þar apótek auk þess sem Guðmundur bjó í húsinu. Snorri Arnfinnsson veitingamaður eignaðist húsið árið 1946 og átti það fram undir 1960. Núverandi eigandi er Erlendur Magnússon.

## BYGGINGARLAG, EFNI OG ÁSTAND

Húsið er byggt í „Norrænum“ (dönskum) stíl. Það var byggt sem einnar hæðar timburhús með risi á hlöðnum kjallara og sem íbúðarhús. Á mynd frá 1930 sést að nýr gluggi og líttill skúr eða glerhýsi eru komnir á vesturgafi, sömuleiðis hár steyptur reykháfur, en upprunalegi skorsteinninn upp úr mæni er rifinn síðar. Hógvær inngöngukúr er einnig kominn á framhliðina, áður var gengjö beint inn á húshliðinni. Á mynd frá 1960 er inngönguskúrinn farinn, en búið að reisa steinsteyptan skúr með reykháf áfostum við húsið á bakhliðinni. Á myndum sem tekna voru 1994 er kominn nýr



Mynd tekin uppúr 2011

inngönguskúr með einhalla þaki í framhaldi af framhliðinni austantil. Húsið hefur verið forskalað og málað og gluggar augnstungnir. Gluggar voru upprunalega krossgluggar á neðri hæð með gluggafögum og finlegum þverpóstum en tvískiptir uppeildir gluggar á efri hæð (gafli). Gluggaumbúnaður var hefðbundinn. Nú hafa gluggar og gluggaumbúnaður verið endumýjaðir í takti við fyrri gluggagerð. Útidyrahurð hefur og verið endumýjuð, hlaðni sökkullinn hefur fengið hvítar fúfur, sömuleiðis hái skorsteinninn, sem er þó ekki hlaðinn. Álitamál er hvort þessar breytingar gera húsinu til góða. Kvistir hafa verið gerðir á báðum hliðum þaks með einhalla þaki. Eru þeir hóflegir, en upprunalega var líttill kvistur a.m.k. á framhliðinni. Framhlið og vesturgafi hafa því nálgast uppruna sinn. Öðru máli gegnir um bakhliðina, skúr og svalir á kvisti og verönd draga verulega úr útlitsgildi hússins. Húsið sem trúlega hefur verið forskalað uppúr 1960 er nú hvítmálað með rauðu þaki og kvistir hafa verið málaðir í þaklitnum. Endurbætur verða því að teljast að hluta til í samræmi við upprunalega húsið en seinni tíma viðbætur (svalir, verönd og viðbyggingar) rýra heildarsvipinn töluvert. Ástand hússins er þokkalegt. Nærumhverfi eða lóð hefur verið breytt í vettvang fyrir listaverk ábúanda hússins.

## BRIMSLÓÐ 8 - Hemmertshús



Austurgæfi og suðurhlið - Mynd frá 2011



Austurgæfi og norðurhlið - Mynd frá 2011



Vesturgæfi og suðurhlið - Mynd frá 2011

### VARÐVEISLUMAT


Byggingarlist	„Norrænn“ byggingarstíll
Menningarsaga	Mikil – Húsið er með elstu húsum í þorpinu og á sér merkilega sögu
Umhverfisgildi	Mikið – Staðsetning hússins og sampil þess við Pétursborg styrkja enn frekar sérstöðu bæjarins
Upprunaleiki	Töluberður – Form og lag megin húss er óbreytt. Ýmislegt upprunalegt er enn í húsinu s.s. stigahandrið, forstofa o.fl.
Ástand	Þokkalegt – Breytingar á bakhlið húss rýrir þó heildarsvipinn
Varðveislugildi	Mikil – Húsið er með merkustu húsum á Blönduósi

### Niðurstaða varðveislumats:

Húsið er friðað sökum aldurs (blátt)

# BRIMSLÓÐ 10 - Bílaverkstæði / iðnaðarhúsn.

byggingarár: 1948 / st. 1956 bygglingare: steinsleypa stærð og notkun: 442.4m<sup>2</sup> / Blfr.verkst.,vörugeymsla: verndurnarfl.: rauður



Fyrsti eigandi húss:

Helgi Sveinbjörnsson

Upphafleg notkun: Atvinnuhúsnaði

Upphafleg gerð húss:

Tegund Steinsteyp

Klæðning Ómúrað

Þakgerð Mænisþak

Þakklæðning Bárújám

Undirstaða Steinsteyp

Útlit Einlyft hús með lágu risþaki



Mynd frá 2013




Mynd frá 2013 - Suðurhlíð

## STAÐHÆTTIR

Lóðin Brimslóð 10 er á fögrum stað skammt frá strönd Húnaflóa. Á lóðinni standa 3 hús. Tvö þeirra eru reist á grunni sláturnhússins og yfirbyggðu réttarinnar þar norðan við, en eitt húsið (húshlutinn) snýr þvert á hin tvö. Það er byggt síðar. Sér inngangur er í hvert hús og stórt malarplan við húsið, sunnan og vestan þess.

T.v. er hús þorláks í Sandinum og úthús. Aðeins ofar á myndinni má greina Reykhús Mariu í Sandinum, tengdamóður þorláks Jakobssonar og móður Bjarna Einarssonar smiðs, sem síðar bjó í Hillebrandthúsi. Þessi hús eru nú horfin en staðsetja þarf hvar þau hafa verið vegna bygðamynstursins. Fremst eru úthús undir Brekkunni, sem enn stunda (Brimslóð 12). Í baksýn eru Hemmertshús og Pétursborg. T.h. við þau sést í Blöndu (Thorsteinsens verslun), sem nú er horfin.



## Helstu breytingar:

- 2012 Húsið einangrað að utan og klætt með bárujámi
- „ Gluggar endurgerðir í upprunalegri mynd
- „ Hurð sett í stað 3ja glugga frá vinstri á suðurhlíð
- 1956 Önnur skemma reist þvert á húsið að norðanverðu

# BRIMSLÓÐ 10 - Bílaverkstæði / iðnaðarhúsn.



Austurgáfl - Myndir frá 2013



Vesturgáfl - hér er búið að setja stóran glugga á glugga á gafflinn



Norðurhlið

## SAGA

Sjá bls. 12 – „brot úr þróunarsögu – sláturhús sunnan ár“

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsin eru einföld í sniðum og svipar til iðnaðarhúsa fyrri tíma, tvö einnar hæðar steinsteypt langhús með lágu risþaki, reist samsíða með reglubundnum gluggataktí á langhlíðum. Vöruinngangar voru á göflum, sem snenu að athafnasvæði að austanveröu. Á norðurhlíð hefur verið reist hús svipaðrar gerðar en gluggalaust, sem snýr gafli og inngangi til norðurs. Zophoniás Zophoniásson sótti um 150 fermetra lóð og fékk hana. Þar byggði hann þennan húshluta árið 1944. Áferð hússanna er gróf steinsteypa, en nýlega hefur hluti hússanna verið klæddur bárújarni og þá væntanlega einangraður að utan. Gluggar á suðurhlíð hafa verið endurnýjaðir í svipuðum stíl og upprunalegir gluggar og einum þeirra verið skipt út fyrir útihurð. Nýr gluggi (óskiptur) hefur verið settur á vesturgáfl lengra hússins.

Húsið er að hluta til gert upp að utan, en norðurhlíð og gaflar eru svotil upprunaleg og óviðgerð. Sjá má að fyllt hefur verið upp í stóra hurð á suðurgáfl og venjuleg hurð er komin þar í staðin. Ekki er vitað um innra ástand hússins. Breytingarnar lofa góðu, en þeim þarf að ljúka til að húsið njóti sín sem heild. Umhverfi er stórbrotið vegna staðsetningar hússins, en lóð og nærsvæði óskilgreint og ómeðhöndlað. Það þarf að gera á smekklegan og viðfeldinn hátt.

## VARÐVEISLUMAT

### Byggingarlist

Einfalt hús og stílhreint - gott dæmi um iðnaðarhús

### Menningarsaga

Mikill – Húsið er hluti af athafnasögu þorpsins

### Umhverfisgildi

Mikill – Staðsetning hússins er jafnframt lyftistöng þess

### Upprunaleiki

Mikill – Form og útlit megin húsa er nánast óbreytt

### Ástand

Þokkalegt – Húsið hefur verið gert upp að hluta, en ljúka þarf því verki til að ástand hússins teljist sómasamlegt

### Varðveislugildi


Töluvvert – Sem hluti af gamla bæjarkjarnanum

### Niðurstaða varðveislumats:

Einstakt hús, húsaröð, götumynd, sem lagt er til að vernda með hverfisvermd í deiliskipulagi (rautt

# BRIMSLÓÐ 12 - úthús

byggingarár: trúlega 1900-1905 / st. 1961 byggingarefnl: stelnsteypa stærð og notkun: ?m<sup>2</sup> / Hesthús, hlaða.: verndunarfl. : blá



Fyrsti eigandi húss:

Trúlega Pétur Sæmundsen

Upphafleg notkun: Hesthús og hlaða

Upphafleg gerð húss:

Tegund Timbur og steinsteypa

Klæðning Bárujám á timburhluta húss

Þakgerð Risþak

Þakklæðning Bárujám

Undirstaða Steinsteypa

Útlit Einlyft hús (tvö) með mænisþaki, annað hærra



Sumarið 2013 - Austurgáfi



Mynd frá 2012 - Suðurhlíð að brekkunni

## STAÐHÆTTIR

Húsið (in) sitja fallega í brekkunni, skammt frá fjörunni. Að ofanverðu ganga þau inn í brekkuna að hluta og falla vel inn í landslagið. Mænir húsanna er samsíða brekkunni og stefnir á haf út.

Lengst til vinstri á myndinni er hús þorláks í Sandinum. Þá sést Reykhús Margrétar. Bæði húsin eru horfin. Í baksýn er nýtt iðnaðarhús byggt á rústum gömlu slátruhúsanna, sem þarna stóðu.



## Heilstu breytingar:

- Ekki er vitað um aðrar breytingar á húsunum utan þeirra sem veður, vindur og vanræksla hafa afrekað.

# BRIMSLÓÐ 12 - úthús



Sumarið 2013



## SAGA

Húsið er steypt að hluta t.v. og hægri hlutinn er báruárnaklædd timburgrind á steyptum sökkli.



Hér sést ofan í þaklausa hluta hússins



Sumarið 2013 - Suðurhlíð að brekkunni

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Húsið (in) eru uppistandandi, en hafa greinilega staðið opin fyrir veðri og vindum um langa hríð þannig að þau hanga þarna segjum svo af gömlum vana. Aftur á móti fara þau einkar vel í landslaginu og eru vitnisburður um fjölbreytilegt samfélag fyrri tíma, sem einkenndi bæinn.

## VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist

Einföld og stílhrein gerð úthúsa

Menningarsaga

**Mikil** – Húsið er vitnisburður um fjölbreytta samsetningu og starfsemi í bæjarlífsinu áður fyrr

Umhverfisgildi

**Mikið** – Staðsetning þess í landslaginu fer vel

Upprunaleiki

**Mikill** – Húsinu hefur ekki verið breytt að forminu til, en tíminn, veður, vindar og mannlegt afskiptaleysi hafa unnið á því

Ástand

**Mjög lélegt**

Varðveislugildi


**Mikið** – Húsið hefur gildi sem hluti af gamla bjærkjarnanum og sögu hans

## Niðurstaða varðveislumats:

Húsin eru friðuð í bláum flokki

# Ásgeirshús / Helgahús / Sumarliðahús / BRIMSLÓÐ 14 - Kompaníið / Kristófershús frá 1922

byggingarár: 1907 - byggt við síðar 1962 byggingarefnl: stelnsteypa stærð og notkun: 148m<sup>2</sup> verndunarfl.: rauður



Fyrsti eigandi húss:

Helgi Gíslason

Upphafleg notkun: Íbúðarhús m.  
úthúsum

Upphafleg gerð húss:

Tegund	Steinsteypt
Klæðning	Múrsléttáð
Þakgerð	Valmaþák
Þakklæðning	Bárujám
Undirstaða	Steinsteypt
Útlit	Einlyft á kjallara



Horft yfir bænum af brekkunni

Helstu breytingar:

- 1960 Byggt ofan á fjós
- 1972 Á ljósmynd frá 1972 hefur húsið fengið á sig nýv. mynd



Mynd frá 2012 - Suðurhlíð

## STAÐHÆTTIR

Húsið er afar vel staðsett undir brekkunni, við hlið gömlu kirkjunnar. Húsið er stakstætt og ekki hluti af samfelldri götumynd. Þaðan er gott útsýni yfir byggðina og á haf út. Aðkoma er frá Brimslóð.



Myndin er frá 1930

# BRIMSLÓÐ 14 - Ásgeirshús / Helgahús / Sumarliðahús / Kompaníið / Kristófershús frá 1922



Myndin er frá 1976



Gömul mynd af upprunalegu húsunum - Ásgeirshús fremst á myndinni, það brann. Veggurinn á myndinni sýnir lóðamörk milli lóðarinna og lóðar Höephners. Efst á brekkunni er varða, sem nú er horfin.

## SAGA

Fyrsti eigandi Ásgeirshúss var Sigurður Oddleifsson. Hann byggði sér þar lítinn torfbæ 1899. Hansína Þorgeirs dóttir, prestsekkja frá Hjaltabakka, bjó þar með syni sínum Ásgeiri frá 1901-1909. Þá giftist Ásgeir og fjölskyldan flutti í hús Zophoníasar Hjálmssonar. Húsið brann svo síðar.

Húsið var alltaf íbúðarhús. Það var Kristófer Kristófesson, sem byggði það og rak þar einnig smá verslun. Þar seldi Kristófer lítilsháttar af smíði, sem hann vann að s.s. myndrömmum, saumaskrínum ofl. Fjós var vestan við húsið en árið 1962 var byggt ofan á fjósið og allt rýmið tekið til íbúðar. Fyrir neðan húsið var brunur. Húsið er nú notað sem íbúðarhús.

## BYGGINGARLAG, EFNI OG ÁSTAND

Húsið þarf að greina og athuga betur. Það stendur á stórra lóð í brekkunni sunnan Brimslóðar.



Norðurhlíð - Núverandi ástand húss

## VARDVEISLUMAT

### Byggingarlist

Núv. hús er samsett úr eldra húsi og síðari tíma viðbótum. Ekki er hægt að flokka það undir sérstakan byggingarstíl.

### Menningarsaga

Töluberð – Einkum vegna upprunalega hússins sem undir hvílir

### Umhverfisgildi

Nokkuð – Staðsetning er góð í skjóli brekkunnar en húsið stingur þó nokkuð í stúf við næsta nágranna sinn, gömlu kirkjuna

### Upprunaleiki

Líll – Upprunalega húsið hefur verið innlimað í núv. hús og því aðeins til í minningunni

### Ástand

Pokkalegt – Húsið þarf nasta málunar. Garður er gróðursæll

### Varðveislugildi


Nokkuð – þar sem gamla húsið var hluti af bæjarkarnanum

### Niðurstaða varðveislumats:

Einstakt hús, húsaröð, götumynd, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiiliskipulagi (rautt)

# BRIMSLÓÐ - Blönduóskirkja gamla

byggingarár: 1894 byggingarefnl: tilbur stærð og notkun: 169.0m<sup>2</sup> / Fyrir. kirkja.: verndumarfl. : blár



Fyrsti eigandi húss: Blönduóssókn

Hönnuður, yfirsmiður: Þorsteinn Sigurðsson

Upphafleg notkun: kirkja

Upphafleg gerð húss:

Tegund Timbur

Klæðning timbur – lárétt nótúð borð

Þakgerð Mænisþak með broti er yfir kirkjuskipi, mænisþak yfir kór og turn yfir forkirkju

Þakklæðning bárujárn

Undirstaða Hlaðin úr gjróti

Útlit Forkirkja, kirkjuskip og kór, loft og áttstrendur turn, járluggar m. lituð gleri og vængjahurð

Helstu breytingar:

- Engar breytingar hafa verið gerðar á últiti kirkjunnar að frá töldu því að reykháfur hefur verið fjarlægður.
- Breytingar hafa verið gerðar á litasamsetningu kirkjunnar í áranna rás.
- Rafmagn kom í kirkjuna á 4. áratug síðustu aldar og var farið að nota það bæði til upphitunar og ljósa í kirkjuni.
- 1996: Gerð var úttekt á kirkjuni og hún mæld upp og teiknuð af Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttir
- 2011 var kirkjan afhelguð og er nú nýtt undir ferðapjónustu/ sýningarrými




Núverandi ástand kirkjunnar

## STADHÆTTIR

Gamla kirkjan á Blönduósi, sem byggð var árið 1894, stendur á grasflöt undir brekkunni, rétt vestan við húsið Tilraun. Kirkjan, sem er afar formfagurt og finlegt mannvirki setur mikinn svip á miðbæinn við endann á Aðalgötu. Hún er lóðarlítil og hefur ætið verið án kirkjugarðs, sem gert hefur að verkum að næstu hús standa nokkuð þétt að henni. Þar með verður hún órjúfanlegur hluti byggðarinnar en nýtur jafnframt þeirrar sérstöðu að vera í nánum tengslum við fjöruna og hafið.

Mynd af gamla bænum frá 1930 - Tilraun fremst t.h. á mynd



# BRIMSLÓÐ - Blönduóskirkja gamla



Myndir frá 1994 - Vesturhlíð



Myndir frá 1994 - Austurhlíð



Kirkjan hefur nú verið afhelguð og er er nýtt undir ýmsa starfsemi s.s.sýningaráhald  
Myndin er tekin sumarhlð 2013


## SAGA

Fyrsta kirkjan á Blönduósi var byggð síðla sumars árið 1894 og var lokið við smiðina rétt fyrir áramót. Áður hafði verið kirkja á Hjaltabakka spölkorn sunnan við þorpið en Hjatlabakka prestakall var sameinað þingeyraprestakalli árið 1881. Í sambandi við staðarval nýju kirkjunnar urðu nokkur bréfaskrif. Það stóð nefnilega til að reisa nýja bryggju á Blönduósi fyrir utan ána og komst hún í gagnið 1895. Í framhaldi af því var jafnvel búist við að verslunin öll flyttist út fyrir ána og verslunarhúsin innan ár stæðu tóm eftir eða yrðu rifin. Kaupmennimir Pétur Sæmundsen og Jóhann Möller sömdu áltisgerð um þetta 1893, þar sem þeir leggja áherslu á að halda þorpinu sunnan ár í byggð, þrátt fyrir að bryggja og hús tengd verslun rísi norðan ár. Ein af mörgum röksemum þeirra var: "Svo er hjer orðið nokkuð af ræktuðu landi, eins og mótag er hjer mikil í mýrinni fyrir ofan, sem ekki er í hvamminum norðan Blöndu, stuðlar þetta til að byggð haldist sunnan árinnar". Biskup dregur röksemadir kaupmannanna saman, hnykkir á ræktuðu blettunum og móttakinu, sem var afar dýrmætt á þessum tíma og bætti við að ef kirkjan væri reist fyrir norðan á þá væri hún komin út úr sókninni. Kirkjan er með elstu húsum á Blönduósi og friðuð skv.

þjóðminjalögum. Hún myndar ásamt húsum frá tíma Höephnersverslunar, Möllersverslunar, Hildebrandtshúsi og fleiri húsum, sem byggð voru fyrir aldamót, uppistöðuna í gamla bæjarkjarnanum. Kirkjuna byggði Þorsteinn Sigurðsson og eru hús eftir hann sjaldgær safngripir. Fyrirmynndin að Blönduóskirkju, Undirfellskirkja, sem Þorsteinn byggði, brann 1913 og annari fyrirmynnd, Sauðárkrókskirkju, hefur verið breytt nokkuð frá upprunalegri mynd. Hér er hins vegar fyrirtaks eintak, sem ekki hefur verið breytt frá upprunalegri gerð. Kirkjugarður var gerður á Blönduósi 5 árum eftir að kirkjan var byggð. Fólk var því jarðað á Hjaltabakka áfram eftir að kirkjan á Blönduósi var byggð.

## BYGGINGARLAG, EFNI OG ÁSTAND

Kirkjan sem er timburkirkja er af „Forkirkju-Turngerð“ sbr. skilgreiningu Harðar Ágústssonar (Ísl. Byggingarárfleifð I) og eru fyrirmynndir hennar Undirfellskirkja í Vatnsdal og Sauðárkrókskirkja. Til er lýsing af Undirfellskirkju, rituð af Hjörleifi Einarssyni, prófasti á Undirfelli og lýsing á frávikum



# BRIMSLÓÐ - Blönduóskirkja gamla



Mynd frá 1994 - Litað gler í gluggum

Blönduóskirkju frá henni skráð af honum. Blönduóskirkja er með forkirkju og kór. Úr forkirkju er gengið inn í kirkjuskip. Í forkirkjunni eru tveir mjór stigar, sem liggja upp í turninn og veita einnig aðgang að sönglofti kirkjunnar. Kirkjan stendur á hlöðnum sökkli og nær hleðslan upp að gluggum innan við láréttu timburklæðninguna, sem er á veggjum kirkjunnar. Útan á klæðninguna eru síðan festar umgjörðir um dyr og glugga, hornlistar ofl.

Þak á kirkjuskipi er mænisþak með broti, en mænisþak á kór. Gluggar eru úr jámi með lituðu gleri í rúðum. Kirkjan er óbreytt frá upphafi, en litsamsetningar hafa tekið breytingum. Lengi var reyndar á henni reykháfur, en hann var fjarlægður eftir að hitaveita kom í kirkjuna. Upphaflega var kirkjan í ljósum lit. Nú hefur hún verið máluð hvít með grænum hornlistum, útihurð og gluggaföldum. Lítið er vitað um ástand innanhúss, en að utan er það þokkalegt. Mikilvægt er að vel verði haldið utan um viðhald og endurgerð þessa húss sem svo vel hefur varðveitt upprunaleika sinn. Gerð var uppmæling og upptekning af kirkjunni árið 1996 af Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur, en þar er jafnframt lýsing á uppbyggingu, innviðum og ástandi kirkjunnar.

## VARÐVEISLUMAT

### Byggingarlist

Kirkjan er af gerðinni timburkirkja af „Forkirkju-turngerð“ (sbr. skilgreiningu Harðar Ágústssonar í bókinni „Íslensk byggingarárfleifð I bindi)

### Menningarsaga

**Mikil** – Eitt elsta og fugursta mannvirkið í gamla bæjarkjamanum.

### Umhverfisgildi

**Mikið** – Staðsetning kirkjunnar er einstök, undir brekkunni við opið haf og jafnframtí í hjarta gamla bæjarins.

### Upprunaleiki

**Mikill** – Óbreytt frá upphafi ef frá er talin litasamsetning.

### Ástand

**Þokkalegt** – Húsið þarf nást viðhalds.

### Varðveislugildi


**Mikið** - Vegna aldurs og sem hluti af menningar- og byggðasögu bæjarkjamans á Blönduósi.

### Niðurstaða varðveislumats:


Húsið er friðað í bláum flokki.

# BRIMSLÓÐ - Blönduóskirkja gamla / uppmæling gerð af Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur 1996

KIRKJA Á BLÖNDUÓSI  
UPPMÆLING



KIRKJULOFT



GRUNNMYND

**GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**

TEIKNSTOFA TJARNARGÖTU 4  
101 REYKJAVÍK SÍMI 562 7750


GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR ARK FAI

TEIKNAÐ DES'96 TEKN.NR. 1  
BREYTT KVARDI 1:50

KIRKJA Á BLÖNDUÓSI  
UPPMÆLING



NORD-VESTURHILÐ



SUD-VESTURHILÐ

**GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**

TEIKNSTOFA TJARNARGÖTU 4  
101 REYKJAVÍK SÍMI 562 7750


GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR ARK FAI

TEIKNAÐ DES'96 TEKN.NR. 2  
BREYTT KVARDI 1:50

KIRKJA Á BLÖNDUÓSI  
UPPMÆLING



SNÍÐ A-A



SNÍÐ B-B



SNÍÐ C-C


**GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**

TEIKNSTOFA TJARNARGÖTU 4  
101 REYKJAVÍK SÍMI 562 7750


GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR ARK FAI

TEIKNAÐ DES'96 TEKN.NR. 4  
BREYTT KVARDI 1:50

KIRKJA Á BLÖNDUÓSI  
UPPMÆLING



SUD-AUSTURHILÐ



NORD-AUSTURHILÐ

**GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**

TEIKNSTOFA TJARNARGÖTU 4  
101 REYKJAVÍK SÍMI 562 7750

GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR ARK FAI


TEIKNAÐ DES'96 TEKN.NR. 3  
BREYTT KVARDI 1:50

# HÚSAKÖNNUN Á BLÖNDUÓSI 2015 / SKRÁNING HÚSA

HÚS UTAN ÁR:

Kvennaskólinn á Blönduósi  
Elsta Kaupfélagshúsið  
Kaupfélagshúsið við Húnabraut

# ÁRBRAUT 31 - Kvennaskólinn



Fyrsti eigandi húss: Sýslunefnd Austur-Húnvatnssýslu  
Hönnuður: Einar Erlendsson í samráði við Jón Þorláksson  
Yfirmaður: Sigtryggur Jóhannesson, byggarmeistari á Akureyri

Upphafleg notkun: Kvennaskóli með heimavist

Upphafleg gerð húss:

Tegund Eitt af fyrstu stórhýsum hérlandis sem gert er úr steinsteypu

Klæðning Steypa þússuð og máluð

Þakgerð Mænisþak, mænir yfir miðju húsi

Þakklæðning Bárujárn

Undirstaða Steypt

Útlit Hár kjallari, 2 hæðir og ris og stigahús á austurgafi uppá 2. hæð

Helstu breytingar:

- 1947 Viðbygging við austurgafi, hreinlætisaðstaða
- 1954 „ „ vesturgafi, borðstofa, íbúð, kjallari og 1. hæð
- 1954 Anddyri byggt norðan við húsi
- 1947/54? Gluggar endurnýjaðir
- 1954 Miklar breytingar á kjallara gamla hússins, sem ekki höfðu áhrif á útlit
- 1954 Innréttung í austustu kennslustofu á 1. hæð var breytt
- 1958 Tveir stórir kvistir settir á ris og innréttuð vefstofa

Hönnun ofangreynðra breytinga: Embætti Húsameistara ríkisins



Hlutu úr mynd frá 1930 - Upprunalegt útlit

## STAÐHÆTTIR

Gamla kvennaskólahúsið var reist á norðurbakka Blöndu árið 2011. Húsið er staðsett á rúmgóðri lóð, ásamt tveimur tilheyrandi kennarabústöðum vestan hússins, og einnar hæðar stokkbyggingu norðan þess. Gengið er inn í húsið að norðanverðu og á austurgafi. Í næsta nágrenni er Heimiliðnaðarsafnið til húsa. Héðan er fagurt útsýni yfir ósinn, til Strandafjalla og yfir á gamla bæinn á syðri bakka Blöndu.



Á myndinni má sjá 3 kvíslir á garðhlíð hússins og að búið er að jafnlegja einhverja reykhláfa (áratl óviss)

# ÁRBRAUT 31 - Kvennaskólinn



Norðurhlíð




Suðurhlíð




Þversnið


Austurgafli



2. gólf / 2. hæð



1. gólf / 1. hæð



kjallari



Fyrsta Kvennaskólabýggingin, timburhús frá 1901 - Húsið brann 19011 - Það stóð nokkru vestar og eiltið ofar á bakkunum en núverandi hús

## SAGA

Kvennaskóli Húnvetninga var stofnaður á Undirfelli í Vatnsdal árið 1879. Forgöngumaður að stofnun skólans var Björn Sigfússon bóndi á Komsá og síðar alþingismaður. Húsnaðið á Undirfelli varð fíjótlega of lítið fyrir skólann og næstu tvo vetur var hann starfræktur að Lækjarmóti í Víöidal. Fjórða starfsárið var skólinn að Hofi í Vatnsdal. Þá þótti það hafa sýnt sig að skólinn væri búinn að festa sig í sessi og var þá keypt hús og jörð fyrir skólann að Ytri-Ey, þar sem Húnvetningar og Skagfirögur sameinuðust um skólahald. Þar var skólinn rekinn í 18 ár.

Árið 1900 var ákveðið á fundi sýslunefndar að flytja skólann frá Ytri-Ey á Blönduós þar sem byggja skyldi nýtt skólahús og hófst kennsla við Kvennaskólann á Blönduósi í nýju skólahúsi þann 1. október 1901 og tóku þá Húnvetningar alfarið við rekstri skólans. Aðfaranótt 11. febrúar 1911 brann skólahúsið á Blönduósi. Strax var hafist handa við byggingu nýs skólahúss samkvæmt uppdráttum Einars Erlendssonar.

Skólaárið 1923-1924 var skólanum breytt í húsmæðraskóla, sem starfa skyldi í 9 mánuði. Bóknámsgreinum var fækkað, haldið var áfram að kenna íslensku, dönsku, reikning, uppeldisheilsu, næringarefnafræði og búreikninga svo eitthvað sé nefnt. Aukin áhersla var lögð á verknám svo sem matreiðslu, sauma og vefnað, þvott og ræstingu, að leggja á borð og ganga um beina. Var skólinn rekinn með því sniði þar til hann var lagður niður árið 1978.

Árið 2005 var Textilsetur Íslands stofnað og hefur það aðsetur í skólahúsinu. Markmið þess eru: 1) að efla rannsóknir og menntun á íslenskum textiliðnaði og handverki, 2) að skapa háskólanemum, fræðimönnum og listafólkni starfsaðstöðu fyrir vettvangsnám og rannsóknir á svíði textilfræða, 3) að vera alþjóðlegt fræðasetur sem heldur ráðstefnur, málþing og námskeið um textil.


# ÁRBRAUT 31 - Kvennaskólinn

Uppdráttur af svæði utan á Blönduósi frá árinu 1914, þar sjást tún Kvennaskólans nr. 14 (grænn reitir) og Kaupfélagið nr. 15



Lóð skólans var upprunalega 2 dagsláttur að stærð. Einnig fylgdi henni mótkum í brekkunum langt fyrir ofan skólahúsið. Nokkum árum síðar stækkaði skólalóðin verulega, þegar Tilraunastöð ræktunarfélags Norðurlands, sem rekin var á lóð næst ofan við lóð skólans var lögð til hennar, en hún var um 7 dagsláttur. Land Tilraunastöðvarinnar og skólans var ekki gott til ræktunar með þeim aðferðum, sem tíðkuðust í upphafi 20. aldar. Tilraunir voru gerðar með áburð, fóðurrófur og hafra auk 13 afbrigða kartaflna. Framleiðslan slagaði þó lítið upp í kostnaðinn. Skólinn hafði einnig nánin samskipti við samvinnufélögum á staðnum. Slátfélag Austur-Húnvetninga var stofnað 1908 og voru flestir fundir félagsins haldnir í Kvennaskólanum. Þá fékk Kvennaskólinn snemma vatn frá vatnsleiðslu sláthússins. Árið 1914 samþykkti stjórn sláthússins að skólinn skyldi fá allt gor, sem félli til við slátrun. Mun svo hafa verið í mörg haust og var lokið við að græða upp skólalóðina með þessum áburði. Sími var strax lagður í skólann. Í fundargerðum Slátfelagshússins kemur fram tillaga um að fá að tengja síma við leiðslu þá er lá til skólans. Þá sést að gamli skólinn, sem brann, hefur verið nokkurn spöl frá nýja skólanum, því 1917 kemur fram hugmynd um að byggja hesthús fyrir samvinnufélögum á grunni gamla skólans. Ekki er auðvelt að sjá hvar úthús skólans voru nákvæmlega. En þau voru fjós fyrir 3 kýr og hlaða fyrir 80 hestburði heys. Þetta voru timburhús með borðasúð. Þak fjóssins var járnklætt en pappi á hlöðþakinu. Hús þessi voru í norðvestur frá skólabyggingunni sem brann. Árið 1936 voru ný hús byggð úr steinsteypu í stað þeirra gömlu. Þau standa enn og hafa fengið nýtt hlutverk sem hluti af Heimiliðnaðarsafninu.

Heimildarmaður: Jón Arason í Skuld



Árið 1947 var byggt við stigahús á austurgæli - hreinlætisáðstaða (t.h. á mynd).

Árið 1954 var byggt við vesturgæli Kvennaskólans, ein hæð á kjallara. Húsið rúmaði borðstofu í kjallara og íbúð á hæðinni. Svallr voru á íbúð að garði og þaksvallr á þakl (t.v. á mynd).

Árið 1958 voru settir 2 stórir kvíslir á húsið einn á hvora hlíð og innrétuð vefstofa í rýminu



Suðurhlíð Kvennaskólans - núverandi útlit / t.v. má sjá viðbygginguna frá 1952 með ofanábyggingunni frá 1972

# ÁRBRAUT 31 - Kvennaskólinn

## SÍÐARI VIÐBYGGINGAR / ÞRÓUNARSAGA 1964-1969

Á árunum 1964 og '65 voru byggðir tveir kennarabústaðir vestan við skólahúsið. Þá var ný kennslustofa byggð ofaná viðbygginguna frá 1952- '53. Hún er einnig notuð sem hátíðarsalur skólans. Norðan við hlað Kvennaskólahússins var reist árið 1966, kyndistöð, bílskúrar fyrir kennarabústaði og geymslur auk þurrkhalls og matargeymsla fyrir skólann. Árið 1969 var fjósi og hlöðu Kvennaskólaus breytt í minjasafn um Halldóru Bjarnadóttur, sem síðar var byggt við og hýsir nú Heimiliðnaðarsafnið á Blönduósi. Húsið er á sér lóð á Kvennaskólatúninu.

## NOTKUN SKÓLANS NÚ

Textílsetur Íslands, Minjastofur Kvennaskólaus, Þekkingarsetrið á Blönduósi og Farskóli / Miðstöð símenntunar á Norðurlandi vestra hafa nú aðsetur í Kvennaskólanum.



Mynd t.v. Heimiliðnaðarsafnið - húsin fremst eru fyrir. fjos og hlað Kvennaskólaus, síðar Minjasafn Halldóru Bjarna-dóttur - Mynd fyrir neðan sýnir Norðurhlíð Skólaus



Mynd úr vefstofu (frá Sögsýnlgu Textílseturslins)

## VARÐVEISLUMAT

Byggingarlist	„Klassískur“ byggingarstíll
Menningarsaga	Mikil – Skólinn er eitt af elstu mannvirkjum á Blönduósi og mikilvægur hluti af menningarsögu Blönduóss
Umhverfisgildi	Mikið – Staðsetning skólabygginganna á norðurbakka Blöndu er tilkomumikil
Upprunaleiki	Mikill – Gamla húsið er nánast óbreytt, utan kvistir á norður og suðurhlíð. Viðbyggingar og nýrri íbúðarhús (kennarabústaðir) hafa eðlilega breytt heildarfstöðunni og aukið nýtingargildi skólaus
Ástand	Þokkalegt
Varðveislugildi	Mikið - Vegna aldurs og sem hluti af menningarsögu Blönduóss og Íslands
Niðurstaða varðveislumats:	Húsið er friðað í bláum flokki vegna aldurs

# ÁRBRAUT 31 - Kvennaskólinn og umhverfi

Afstaða Minjastofnunar til Kvennaskólahússins og umhverfis þess: Hér má sjá bréf til Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál í Austur-Húnavaatnssýslu frá stofnuninni.

Byggðasamlag um menningar-  
og atvinnumál í A-Hún.  
Hnjúkabyggð 33  
540 Blönduósí

## AFRIT



Reykjavík, 26. júni 2013  
Tilvísun: 1624

Málefni: Kvennaskólinn á Blönduósi.

Með tölvubréfi dagsett 16. apríl 2013 óskaði Águst Þór Bragason yfirmaður teknideilda Blönduósbæjar eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um fyrirhugaðar framkvæmdir við Kvennaskólahúsið á Blönduósi, en samkvæmt lögum um menningarminjar (nr. 80/2012) er húsið friðað vegna aldurs, sbr. 29. gr.

Boðað var til fundar með Guðrúnar Jónsdóttur arkitekt og heimamönnum þann 16. maí 2013 og var húsið þá jafnframt skoðað á vettvangi. Tilefni fundarins voru áformáðar breytingar á jarðhæð hússins vegna áfóra um að nýta hana til að hysa framhaldsskólaðeild á Blönduósi.

Kvennaskólahúsið á Blönduósi er byggt eftir uppdráttum Einars Erlendssonar húsameistara frá 1911. Það er ein fyrra opinbera byggingin sem hann teiknar sem aðstoðarmáður Rögnvalds Ólafssonar arkitekts. Skólahúsið er með elstu steinsteypubyggjungum landsins og hefur mikilvægt gildi. Það er húsið ekki síður merkilegt út frá menningarsögu héraðsins, ekki síst sem heimild eða vitnisburður um skólasögu og sögu kvenna. Þar er að finna heillegar innréttigar og muni sem tengjast skólastarfír nærlit frá byrjun skólahalds. Það er því mikilsvert að allar ákvæðanir um framkvæmdir taki mið af því að skerða sem minnst þessar sögulegu tengingar, eða það sem kalla má upplifunargildi hússins fyrir komandi kynslöðir. Markmiðið er að varðveisla og nýting geti farið saman.

Undirritaðir fulltrúaðir Minjastofnunar Íslands telja mikilvægt að mótuð sé heildarstefna um endurgerð og varðveislu skólahússins á komandi árum. Sú stefnumörkun þarf jafnframt að taka til nærliggjandi bygginga, sem eru hluti af skólastreinu og hýsa starfsemi er því tengist. Líta ber á kvennaskólanum og nánasta umhverfi hans sem menntasetur héraðsins sem líkja má við hliðstæð dæmi i öðrum byggðum, svo sem á Laugardal, Laugum í Reykjadal og Hvanneyri, þar sem byggingar og staðhættir fléttað saman í eina órofa heild.

Forgangsverkefni í endurgerð skólahússins frá sjónarhlíð byggingarlistar er endurgerð glugga þess með upphaflegu sniði. Verkefnið er vissulega stórt en mætti vinnast í áföngum. Verkefni af þessu tagi eru styrkhæf úr Húsafríðunarsjóði. Með upphaflegri gluggaskipan myndi skólahúsið endurheimta mikil af upphaflegum svíp sínum og þokka.

Annað brýnt verkefni er að fjarlægja seinni tíma viðbyggingu við stigahúsið á suðurgafli hússins. Unnt er að koma snyrtungum sem þar eru fyrir inni í aðalbyggingunni. Með þessari aðgerð mun skólahúsið endurheimta upprunalegt útlit á þeirri hlið sem snýr móti aðkomumni.

Breiðir kvistir á báðum hliðum þakheðar skólahússins eru seinni tíma viðbót, útfærðir upp úr 1950. Á kvistunum eru stórir gluggar sem sammmest illa upprunalegri gluggaskipan hússins og riðla hlutföllum þess. Í tengslum við fyrirhugaðar viðgerðir er lagt til að útlit kvistanna verði endurskoðað og fundin lausn á gluggasetningu þeirra sem samræmist betur heildarútliti hússins.

Einnig var einlyft viðbygging með háum kjallara og flötu steinsteyptu þaki byggð við norðurgafi skólahússins upp úr 1950 og liðið forstofa á norðurhlíð skólangs. Á 7. áratugnum var vegssvölum og hæð með maenispáki bætt við útbryggjuna eftir teikningu Guðrúnar Jónsdóttur og Knúts Jeppesen arkitekta. Deila má um hversu vel viðbyggingin í náverandi mynd samræmist útliti gamla skólahússins. Hún er sem stendur nauðsynleg vegna þeirrar starfsemi sem er í húsinu og því ekki raunhæft að breyta henni eða fjarlægja. Salurinn á efstu hæð hennar hefur gildi sem athyglisverð lausn og vandað dæmi um byggingarlist síns tíma.

Tvö einlyft íbúðarhús standa norðan við skólahúsið. Þau voru baði reist eftir teikningum arkitektanna Guðrúnar Jónsdóttur og Knúts Jeppesen á 7. áratug 20. aldar. Form þeirra og útlit fellur vel að umhverfinu og eru húsin tvö mikilvægar þáttur í heildarmynd staðarins. Þau eru með elstu verkum höfunda og hafa gildi sem góð dæmi um listren einkeni þeirra verka og byggingarlist síns tíma. Sérhannaðar innréttigar í húsumum hafa varðveist en hafa töluvert látið á sjá í tímans rás. Húsin hafa mikilvægt varðveislugildi og í ljósi þess ber að fara varlega í allar breytingar á þeim, jafn innan dyra sem utan.

Þjónustubygging austan skólahússins (svonefn langavitleysa) er teiknuð um líkt leyti og íbúðarhúsini og er verk sömu höfunda. Líkt og þau er hún hluti af heildarmynd staðarins og hönnuð með tilliti til þess. Byggingin hefur látið á sjá en með breytingum og endurbótum er hún mjög vel nothaef og getur hýst ýmsikonar starfsemi í tengslum við kennslu eða safnastarf.

Á jarðhæð gamla skólahússins og viðbyggingar eru veggfastar innréttigar frá miðri 20. öld: kennslueldhús, skápar í matsal, kæliklesfar ofl. Þó svo þær séu ekki hluti af upphaflegum innviðum skólahússins eru innréttigar engu að síður orðnar hluti af sögu hans og eiga sinn þátt í að viðhalda anda merkrar stofnunar. Því ber að fara varlega í að fjarlægja þær og þá einungis það sem óhákvæmilegt er.

Aðgengi fyrir fatlaða er ekki í húsinu. En nauðsynlegt er að finna lausn á þeim málum eftir því sem frekast er umti. Við endurbætur og viðgerðir sem gerðar voru á húsinu árið 2009 skv. uppdráttum frá TGJ, Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur arkitekts var strax hafist handa við að gera ráð fyrir bættum aðbúnaði fyrir fatlaða og innréttar snyrtungar sem henta á neðstu hæð (kjallara) og fyrstu hæð skólahússins. Einnig var gert ráð fyrir að með tilkomu nýrrar forstofu og inngangs í skólann, sem fyrirhugaður er norðan við gamla skólahúsið, opnuðust möguleikar að koma þar fyrir lyftu, sem tryggði aðgengi fatlaða a.m.k. að neðstu hæð (kjallara) og fyrstu hæð skólahússins. Nýi inngangurinn hefur ekki enn verið útfærður til fulls, en mikilvægt er að hann falli vel að þeim áherslum sem greint hefur verið frá hér að framan og varða pessa merku húsamastæðu.

Minjastofnun Íslands leggur áherslu á að húsnæði gamla skólangs verði nýtt með þeim hætti að ekki þurfi að koma til umfangsmikilla breytinga sem rýrt geta varðveislugildi hússins.

Virðingarfullst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

Tómu H. Ármannsson  
Pétur H. Ármannsson  
arkitekt

oficiell  
Pór Hjaltalín  
minjavörður Norðurlands vestra

Afrit : Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur, Tjarnargötu 4, 101 Reykjavík

Minjastofnun Íslands • Suðurgata 39 • 101 Reykjavík • Sími: 570 1300 • www.minjastofnun.is

Minjastofnun Íslands • Suðurgata 39 • 101 Reykjavík • Sími: 570 1300 • www.minjastofnun.is

# ÁRBRAUT 31 - Kvennaskólinn og umhverfi

Bréf frá Alþingi, þar sem veittur var styrkur til endurbóta á Kvennaskólanum og húsakostí á lóð hans á fjárlögum 2015.



Mynd úr stofu á fyrstu hæð skólans

Austurgæfi skólans, t.v. sést á kennarabústaðina



Bjönduðsbær  
Hjúkabyggð 33  
540 Blönduðsi

FORSÆTISRÁDUNEYTIÐ  
Stjórnarsóshúsini við Lækjartorg 101 Reykjavík  
sími: 545 84 00 postur@for.is  
forsactisradaneyti.is


Reykjavík 19. desember 2014  
Tilv.: FOR14020120/3.2

Alþingi hefur í fjárlögum fyrir árið 2015 samþykkt að veita 20 millj.kr. styrk til viðgerðar húsakosts Kvennaskólans á Blöndösi, þ.e. gamla skólahússins, kennarabústaða og þjónustuhúss á lóð skólans. Var styrkurinn samþykktur með hliðsjón af umsókn Blönduðsbæjar til fjárlaganeftnar Alþingis þar um. Styrkurinn er ætlaður til viðgerða á gamla skólahúsinu sem er tvílfyti steinhús auk kjallara og þakheðar, byggt 1911 eftir uppráttum Einarss Erlendssonar, ásamt seinni tíma viðbyggingum. Eigendur húsakostsins eru ríkissjóður og byggðasamlag um menningar- og atvinnumál í Austur-Húnavatnssýslu, en umsækjandi er Blönduðsbær. Styrkurinn er einnig ætlaður til viðgerða á einlyftu ibúðarhási og þjónustubyggingu sem voru reist á lóðinni eftir teikningum arkitektanna Guðrúnar Jónsdóttur og Knúts Jeppesen á 7. áratug 20. aldar. Skal styrkurinn nýttur til viðgerða á ytra byrði og gluggum hússanna. Vinsamlegast snið yður til Minjastofnunar Íslands sem mun annast eftirlit með framkvæmdum, samningsgerð og útgreiðslu styrksins í samræmi við verklag stofnunarinnar.

  
Sigmundur Davið Gunnlaugsson

# BRAUTARHVAMMUR - Elsta kaupfélagshúsið

byggðingarár: 1898 byggðingarefnl: tlmur stærð og notkun: 65.2m<sup>2</sup> / þjónustustarfs. verndunarfl.: blár



Inngangshlið hússins

## STAÐHÆTTIR

Húsið er reist 1898 sem verslun í landi Ennis, norðan Blöndu. Húsið stóð í byrjun nokkru norðar en gamla verslunarhús Kaupfélagsins er og neðan við elsta hús Slátturhússins, sem byggt var 1906. Síðar var það flutt upp fyrir götuna, trúlega þegar rýma þurfti til fyrir stækkan slátturhússins. Húsið stóð ónotað í mörg ár, en var flutt í Brautarhvamm, norðan Blöndu og austan þjóðvegarins árið 1993. Þar er nú þyrring smáhýsa fyrir ferðamenn.

Fyrsti eigandi húss: Kaupfélag Austur-Húnvetninga/  
Svinavatnsdeild

Upphafleg notkun: Verslun

Upphafleg gerð húss:

Tegund Timbur, stafverk

Klæðning Timbur

Þakgerð Mænisþak


Þakklæðning Bárujám

Undirstaða Hlaðin úr grjóti

Útlit Einlyft, útitröppur



Ástand hússins fyrir endurgerð - Mynd frá 1992



Teikning frá 1993

## Helstu breytingar:

- 1993 var húsið endurgerð og flutt af lóð norðan Blöndu og yfir á s.k. Sýslumannstún, (Brautarhvamm). Við endurgerðina hefur verið leitast við að varðveita uppruna hússins sem mest (sjá Byggingarlag, efni og ástand)

# BRAUTARHVAMMUR - Elsta kaupfélagshúsið



Austurhlið hússins - Myndir frá 2010



Suðurgafi



Norðurgafi og austurhlið

## SAGA

Aðalstöðvar Kaupfélags Húnvetninga hafa ávallt verið utan við Blöndu og þar var fyrsta húsið á þeirra vegum reist 1898. Var það hús Svínavatnsdeildar Kaupfélagsins. Kaupfélagið keypti síðan húsið og rak þar fyrstu verslun sína. Þetta hús var sölabúð Kaupfélagsins þar til nýtt Kaupfélagshús var byggt á Blönduósi. Síðar var það notað sem geymsla. Um tíma var það notað sem hesthus m.s. í tengslum við ferðir með sláturfénað til Blönduóss. Húsið er nú endurbyggt og stendur í Brautarhvammi, þar sem það gegnir hlutverki Upplýsingamiðstöðvar ferðamála.

## BYGGINGARLAG, EFNI OG ÁSTAND

Húsið var lítið einfalt timburhús, á hlöðnum sökkli, hæð og ris. Það var endurgerert 1993 í sama stíl og flutt í Brautarhvamm. Sökkull var steyptur undir húsið, gert við húsgrind og hún eingangruð og klædd. Nýr gluggar settir í allt húsið. Bætt var við tveimur gluggum á öðrum gafli þess. Ný útihurð smíðuð, aðeins hærri en upprunaleg hurð. Útidyratröppur við inngang smíðaðar, gólf einangrað og endurgerert, sömuleiðis þak. Hús málæð skv. litaleiðb. arkitekts. Uppmælingu og teikningar af endurgerð annaðist Guðrún Jónsdóttir arkitekt faí.

Húsið er í góðu ástandi.

## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Fábrotinn „Alþýðustíll“
<b>Menningarsaga</b>	Mikil – Húsið er mikilvægur hluti af menningar- og athafnasögu Blönduóss
<b>Umhverfisgildi</b>	Mikið – Húsið gefur umhverfi sínu í Brautarhvammi aukið gildi
<b>Upprunaleiki</b>	Mikill – Húsið hefur verið flutt og endurgerert í upprunalegum stíl
<b>Ástand</b>	Gott

## Varðveislugildi

### Niðurstaða varðveislumats:

Húsið er friðað og verndað í bláum flokki.



Vesturhlið



Suðurgafi

# Verslunarhús Kaupfélags

## HÚNABRAUT 35 - Húnvetninga

byggingarár: 1909 - 1912 / vlöb. 1934/1970 bygglingarefnl: steyptir stelnar / stelnsteypa stærð og notkun: (óvlsst m<sup>2</sup>) Mötuneytt verndunarfl.: blár



Fyrsti eigandi húss og byggjandi:

Kaupfélag Húnvetninga

Upphafleg notkun:

Verslun, skrifstofur, íbúð f. framkvæmdastjóra

Upphafleg gerð húss:

**Tegund** Húsið var byggt úr steyptum steinum m. tvöföldum veggjum

**Klæðning** Pússað og málado

**Pakgerð** Mænisbak, mænir yfir miðju húsi

**Pakkklæðning** Bárujárm

**Undirstaða** Steyp

**Útlit** Kjallari, 1 hæð og portbyggt rist

Helstu breytingar:

- 1918 Gólf í kjallara steypt
- 1920 Kvistur byggður á vesturhlíð, sem hýsti skrifst. framkv.stj.
- 1934 Byggt við húsið kjallari, 1. hæð og þaksvalir
- 1970 „ „ „ ris ofan á þaksvalir

Gamla Kaupfélagshúsið - Austurhlíð að Húnabraut - 2012




### STAÐHÆTTIR

Húsið er fyrir utan á. Aðkoma að húsinu er frá torgi, sem ekið er inn á frá Húnabraut. Við torgið standa m.a. Sláturnhúsið og fleiri hús, sem vert er að gefa meiri gaum og rannsaka betur.

Myndin er frá árinu 1943 - Á henni sést húskostur Kaupfélagsins við Húnabraut og í forgrunni sést nyrsti hluti herbúðanna / Heimild: Hersetan á Ströndum og Norðurlandi vestra



# HÚNABRAUT 35 - Verslunarhús Kaupfélags Húnvetninga



Verlsunarhús Kaupfélagsins reist utan Blöndu 1909 - Vinstra megin er viðbyggingin með þaksvöldum frá 1934

## SAGA

Á aðalfundi Kaupfélags Húnvetninga 25. febrúar 1909 var samþykkt að byggja nýtt verslunarhús fyrir félagið. Þá var í fyrsta sinn búið að ráða framkvæmastjóra til félgsins, Skúla Jónsson, sem ekki hafði öðru að sinna en rekstri þess.

Var ráðist í byggingu hússins þá um vorið. Húsið skyldi vera verslunar- og skrifstofuhús, ásamt því að þar væri íbúð fyrir framkvæmdastjóran. Byggður var kvistur á vesturhlíð hússins, sem hýsti skrifstofu framkvæmdastjórans, sem var með íbúð í risinu.

Þegar byggt var við húsið 1934 var húsnæðið, sem þar skapaðist á 1 hæð notað fyrir íbúð, en saumastofa var í kjallara. Strax og starfsemi Kaupfélagsins flutti úr húsinu, árið 1965 var notkun hússins breytt í mótneyti fyrir starfsmenn Slátturfélgasins (SAH), auk þess, sem herbergi voru nýtt til gistingar fyrir starfsmenn. Nokkrum árum síðar (ca 1970) var byggt yfir svalri viðbyggingarinnar og var það rými notað fyrir fundarsal.

## BYGGINGARLAG, EFNI og ÁSTAND

Uppaflegur hluti hússins var um 2/3 af lengd þess nú. Og er hann steyptur kjallari, 1 hæð og ris úr steyptum steini með tvöföldum veggjum. Útlit hússins og gluggaumbúnaður sér sig meir í ætt timburhúsa en steinhúsa. Árið 1920 var byggður kvistur á vesturhlíðina, en aðalinngangur í húsið var frá þeiri hlið. Árið 1934 er byggt við húsið til suðurs og það lengt um ca 1/3. Viðbyggingin var steinsteyptur kjallari og 1 hæð ásamt þaksvöldum. Gluggaumbúnaður er hér annar en á gamla húsinu. Árið 1970 er síðan steypt ris, jafnhátt risi gamla hússins ofan á viðbygginguna. Heildarútkoman er fremur heilleg þrátt fyrir breytingamar og ástand hússins gott. Húsið er lyftistöng í umhverfi sínu.



Sumarið 2013 - Vesturhlíð að torgi (porti) -  
Aðalinngangur í eldri hluta hússins



Sumarið 2013 - Viðbyggingin frá 1934 er vinstra megin

## VARÐVEISLUMAT

<b>Byggingarlist</b>	Einfalt steinhús – með vísun í útlit timburhúss í ísl. „Zweitser“ stíl
<b>Menningarsaga</b>	<b>Mikil</b> – Húsið er mikilvægur hluti af athafna- og þróunarsögu Blönduóss
<b>Umhverfigildi</b>	<b>Mikið</b> – Hornsteinn í þróunarsögunni, virðulegt hús sem setur sterkan svip á nánasta umhverfi sitt
<b>Upprunaleiki</b>	<b>Mikill</b> – Heildarsvipur hefur haldist þrátt fyrir breytingar sem gerðar hafa verið
<b>Ástand</b>	<b>Gott</b> – Húsinu er vel við haldið
<b>Varðveislugildi</b>	<b>Mikið</b>
<b>Niðurstaða varðveislumats:</b>	
Húsið er friðað og verndað í bláum flokki	

HÚSAKÖNNUN Á BLÖNDUÓSI 2015

NIÐURSTÖÐUR

LOKAORÐ

HEIMILDIR

# NIÐURSTÖÐUR VARÐVEISLUMATS INNAN ÁR - Gamli bærinn / Svæði 1

FLOKKUR A:  
Húsið er friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 eða skv. 1. mgr. þjóðminjalaga nr. 88/1989 (blár flokkur)

FLOKKUR B:  
Einstakt hús, húsaröð, húsasamstæða, sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi - (rauður flokkur)

FLOKKUR C:  
Hús sem byggð eru eftir 1940 og lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi - (gulur flokkur)

Tekið skal fram að nauðsynlegt er að kanna betur staðsetningu horfinna húsa sérstaklega meðfram ströndinni, þannig að átta megi sig á umfangi byggðarinnar eins og hún var í gamla bænum. Því það eru ekki eingöngu húsin, sem huga þarf að heldur einnig rýmið og samspilið á milli þeirra.

		A	B	C	DREIFBÝLI:	A	B	C
1	Aðalgata 1 - Samkoumuhúsið		■		17 Blöndubyggð 2 - Hillebrandtshús	■		
2	Aðalgata 2 - Sæmundsenhús		■		18 Blöndubyggð 3 - Sólbakki		■	
3	Aðalgata 3A - Zophoníasarhús		■		19 Blöndubyggð 4		■	
4	Aðalgata 3b		■		20 Blöndubyggð 5		■	
5	Aðalgata 5 - Gamla læknishúsið	■			21 Blöndubyggð 6 - Friðfinnshús	■		
6	Aðalgata 7 - Gamli spítalinn		■		22 Blöndubygg 6B - Hús H. Albertss.		■	
7	Aðalgata 6 - Hótelið	■			23 Blöndubyggð 8 - Vilmundarstaðir	■		
8	Aðalgata 8 - Helgafell			■	24 Blöndubyggð 9 - Mosfell	■		
9	Aðalgata 9 - Z. Hjálmsissonarhús	■			25 Blöndubyggð 10 - Símstöðin		■	
10	Aðalgata 9 - bakhús			■	26 Blöndubyggð 12 - Útibú Kaupf.			■
11	Aðalgata 10 - Tilraun	■			27 Blöndubyggð 14 - Ólafshús	■		
12	Aðalgata 11 - Þorsteinhús	■			28 Brimslóð 2-6 - Pétursborg	■		
13	Aðalgata 13		■		29 Brimslóð 8 - Hemmertshús	■		
14	Aðalgata 17 - Sólheimar		■		30 Brimslóð 10 - Gamla Sláturnhúsið		■	
15	Brekkubyggð 2 - Melshús		■		30 Brimslóð 12 - Útihús	■		
16	Hnjúkabyggð 4 - Hreppshús			■	31 Brimslóð 14 - Kristófershús		■	
17	Blöndubyggð 1		■		32 Blönduóskirkja gamla	■		

Alls eru húsin 34. Samtals: 14 byggingar eru friðaðar, þ.a. er kirkjan og Hillebrandtshús friðuð skv. 1. mgr. 36. gr. þjóðminjalaga nr. 88/1989 og 12 hús að auki (sum að hluta) skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012, og fara í bláan flokk.  
Lagt er til að samtals 16 hús verði vernduð í rauðum flokki og 4 hús í gulum flokki

		A
1	Árbraut 31 - Kvennaskólinn	
2	Brautarhvammur - Elsta kaupfélagshúsið	
3	Húnabraut 35 - Gamla kaupfélagshúsið	

**FLOKKUR A:**

Húsið er friðað skv. lögum um menningarminjar nr. 80/ 2012 eða skv. 1, mgr. þjóðminjalaga nr. 88/1989 (blár flokkur)

**SVÆÐI 2 - KVENNASKÓLINN**

Á lóð Kvennaskólans fellur gamla skolabyggingin frá 1911 undir þjóðminjalög bæði vegna aldurs og þess að Einar Erlendsson hannaði byggininguna. Í bréfi frá Frosætisráðneytinu, sem dagsett er 19. desember 1914 segir að Alþingi hafi veitt styrk á fjárlögum til viðgerða á skólahúsinu sjálfa, en að auki til viðgerða á einlyftum íbúðarhúsum og þjónustubyggingu, sem voru reist á lóðinni á sjöunda áratugnum, sjá bréf á bls. 124. Þetta verk hefur nú þegar verið hafið. Vitneskja hefur fengist nú nýverið um að eldra skólahúsið, sem brann, hafi staðið vestar og ofar á skólalóðinni. Rétt væri að láta athuga hvort einhverjar minjar eru þar, svo þær séu þekktar, ef raska þarf jarðvegi.

**SVÆÐI 3 – LÓÐ KAUPFÉLAGS HÚNVETNINGA – Húnabraut 35**

Á lóð Kaupfélagsins er nú eingöngu eitt hús, sem merkja skal í bláum flokki. Nauðsynlegt er að athuga svæðið nánar, því vel gæti verið að einhverjar minjar séu þar. Vont væri að vita ekki af þeim fyrr en um seinan. Segja má að fyrstu skrefin hafi reyndar verið tekin í þessari úttekt. Á Kaupfélags / Sláturhúsatorfunni staðnæmast menn við rýmið vestan við gamla Kaupfélagshúsið, en það virðist hafa alla burði til að geta orðið fallegt rými.

Elsta Kaupfélagshúsið, sem fór í Brautarhvamm á sínum tíma er í bláum flokki og hefur ekki áhrif á þetta svæði a.m.k. ekki að svo stöddu.



Minjastofnun  
Íslands

Reykjavík, 21. apríl 2015  
Tilvísun: 1624

Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál  
Austur-Húnnavatnssýslu  
Hnjúkabyggð 33  
540 Blönduósi

Kvennaskólinn á Blönduósi, kennarabústaður nr. 1, utanhlúsviðgerðir

Eins og fram kemur í bréfi Forsætisráðuneytisins til Blönduósbaðar 19.12. 2014 samþykkti Alþingi í fjárlögum fyrir árið 2015 að veita 20 milljóna kr. styrk til 1. áfanga viðgerðar húskosts Kvennaskólans á Blönduósi. Styrkurinn tekur til gamla skólahússins, kennarabústaða og þjónustuhúss á lóð skólans. Hluti styrksins var ætlæður til viðgerða á einlyfum íbúðarhúsum og þjónustubyggingu sem reist var á lóðinni eftir teikningum Guðrúnar Jónsdóttur og Knúts Jeppesen arkitekta á 7. áratug 20. aldar. Skal styrkurinn nýttur til viðgerða á ytra borði og gluggum hússanna, í bréfinu er vísað á Minjastofnun Íslands vegna eftirlits, samningsgerðar og útgreiðslu styrksins í samræmi við verklag stofnunarinnar.

Minjastofnun Íslands hefur á fundi 20.4.2015 mótttekið útbóðs- og verklýsingar Verkís og teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur arkitekts vegna utanhlúsviðgerðar á kennarabústað nr. 1. Árbraut 33, Blönduósi og vegna smíði og afhendingu glugga og hurða í sama hús. Viðgerðin miðast við að varðveita útlits- og hönnunarein kenni hússins, sem teknar var 1964. Í minnisblaði Minjastofnunar frá 26.6.2013 segir svo um varðveislugildi kennarabústaða við Árbraut 33 og 35: „Form þeirra og útlit fellur vel að umhverfinu og eru húsin tvö mikilvægur þáttur í heildarmynd staðarins. Þau eru með elstu verkum höfunda og hafa gildi sem góð dæmi um listræi einkenni þeirra verka og byggengiarlist síns tíma. ... Húsin hafa mikilvægi varðveislugildi og í ljósi þess ber að fara varlega í allar breytingar á þeim, jafn innan dyra sem utan.“

*Undirritaður hefur yfirfaríð ofangreind hönnunar- og útbóðsgögn vegna utanhlúsviðgerðar á Árbraut 33, Blönduósi. Þar er áhersla lögð á að varðveita þau útlitseinkenni og frágangsatriði sem einkenna byggengiarlist hússins. Engar athugasemdir eru gerðar við gögnin. Samþykki er veitt til að ganga frá samningi um útgreiðslu styrksins á grundvelli þeirra.*

F.h. Minjastofnunar Íslands

Pétur H. Ármannsson arkitekt, sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Afrit í tölvupósti :

Auðunn Ólafsson f.h. VERKÍS (ae@verkis.is)

Águst Þór Bragason f.h. og Byggðasamlags og Blönduósbaðar (agust@blonduos.is)


Guðrún Jónsdóttir arkitekt (tgj@tgj.is)

## LOKAORD

Minjastofnun Íslands / Húsafríðunarnefnd hefur styrkt þessa skýrslugerð og er þakkað fyrir þann stuðning af heilum hug.

Það er von okkar að skýrslan eflí trúna á Blönduós sem merkilegan stað, þar sem vernda þurfi þau menningarverðmæti, sem hér hafa verið til umfjöllunar. Þau eru einstök á heimsvísu.

Reykjavík, desember 2015

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Guðrún Jónsdóttir". The signature is written in a cursive style with some variations in letter height and thickness.

# HELSTU HEIMILDIR

---

## HELSTU HEIMILDIR

Fyrir utan þá heimildarmenn, sem getið er um í inngangi skulu hér tilgreindr nokkrar bækur, sem efni hefur verið tekið úr í sambandi við skýrslugeröina.

1. Bæirnir byggjast, útg. 1986 – höf.: Páll Líndal
2. Föðurtún, útg. 1950 – höf.: Páll V. G. Kolka
3. Húnaþing, útg. 1975 – höf.: margir - / Kafli um Blönduós - höf.: Pétur Sæmundsen
4. Herseta á ströndum og Norðurlandi vestra, útg. Forlagið 2015 – höf.: Friðþór Eydal
5. Íslensk byggingarárfleifð 1, útg. 1998 – höf.: Hörður Ágústsson
6. Aðalskipulag Blönduóss 1993-2013 ásamt heimildaskrá

Embættismenn staðarins hafa verið heimildarmenn okkar um marga hluti og hjálplegir í hvívetna.